

LÖGREGLUNÁM Á ÍSLANDI

Skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögreglunámi

Júní 2015



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Innanríkisráðuneytið

Júní 2015

ISBN 978-9979-884-58-3

EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	3
1. Inngangur	5
2. Hlutverk og vinna starfshópsins	6
3. Staða lögreglumenntunar í dag	9
4. Þarf að breyta lögreglumenntun?	11
4.1 Hlutverk lögreglu samkvæmt lögum og reglum	11
4.2 Umsagnir hagsmunaaðila	12
4.3 Könnun meðal lögreglumanna	13
4.4 Áætlanir	16
4.5 Lögreglumenntun á Norðurlöndunum	17
4.6 Erlent samstarf á sviði menntunar	19
4.7 Ályktanir	22
5. Tillaga að inntaki og skipulagi lögreglumenntunar	22
5.1 Mennta- og starfsþróunarsetur	23
5.2 Skipulag og umgjörð háskólanáms í lögreglufræði	25
5.3 Hugmynd að innihaldi lögreglufræða á háskólastigi	28
Lokaorð	30
Viðauki I: Hugmynd að innihaldi lögreglufræða á háskólastigi	32
Viðauki II: Frekari niðurstöður úr könnun meðal lögreglumanna	53
Viðauki III: Námsvísir Lögregluskóla ríkisins	63
Viðauki IV: Umsagnir hagsmunaaðila	88
Bréf innanríkisráðuneytisins til hagsmunaaðila	88
Ákærendafélag Íslands	90
Barnaverndarstofa	94

Félag yfirlögregluþjóna	96
Logi Kjartansson	99
Lögmannafélag Íslands	108
Mannréttindaskrifstofa Íslands	109
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	111
Ríkissaksóknari	112
Samgöngustofa	115
Samkeppniseftirlitið	116
Samtökin '78	117
Stígamót	118

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður eru að lagt er til að sett verði á stofn mennta- og starfsþróunarsetur löggæslunnar. Tilgangur þess yrði að þjóna löggæslu- og ákærvaldsstofnunum með öflugri menntun og þjálfun starfsmanna svo þeir geti tekist á við verkefni sín af aukinni færni og í samræmi við kröfur samtímans hverju sinni. Hlutverk mennta- og starfsþróunarsetursins yrði einnig að efla hæfni lögreglumanna með því greina þarfir grunn- og framhaldsmenntunar í breytilegu samfélagi og stuðla um leið að markvissri og öflugri símenntun.

Hlutverk mennta- og starfsþróunarseturs væri jafnframt að þjónusta yfirvöld löggæslumála sem tengiliður við þá sem vinna að ákæru- og löggæslustörfum og vera í samskiptum við fræðasamfélagið. Tilgangurinn er að efla þróun og fagmennsku innan löggæslunnar.

Mennta- og starfsþróunarsetrið hefði með höndum yfirumsjón með samningi við menntastofnun um grunnnám í lögreglufræðum og skipulagningu og umsjón með verknámi og starfsþjálfun lögreglunema. Það hefði jafnframt því hlutverki að gegna að greina þarfir á fræðslu og kynningu á námsframboði. Þá sæi það um samstarf við hagsmunaaðila, aðra fræðsluaðila til að auka fjölbreytt námsframboð fyrir löggæslu og erlenda háskóla, sem og Evrópska lögregluskólann (CEPOL), Landamærastofnun Evrópu (Frontex) o.s.frv.

Loks væri hlutverk mennta- og starfsþróunarsetursins að stuðla að vísindalegum rannsóknum og hagnýtingu þeirra fyrir störf lögreglu.

Lagt er til að grunnnám fyrir lögreglu verði tvö ár, miðað við fullt nám (120 ECTS einingar), sem lýkur með diplómaprófi á háskólastigi og veitir starfsréttindi á grunnstarfsstigi lögreglumanns. Til þess að verða lögreglufræðingur þarf að ljúka einu ári til viðbótar (60 ECTS einingar) sem lýkur þá með bakkalárprófi. Samspil fræðilegs og verklegs náms er afar mikilvægt og því verður að stefna að blönduðu námi. Ákveðnum áföngum yrði raðað niður á annir og öðrum raðað niður í lotur í samspili við nám á vettvangi. Þá er mikilvægt að nýta upplýsingatækni til fjarnáms þegar það á við.

Gert er ráð fyrir að náminu verði skipt í lotur sem þurfa ekki endilega að vera jafnlangar (fyrirkomulag sem þekkist víða í háskólum hér á landi). Fyrsta lota námsins er bókleg en strax í annari lotu er byrjað að kenna ýmsa verkþætti samhliða bóklegri kennslu. Það er gert til að nemendur hljóti aukna færni í verklegum þáttum og nái betri tengingu milli fræðilegra kenninga og verklegra aðgerða. Verklegar æfingar eru skipulagðar sameiginlega af hálfu viðkomandi háskóla og mennta- og starfsþróunarseturs löggæslunnar.

Lögreglustörf eru að stórum hluta verklegar athafnir sem byggðar eru á fræðilegum ákvörðunum. Því er samspil bók- og verknáms mikilvægt. Við skipulag námsins er rétt að líta til námsgreina eins og t.a.m hjúkrunarfræði og íþróttufræði þar sem þessir tveir þættir eru nátengdir. Í upphafi þarf að kynna fræðilegar forsendur helstu þátta og í framhaldinu er nauðsynlegt að þjálfra beitingu þeirrar þekkingar sem aflað hefur verið.

Vegna þess hvers eðlis störf lögreglu eru munu nemendur ekki hafa til að bera fulla færni í verklegum þáttum að námi loknu. Þá þurfa allir lögreglumenn, líkt og aðrar fagstéttir, að þjálfra og æfa samhliða störfum sínum. Þar af leiðandi er vert að ígrunda vel að skipuleggja þriðja árið með vinnu og gera ráð fyrir að kennsla og þjálfun á þeim þáttum sem allir

lögglumenn þurfa að sinna reglulega sé framkvæmd samhliða. Má þar nefna þætti eins og skotvopnaþjálfun, akstursþjálfun, handtökuæfingar, samskipti við mismunandi aðila o.s.frv. Meta þarf í þessu sambandi í hverju grunnnámið muni felast og hvaða símenntun löggæsluembættin muni standa fyrir í samvinnu við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar.

1. Inngangur

Eitt af grunnhlutverkum ríkisvaldsins er að halda uppi lögum og reglu, tryggja öryggi almennings, samfélagsins og ríkisins. Byggir þetta hlutverk á virðingu fyrir mannréttindum, réttaröryggi og lýðræðislegum grundvallarreglum. Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu þess orðs og gegnir lykilhlutverki í öryggis- og viðbragðskerfi þjóðarinnar. Valdið, sem lögreglu er fengið lögum samkvæmt, er afar mikið og það verður að umgangast af fagmennsku og virðingu.

Menntun lögreglumanna er lykilþáttur í bættri löggæslu. Mikilvægt er að menntunin svari ávallt kröfum samtímans um almannaoöryggi og sé sambærileg stöðu menntunarmála lögreglu í Evrópuríkjum, einkum á Norðurlöndunum.

Eðli og umfang lögreglustarfsins hér á landi og annars staðar hefur tekið miklum breytingum á undanfönum áratugum. Ræður þar mestu tækniþróun og alþjóðavæðing sem hafa haft í för með sér – og munu áfram hafa – ný úrlausnarefni sem þarf að sinna svo unnt sé að tryggja almannaoöryggi. Störf lögreglunnar eru orðin erfiðari og margslungnari en fyrr.

Ógnir gagnvart netöryggi, vöxtur skipulagðrar glæpastarfsemi og vaxandi ógn vegna hryðjuverka eru þær hættur sem Evrópuríki líta helst til og kalla á fjölbreytta þekkingu og þjálfun lögreglumanna. Þátttaka íslensku lögreglunnar í alþjóðlegu samstarfi lögreglu er sífellt mikilvægari og verður þekking og þjálfun að vera í takt við þær kröfur sem gerðar eru í öðrum ríkjum. Reglulega verður að gera faglegar greiningar og mat á hættu og ógnum sem steðja að íslensku samfélagi og lögreglan verður að geta tileiknað sér nýjungar í rannsóknum á sakamálum, ekki síst á meintum glæpum á netinu og í tengslum við efnahagsbrot o.fl.

Markmiðið í menntunar- og þjálfunarmálum lögreglunnar er að tryggja að lögreglan búi yfir þeim styrk að hún geti á hverjum tíma tekist á við mikilvægustu verkefni sín; að tryggja réttaröryggi borgaranna og grundvallarhagsmuni ríkisins. Mikilvægt er að lögreglan hafi góða þekkingu á þeim kröfum og leggi sig fram í hvívetna við vandasöm störf.

Í skýrslu þessari eru kynntar tillögur um framtíðarfyrirkomulag lögreglunáms hér á landi. Í öðrum kafla er fjallað um störf starfshópsins og í þriðja kafla er fjallað um stöðu lögreglunáms í dag. Í fjórða kafla er greint frá þeim þáttum sem komu til skoðunar hjá starfshópnum til að meta framtíðarskipan lögreglumenntunar og innihald og í fimmta kafla er fjallað um tillögur starfshópsins um inntak og skipulag námsins.

Starfshópurinn var skipaður eftirtöldum einstaklingum: Vilhjálmí Árnasyni, alþingis-
manni, sem jafnframt var formaður, Silju Dögg Gunnarsdóttur, alþingismanni, Sigríði
Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, Karli Gauta Hjaltasyni,
skólustjóra Lögregluskóla ríkisins, Ólafi Erni Bragasyni, fulltrúa ríkislögreglustjóra,
og Frímanni Birgi Baldurssyni, fulltrúa Landssambands lögreglumanna. Þá starfaði
með hópnum Margrét Kristín Pálsdóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu.

2. Hlutverk og vinna starfshópsins

Í lok febrúar 2015 skipaði innanríkisráðherra starfshóp til að endurskoða innihald lögreglunáms hér á landi. Verkefnið er liður í heildarendurskoðun lögreglumenntunar sem unnin er á vegum innanríkisráðuneytisins.

Aðdraganda þess að starfshópurinn var skipaður má rekja til þess að þann 22. maí 2014 samþykkti Alþingi frumvarp til breytingar á lögreglulögum, sem varð að lögum nr. 51/2014. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum skipaði innanríkisráðherra starfshóp til þess að endurskoða skipulag og starfsemi Lögregluskóla ríkisins og gera tillögu að framtíðarskipan lögreglumenntunar.

Niðurstöður fyrri starfshóps um framtíðarskipan lögreglumenntunar

Starfshópurinn skilaði skýrslu með tillögum að framtíðarskipan lögreglumenntunar 15. september 2014.¹

Megintillögur starfshópsins voru þær að grunnnámi lögreglumanna yrði útvístað til menntastofnana á háskólastigi með þjónustusamningum. Lögregluskóli ríkisins (LSR) héldi stöðu sinni sem sjálfstæð eining en yrði breytt í fræðslu- og rannsóknarsetur sem hefði með höndum þróun og uppbyggingu lögreglunáms. Starfshópurinn lagði til að grunnmenntun lögreglumanns yrði tveggja ára bóklegt nám og eins árs starfsnám sem lyki með bakkalárgráðu. Þá lagði hópurinn til að hugað yrði að frekari menntun í kjölfar bakkalárgráðu sem lyki með meistarárgráðu.

Skipan og verkefni seinni starfshóps um innihald lögreglunáms

Með skipan seinni starfshópsins var lögð áhersla á það samfélagslega markmið að menntun lögreglumanna svaraði kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu. Ákvarðanir um innihald lögreglunáms verði teknar með upplýstum og faglegum hætti svo að sérstaða námsins og hagsmunir lögreglunnar verði ekki fyrir borð bornir.

Starfshópurinn var skipaður eftirtöldum einstaklingum: Vilhjálmí Árnasyni, alþingis­manni, sem jafnframt var formaður, Silju Dögg Gunnarsdóttur, alþingis­manni, Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, Karli Gauta Hjaltasyni, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, Ólafi Erni Bragasyni, fulltrúa ríkislögreglustjóra, og Frímanni Birgi Baldurssyni, fulltrúa Landssambands lögreglumanna. Þá starfaði með hópnum Margrét Kristín Pálsdóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu.

Hlutverk starfshópsins var m.a. að fara yfir innihald lögreglunáms hér á landi, bæði með tilliti til grunn- og framhaldsnáms. Hópurinn skyldi leggja fram tillögur um með

¹ Sjá skýrslu starfshóps um framtíðarskipan lögreglumenntunar á Íslandi; <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2014/Tillogur-ad-framtidarskipan-logreglumenntunar-a-Islandi.pdf>

hvaða hætti efla megi námið þannig að það taki mið af þörfum samfélagsins og sé samræmt við þær aðgerðaáætlanir sem fyrir liggja hverju sinni. Nánar tiltekið var það hlutverk nefndarinnar að skila greinargerð þar sem eftirfarandi kæmi fram:

- Tillögur að innihaldi lögreglunáms, endurskoðun á núverandi námskrá, þ.e. grunnnámi og framhaldsnámi, svo og sérhæfðri þjálfun
- Tillögu um hvernig beri að endurskoða námskrána reglulega m.t.t. þarfa samfélagsins og stefnu stjórnvalda í þeim málum sem snerta störf lögreglu
- Stutt samantekt á stöðunni á a.m.k. tveimur Norðurlöndum
- Samantekt um kosti alþjóðasamstarfs fyrir menntun lögregluþjóna, s.s. á vettvangi Evrópska lögregluskólans (CEPOL) og Evrópsku landamærostofnunarinnar, Frontex
- Tillögur um hvernig skipuleggja megi og halda utan um að þeir sem sækja alþjóðleg námskeið miðli þekkingu sinni til félaga sinna hérlendis
- Tillögur er lúta að því hvaða hlutum námsins beri að útvista

Starfshópurinn hittist á sínum fyrsta fundi 27. febrúar 2015 og hélt samtals 14 fundi. Auk þess voru haldnir óformlegir vinnufundir. Hópurinn taldi mikilvægt að leita víða fanga um hverjar kröfur og væntingar samfélagsins væru til hæfni og fagmennsku lögreglunnar. Því var óskað eftir umsögnum ýmissa hagsmunaaðila um áherslur og tillögur að bættu námi. Margar góðar og gagnlegar umsagnir bárust, líkt og síðar verður vikið að. Þá var höfð til hliðsjónar skýrsla starfshóps ríkislögreglustjóra (RLS) um tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglu.²

Hópurinn fékk jafnframt fjölda aðila á sinn fund og sérstaka kynningu frá Lögregluskóla ríkisins um starfsemi skólans. Auk þess kynnti *Iðan fræðslumiðstöð* starfsemi sína og uppbyggingu, en hlutverk setursins er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. Þá fundaði starfshópurinn með formönnum landssambanda lögreglumanna á Norðurlöndum sem voru staddir á fundi hér á landi.

Formennirnir tjáðu sig um þá þætti sem þeir töldu mikilvægasta varðandi menntun lögreglumanna og um tilhögun í hverju landi fyrir sig. Á hinum Norðurlöndunum er alls staðar boðið upp á lögreglunám í háskólum eða í sérstökum lögregluskólum á háskólastigi. Formennirnir hvöttu starfshópinum sérstaklega til að samræma eins og kostur er grunnnám lögreglumanna hérlendis við það nám sem nú tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Eins og áður sagði lagði starfshópurinn ríka áherslu á að greina kröfur og væntingar samfélagsins til hæfni lögreglunnar. Þá taldi hópurinn ekki síður mikilvægt að kanna hver afstaða starfsmanna lögreglu sjálfra væri til innihalds lögreglunámsins. Var því

² Skýrsla starfshóps ríkislögreglustjóra (RLS) um tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglu; <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/06/Skýrsla-starfshóps-um-tillögur-að-samþættingu-kynja-og-jafnréttissjónarmiða.pdf>

ákveðið að leggja könnun fyrir starfandi lögreglumenn þar sem gerð var greining og úttekt á starfi almennra lögreglumanna. Ólafur Örn Bragason, Tjörvi Einarsson og Ólafur Kári Júlíusson unnu verkefnið og verða niðurstöður könnunarinnar reifaðar í kafla 4.3.

Sérfræðingur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Þórir Ólafsson, hélt kynningu fyrir starfshópinn um helstu hugtök og kröfur menntakerfisins til náms. Ása Björk Stefánsdóttir, kennslufræðingur við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, var jafnframt fengin til að aðstoða starfshópinn. Vinna hennar fólst í að greina kennslufræðilega þætti og hæfniviðmið, vinna úr upplýsingum og gera greiningu á mögulegri framsetningu námsins.

3. Staða lögreglumenntunar í dag

Ákvæði um Lögregluskóla ríkisins er að finna í 8. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, með síðari breytingum. Þar kemur m.a. fram að lögbundið hlutverk skólans sé að starfrækja gunnnámsdeild og framhaldsdeild, að vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni. Lögregluskólinn er metinn á þriðja til fjórða menntaþrep, þ.e. á framhaldsskólastigi og á stigi milli framhaldsskóla og háskóla. Inntökukröfur hafa verið tveggja ára nám í framhaldsskóla eða sambærilegt iðnnám. Þeir sem útskrifast hafa fengið námið metið til tæplega 60 eininga á framhaldsskólastigi, en þær hafa ekki nýst nema að mjög takmörkuðu leyti til að stytta sér leið í öðru námi og enn síður á háskólastigi.

Alls starfa 11 starfsmenn við skólann. Skólastjóri er jafnframt einn af lögreglustjórum landsins og er skipaður af ráðherra. Tveir yfirlögregluþjónar stýra sinni deildinni hvor. Að auki eru starfandi við skólann 6 lögreglufulltrúar sem eru lögreglumenntaðir. Tveir starfsmenn eru með meistaragraðu frá háskóla. Flestir hafa lokið stjórnunarnámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Loks starfa tveir almennir starfsmenn við skólann.

Undanfarin ár hafa grunnnámsnemar stundað nám í 12 mánuði, þar af fjóra mánuði í starfsnámi hjá lögregluembættunum. Síðasti hópurinn útskrifaðist í desember 2014 og voru ekki teknir inn namar í janúar 2015 til þess að skapa svigrúm til heildarendurskoðunar á náminu. Nú er aftur á móti ætlunin að taka inn nema í haust sem munu þá útskrifast haustið 2016. Í grunnnámsdeild sinna fastir starfsmenn kennslunni, að frátöldum nokkrum stundakennurum sem kenna einkum í lögfræðigreinum, sálfræði og íslensku.

Framhaldsdeildin býður upp á fjölda námskeiða fyrir starfandi lögreglumenn og er lengd þeirra allt frá því að vera partur úr degi og upp í fjórar vikur. Ákvarðanir um námskeið eru teknar af yfirstjórn skólans, en sérstakur ráðgjafahópur fer yfir þörfina. Námskeiðin eru skipulögð af skólanum og haldin í samráði við fagaðila bæði innan og utan lögreglu.

Á hverri önn stunda nokkur hundruð lögreglumenn nám í framhaldsdeildinni og má nefna að á vorönn 2015 sóttu um 700 lögreglumenn námskeið í deildinni. Er það jafngildi þess að hver einasti lögreglumaður á landinu hafi setið meira en tvo daga á námskeiði í skólanum sl. vor.

Starfsnámið er fjórir mánuðir og fer fram hjá lögregluembættum landsins. Á undanförunum árum hefur starfsnámið farið fram á sumrin og nemarnir þá gegnt afleysingum í viðkomandi lögregluliði. Umsjón með starfsnáminu hefur verið æði misjafnt milli lögregluliða og lengi hefur legið fyrir að efla þyrfti starfsnám lögreglunema, gera það markvissara og efla eftirfylgni og eftirlit með því.

Það hefur verið almenn skoðun í skólanum, og valdið óánægju, að grunnnám lögreglumanna sé of stutt. Kennurum hefur fundist að námsefnið væri of mikið til að hægt sé að fara yfir það allt miðað við núverandi lengd námsins. Námið í dag veitir

Því ekki nægjanlegan undirbúning undir það mikilvæga starf sem nemarnir eru að mennta sig til.

Þá hefur skólinn ekki sinnt því hlutverki sínu að vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum þrátt fyrir að vera ætlað það hlutverk skv. 2. mgr. 36. gr. lögglulaga nr. 90/1996.

4. Þarf að breyta lögreglumenntun?

Hlutverk starfshópsins var að endurskoða innihald lögreglunáms á Íslandi með það að markmiði að menntun lögreglumanna svari ávallt kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu. Ákvarðanir um innihald lögreglunáms verði teknar með upplýstum og faglegum hætti svo að sérstaða lögreglunáms og hagsmunir lögreglunnar verði ekki fyrir borð bornir. Í því skyni lagði starfshópurinn ríka áherslu á greiningu í samræmi við verkefnisáætlun:

1. Grunnþjónustu lögreglunnar, þ.e. lögbundin verkefni lögreglunnar
2. Kröfur og væntingar samfélagsins til hæfni lögreglu. Með það að markmiði var óskað eftir umsögnum hagsmunaaðila
3. Afstöðu lögreglu til innihalds lögreglunámsins. Í þeim tilgangi var lögð fyrir könnun þar sem gerð var greining og úttekt á starfi almennra lögreglumanna
4. Farið yfir þær áætlanir stjórnvalda sem kveða á um inntak lögreglumenntunar
5. Innihald lögreglunáms í Danmörku og Finnlandi
6. Kosti alþjóðasamstarfs á sviði lögreglumenntunar, s.s. Evrópska lögreglu-skólans (CEPOL)

4.1 Hlutverk lögreglu samkvæmt lögum og reglum

Árið 2009 gerði embætti ríkislögreglustjóra skýrslu þar sem leitast var við að skilgreina grunnþjónustu lögreglunnar. Samkvæmt henni voru greind 527 verkefni lögreglu út frá lögum, reglugerðum, samningum, áherslum stjórnvalda o.fl. Þar af falla 384 undir grunnþjónustu lögreglunnar og 143 undir stoðþjónustu. Í þessari samantekt verður vikið að helstu verkefnum en hafa ber í huga að ekki var verið að meta vægi verkefna, heldur sýnir umfjöllun skýrslunnar hversu fjölbreytt hlutverk lögreglunnar er.

Verkefni sem falla undir grunnþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast beint eða óbeint hlutverki hennar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga.

Hlutverk almennrar lögreglu er að vera til staðar með viðbragðssveit sem sinnir útköllum. Þess á milli sinnir hún skilvirku eftirliti og frumrannsóknnum mála með það að leiðarljósi að ljúka sem flestum málum í framhaldi af fyrstu afskiptum lögreglumanna. Umferðarmál eru meðal umfangsmestu verkefna almennrar löggæslu en markmiðið með umferðarlöggæslu er sýnileiki í umferðinni og markviss vinnubrögð til að fækka umferðaróhöppum og slysum og auka öryggi. Almenn lögregla er framvarðarsveit lögreglunnar hverju sinni og gegnir veigamesta hlutverkinu í grunnþjónustu hennar.

Rannsókn refsiverðra brota er jafnan í höndum lögreglu í því umdæmi þar sem þau eru framin. Lögreglan annast rannsókn brota í samráði við ákærendur. Brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, nema það falli í hlut ríkislögreglustjóra skv. lögreglulögum nr. 90/1996. Ráðherra setur nánari reglur

samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra og um rannsóknaraðstoð.

Lögregla starfrækir ýmsar sérhæfðar deildir sem krefjast sérstakrar þjálfunar, t.d. tæknideild, landamæraeftirlit, alþjóðadeild, almannavarnadeild, fjarskiptamiðstöð, greiningardeild og sérsveit. Taka þarf tillit til þessara ólíku hlutverka við þjálfun lögreglumanna í framhaldsnámi.

Önnur hlutverk lögreglu sem falla undir grunnþjónustu eru ákæru- og saksóknarhlutverk hennar, eftirlitshlutverk sbr. f-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga og ýmis skylduverkefni lögreglustjóra svo sem kærúmttaka, stjórnsýsla, útgáfa leyfa, skilríkja og heimilda.

Verkefni sem falla undir stoðþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast að takmörkuðu leyti hlutverki hennar eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Þar má nefna verkefni á borð við afgreiðslu og umsýslu verkefna, bílamiðstöð, fjármál og rekstur, innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar, Lögregluskóla ríkisins, starfsmannamál, tölvudeild ríkislögreglustjóra, upplýsingamál og afbrotagreiningar, verkefni lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra.

4.2 Umsagnir hagsmunaaðila

Starfshópurinn taldi mikilvægt að afla fanga sem víðast og leita upplýsinga um hverjar kröfur og væntingar samfélagsins væru til hæfni og fagmennsku lögreglunnar svo menntun lögreglumanna myndi svara kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu. Var því sent bréf til 27 hagsmunaaðila og þess farið á leit að umsögn yrði skilað til starfshópsins þar sem áherslur umsagnaraðila um menntun lögreglu kæmu fram. Alls bárust 12 umsagnir og snertu þær marga ólíka þætti. Þar á meðal var fjallað um þau viðfangsefni sem þurfi að fá aukið vægi í samræmi við þróun samfélagsins. Umsagnirnar voru nýttar við gerð starfagreiningar á löggæslunni og mótun annarra tillagna í skýrslu þessari.

Helstu atriði sem komu fram hjá hagsmunaaðilum voru:

- Mikilvægi mannglegra þátta og góðra samskipta
- Fjölmenningarleg kennsla og fræðsla um málefni innflytjenda
- Námið stuðli að jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna innan lögreglunnar
- Lögreglumenn fái góða fræðilega og hagnýta innsýn í lagaumhverfið
- Þekking á mannréttindum og öðrum réttindum borgaranna og færni til beita þeim við störf sín
- Þekking á sakamálarétti og refsirétti
- Þekking á starfsemi samstarfsaðila lögreglu ásamt kynningu á þeim lögum og reglum sem þarf að vinna eftir og samstarfi á vettvangi
- Þekking á samgöngum og samgönguöryggi
- Löggæslunám verð fært til samræmis við það sem þekkist á hinum Norður-löndunum
- Lögð verði áhersla á nútímalega, framsækna og vel menntaða löggæslu
- Boðið verði upp á háskólanám í lögreglufræðum

- Þekking á ýmsum mikilvægum málaflokkum, til dæmis tengda börnum og þeim aðferðum, úrræðum og lausnum sem til staðar eru til að nálgast mismunandi aðila og viðfangsefni
- Þekking á alþjóðalegum skuldbindingum
- Að lögreglan búi yfir vel menntuðum og þjálfuðum lögreglumönnum
- Námið henti fjölbreyttum hópi fólks með fjölbreyttan bakgrunn, af báðum kynjum, á mismunandi aldursskeiðum og alls staðar að af landinu. Fjarnám og hækkun hámarksaldurs til lögreglunáms var nefnt sem úrræði á því sviði
- Framhaldsnám verði elft
- Góð þekking á skráningu og vörslu skjala og annarra gagna
- Nýta rannsóknir og aðrar upplýsingar til úrbóta
- Hagsmunaaðilar voru reiðubúnir að koma að námi lögreglumanna

Sjá má allar umsagnirnar í viðauka IV en í þeim er að finna mikilvægar ábendingar um hvernig þróa beri lögreglunámið.

4.3 Könnun meðal lögreglumanna

Í maí 2015 gerðu Tjörvi Einarsson, Ólafur Kári Júlíusson og Ólafur Örn Bragason könnun, þar sem leitað var eftir viðhorfum lögreglumanna til þess náms er þeir luku í Lögregluskóla ríkisins. Spurt var hvernig námið hefði reynst sem undirbúningur fyrir starfið og auk þess um einstaka verkefni lögreglustarfsins. Spurt var um tíðni og mikilvægi mismunandi verkþátta og erfiðleika við að læra hvern verkþátt. Alls hófu 386 lögreglumenn að svara könnuninni en einungis 161 lauk henni. Stóran hluta brottfallsins má rekja til villu í kannanakerfinu. Þar sem mjög misjafnt er hversu mörg svör eru á bak við hverja spurningu er fjöldi svarenda birtur í hverri spurningu eða spurningaklasa fyrir sig. Hér verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar í þremur þáttum: 1) mat þátttakenda á námstíma sem varið er í núverandi námsþætti í Lögregluskóla ríkisins, 2) kjarnaþætti starfsgreiningar 3) og loks kosti eða hæfni sem þátttakendum þótti mest um vert að hafa til að bera til að geta sinnt starfi sínu á sem áhrifaríkastan hátt.

Mat á núverandi reglugerð um Lögregluskóla ríkisins

Þátttakendur voru beðnir um að meta hvort tilteknir námsþættir í reglugerð um Lögregluskóla ríkisins fengju nægan tíma í grunnnámi. Mat þátttakenda var að ekki ætti að verja minni tíma í neinn námsþátt. Þeir töldu að hæfilegum tíma væri varið í flesta þætti (22 þætti) og að meiri tíma ætti að verja í 11 þætti. Þrátt fyrir að þátttakendur teldu að námið hefði almennt veitt góðan undirbúning undir lögreglustarfið töldu þeir að námið væri of stutt og að auka mætti þjálfun á tilteknum sviðum.

Hæfilegur tími	Meiri tími
Stafsetning og málfræði (67%)	Sjálfsvarnar- og handtökuaðferðir (74%)
Reglur og samþykktir, þar sem gert er ráð fyrir afskiptum, eftirliti eða stjórnun af hálfu lögreglu (57%)	Meginatriði sem lúta að framkvæmd lögreglustarfa (72%)
Sérlög (55%)	Færni í mannlegum samskiptum (81%)
Lögreglulög (60%)	Vettvangsvinna og verndun vettvangs (73%)
Umferðarlög og helstu reglur sem gilda samkvæmt þeim (59%)	Sálfræði (48%)
Erlend tungumál (48%)	Þjálfun (73%)
Lögfræði (51%)	Slysa hjálp (61%)
Vímuefni og virkni þeirra (54%)	Lögreglufraeði (51%)
Stjórnarskrá Íslands (71%)	Lögreglurannsóknir (75%)
Rétt fingrasetning á lyklaborði (48%)	Lögreglutæki (58%)
Mannréttindalöggjöf (60%)	Hagnýt sálfræði (57%)
Lögreglusiðir (63%)	
Að rita lipran texta (49%)	
Löggjöf sem lýtur að samfélaginu (60%)	
Innsýn í ýmsa þætti mannlífsins (54%)	
Að rita lögregluskýrslur (54%)	
Þrek og liðleiki (53%)	
Íslenska (60%)	
Saga, skipulag og uppbygging lögreglu hér á landi (61%)	
Íslenskt réttarfar (58%)	
Líkamsþjálfun (50%)	
Persónuréttur (57%)	

Stór hluti svarenda taldi að verja ætti meiri tíma í eftirfarandi verkþætti: lögfræði (42%), refsirétt og opinbert réttarfar (46%), að rita lipran texta (41%), þrek og liðleika (44%), íslenskt réttarfar (37%) og líkamsþjálfun (46%).

Líta verður til þessara vísbendinga við útfærslu framtíðarnáms lögreglumanna. Skýr skilaboð eru frá þátttakendum þess efnis að auka beri 1) þjálfun í mannlegum samskiptum og sálfræði, 2) vettvangsvinnu og rannsóknum brota, 3) slysa hjálp og sjálfsvarnar- og handtökuaðferðum. Einnig eru margir sem nefna lögfræðigreinar og skýrsluskrif. Í meðfylgjandi drögum að námskrá lögreglunáms má sjá að tekið hefur verið tillit til ofangreindra þátta og er vægi þeirra meira en í núverandi grunnnámi, bæði hvað varðar fræðilegar áherslur og umfang þjálfunar.

Kjarnaþættir starfsgreiningar

Í greiningu á verkþáttum lögreglustarfsins voru þátttakendur beðnir að meta 83 verkþætti á þremur fimmþunkta kvörðum, tíðni, mikilvægi og erfiðleika. Dregnir voru út 28 verkþættir sem taldir eru kjarnaverkþættir í starfi lögreglumanns. Þættirnir eru sambærilegir við niðurstöður rannsókna á störfum lögreglumanna erlendis. Helsti munurinn er að ríkari áhersla virðist vera á umferðarlöggæslu hér á landi.

Við skoðun á þeim kjarnaþáttum sem dregnir voru út má sjá að stór hluti þeirra eru atriði sem reyna á andlega hæfnisþætti, svo sem hugræna getu, árverkni, þolinmæði, samskipti og almenna sálfræðilega þekkingu. Athygli vekur að allir þeir verkþættir sem metnir eru algengastir eru einnig metnir mikilvægastir eða næst mikilvægastir. Mögulega benda þær niðurstöður til þess að tíðni verkefna hafi áhrif á mat lögreglumanna á mikilvægi þeirra.

Flestir kjarnaþættirnir eru til komnir vegna tíðni og eru verkþættir sem lögreglumenn sinna nánast daglega. Enginn þeirra var metinn sem ákaflega erfiður og einungis eitt atriði komst inn á lista yfir kjarnaverkþætti vegna erfiðleika en það er beiting skotvopna.

Alls voru 11 atriði metin það mikilvæg að þau urðu að kjarnaverkþætti. Hægt er að skipta þeim upp í þrjá þætti: Löggæslu eða þjónustu, persónulega þætti og öryggi eða valdbeitingu.

Löggæsla /þjónusta

- (16) Veita borgaranum þjónustu - sýna þjónustulund
- (2) Beita fyrstu hjálp
- (32) Afla sönnunargagna og tryggja þau
- (74) Kynna brotamönnum réttarstöðu sína
- (63) Aka bifreið í samræmi við umferðarlög og góð akstursviðmið

Persónulegir þættir

- (19) Stjórna eigin streitu
- (39) Viðhalda eðlilegri líkamshreysti
- (17) Taka þátt í símenntun - sækja símenntun / endurmenntun

Öryggi /valdbeiting

- (31) Viðhalda öruggu starfsumhverfi
- (58) Beita sjálfsvörn eða líkamlegum fjötrum á annan einstakling
- (69) Beita skotvopnum

Þegar rýnt er í þá kjarnaverkþætti sem komu fram má sjá að þeir byggjast fyrst og fremst á tíðni verkefnanna, en mikilvægi og erfiðleikastig þeirra virðast síður mikilvæg. Sú spurning vaknar hvort lögreglan bregðist við því sem kemur upp en sé

síður virk í því að skoða samfélagið, þróun þess og stöðu til að meta þörfina á starfsþróun.

Hugsanlega mætti bæta handleiðslu þegar lögreglumenn hefja störf, en samkvæmt niðurstöðunum er „þjálfá eða handleiða samstarfsmenn/lögreglunema“ verkþáttur sem fær hvorki háa einkunn í tíðni né mikilvægi. Verklegt nám í LSR hefur verið stutt um langa hríð og auk þess eru þeir sem eru starfandi lögreglumenn á götunni að jafnaði ekki með mjög langan starfsaldur (34,34% lögreglumanna eru með 0-5- ár; 28,83% 6-10 og 17,17% með 11-15 ár). Það leiðir af sér að lítt reyndir lögreglumenn handleiða þá sem eru nýútskrifaðir. Eins verður að telja líklegt að þeir sem eru með 6-10 ára starfsreynslu hafi verið í svipuðum sporum; að hljóta handleiðslu frá lítið reyndum félögum. Því er nauðsynlegt að auka verklega þjálfun lögreglunema í lögregluskólanum til að tryggja að þeir séu nægilega vel undirbúnir þegar þeir hefja störf sem sjálfstæðir lögreglumenn og séu hæfir til þess að veita sér yngri og óreyndari handleiðslu.

Þeir sem segja að nám í lögregluskólanum hafi búið sig vel eða ágætlega undir starfið eru eldri og með lengri starfsaldur en hinir. Þeir sem segja að skólinn hafi búið sig illa eða sæmilega undir starfið eru jafnan yngri. Það bendir til þess að þróun í starfinu hafi orðið hraðari en LSR hefur náð að fylgja. Breytingar í samfélaginu hafi verið meiri en tekist hefur að koma að í náminu. Einnig rennir það stoðum undir greininguna hér að framan að óreyndir lögreglumenn séu að segja hinum nýju til í starfi. Þeir eldri bjuggu að því að mun eldri og reyndari menn voru með þeim á vöktunum og gátu sagt þeim til og fengu því hugsanlega lengri „starfsþjálfun“ að lokinni útskrift. Í þá daga voru menn ekki stjórnendur lögreglubifreiðar eða vettvangs fyrr en eftir að hafa starfað um nokkurn tíma í lögreglu við hlið sér eldri manna.

Mikilvægir kostir fyrir lögreglustarfið

Þátttakendur voru spurðir um hverjir væru að þeirra dómi mikilvægir kostir eða hæfni til að geta sinnt almennu lögreglustarfi. Flestir sem kusu að svara þessari spurningu nefndu samskiptahæfileika (18%), ákvarðanatöku (15%), siðferði (13%), þekkingu á lögum og reglum (13%), auk starfsreynslu (12%) og líkamlegs ástands (11%). Þarna er um að ræða fjölbreytta þætti sem byggja bæði á þekkingu og þjálfun. Þjálfun á viðfangsefnum eins og samskiptafærni, ákvarðanatöku og siðferði úti á vettvangi tekur tíma og þarf að byggja á fræðilegum undirstöðum.

Með núverandi lengd grunnnáms við Lögregluskóla ríkisins (12 mánuðir) hefur ekki verið unnt að sinna þessum þáttum nema að takmörkuðu leyti. Lengja þarf bæði fræðilega og verklega þjálfun á ofangreindum sviðum til að viðbrögð á vettvangi verði í samræmi við gagnreyndar aðferðir. Einnig þarf að huga að ofangreindum þáttum við val á nemendum til grunnnámsins.

4.4 Áætlanir

Á undanförunum árum hafa verið unnar ýmsar áætlanir með það að markmiði að stuðla að bættu öryggi ríkisins og borgaranna. Í þessum áætlunum hefur alla jafna verið

vikið að menntunarmálum löggæsluáðila og sérstakar aðgerðir tilgreindar til að auka menntun lögreglu til samræmis við markmið þessara áætlana. Það er því mikilvægt að þeim áætlunum sé miðlað með örugnum hætti inn í lögreglunámið, hvort heldur sem er grunn- eða framhaldsnám.

Löggæsluáætlun er grundvallarstefna sem taka þarf mið af hverju sinni við skipulagningu á innihaldi lögreglunáms en jafnframt er mikilvægt að innleiða aðrar stefnur stjórnvalda svo að lögregla sé upplýst og tilbúin að framfylgja þeim. Það er því tillaga starfshópsins að allar stefnur stjórnvalda sem innihalda fyrirmæli um aukna menntun eða breyttar áherslur séu settar í viðeigandi farveg hjá mennta- og starfsþróunarsetri löggæslunnar, sbr. kafla 5.1.

Sem dæmi um mikilvæga stefnu má nefna net- og upplýsingaöryggisstefnu stjórnvalda 2015–2026 en þar er aðgerð 16 ætlað að tryggja trausta löggæslu á sviði net- og upplýsingaöryggis. Markmið þeirrar aðgerðar er að hæfni lögreglu til að fást við glæpi tengda net- og upplýsingaöryggi verði bætt með aukinni þekkingu og reynslu, ásamt öflugri innlendri og alþjóðlegri samvinnu og þeim búnaði sem til þarf. Fjallað er um hvernig þessum markmiðum skuli framfylgt. Þar segir m.a.:

„Mótuð verði „endurmenntunaráætlun“ til a.m.k. tveggja ára þar sem skipulagt er hvernig uppbygging þekkingar eigi að fara fram. Hún feli í sér hvers konar námskeið, æfingar, kynnisferðir og beina ráðgjöf/leiðsögn fyrir þann „kjarnahóp“ innan lögreglunnar sem bera mun hitann og þungann af verkefnum á þessu sviði. Við mótnun þessarar endurmenntunaráætlunar verði tekið mið af löggæsluáætlun þannig að aðgerðin falli einnig að þeirri áætlun.“

4.5 Lögreglumenntun á Norðurlöndunum

Hér er gerð grein fyrir lögreglunámi í Danmörku og Finnlandi. Ástæða þess að starfshópurinn skoðaði lögreglunám í þessum löndum er sú að námsskrá þar hefur nýlega verið endurskoðuð, árið 2015 í Danmörku og 2014 í Finnlandi. Lögreglunám hefur þó verið lengst á háskólastigi í Noregi, eða frá 1992.

Politiskolen í Danmörku

Lögreglunám í Danmörku er 180 ECTS eininga bakkalár háskólanám sem skipt er upp í fimm hluta. Hver hluti samanstendur af 2 x 11 vikum eða 3 x 11 vikum. Kennsla í bóklegum greinum fer fram í lögregluskólanum í Brøndby (Politiskolen) en verkleg kennsla hjá lögregluembættum. Alls er kennt í 132 vikur, 88 vikur eru bókleg kennsla en 44 vikur eru verkleg kennsla. Engin frí eru á milli anna en þar sem lögreglunemar eru á launum allan námstímann ávinna þeir sér orlof. Það geta þeir tekið í tengslum við þau tímabil sem falla undir verklegt nám.

Bóklega námið er að mestu lotunám sem lýkur með prófum eftir lok hverrar lotu. Hver lota er að jafnaði 11 vikur. Nokkur bókleg fög og verkleg/líkamleg þjálfun eru kennd allan námstímann. Sem dæmi má nefna skýrslugerð og fag sem nefnist *Politijura* þar sem fjallað er um réttarfar, lögreglurétt, refsirétt og einkamálarétt.

Starfsnámið fer sem fyrr segir fram utan skólans og eru gerðar ríkar kröfur til starfsþjálfara og lögregluembætta um skipulag þess.

Hluti 1 er kennsla í bóklegum greinum í lögregluskólanum. Áhersla er lögð á almenn lögreglufræði og grunn lögreglustarfsins þar sem nemi er búinn undir að geta leyst einföld verkefni og ýmsa verklega þætti, s.s. akstur með forgangi og valdbeitingu. Kennnt er í 33 vikur.

Hluti 2 er starfsnám þar sem neminn nýtir nýfengna þekkingu úr fyrsta hluta bóklega námsins. Alls er námstíminn 22 vikur og þurfa nemar m.a. að skila inn þremur verkefnum/ritgerðum og vinna eina viku að forvarnaverkefnum. Í starfsnáminu er neminn með tveimur starfsþjálfurum í 12 vikur áður en hann/hún getur gengið vaktir með öðrum lögreglumönnum. Í þessum áfanga er lögð aðaláhersla á almenna löggæslu.

Hluti 3 er bókleg kennsla. Þá er fjallað með ýtarlegri hætti um viðfangsefni lögreglunnar, flóknari mál og rannsóknir. Einnig er kennd siðfræði, afbrotafræði og stjórnskipunarréttur. Áfanginn stendur yfir í 22 vikur.

Hluti 4 er starfsnám hjá lögregluembætti. Í þessum áfanga er aðaláhersla lögð á rannsóknir mála og forvarnir. Kennnt er í 22 vikur.

Hluti 5 er síðasti hlutinn og er bóklegur. Boðið er upp á sérhæfðari kennslu í rannsóknnum á alvarlegri brotum, forvörnum, menningarlegum fjölbreytileika og refsirétti (hluti af faginu „Politijura“). Þá er enska kennd í 22 vikur. Kennnt er í 33 vikur en síðustu 11 vikunum er varið í lokaverkefni (BA-verkefni).

Finnski lögregluskólinn - Poliisiammattikorkeakoulu

Finnski lögregluskólinn hefur frá því í byrjun árs 2014 boðið upp á 180 ECTS eininga bakkalár háskólanám. Grunnnámið er þriggja ára nám til B.A. gráðu. Skólinn er ekki hluti af almenna menntakerfinu í Finnlandi en námið lýtur sömu hæfniviðmiðum og annað háskólanám. Bóknáminu er skipt upp í fjóra hluta: Almenna löggæslu (26 ECTS), eftirlits- og viðbragðslöggæslu (24 ECTS), forvarnir og rannsóknir (18 ECTS) og almannaöryggi (32 ECTS). Þar að auki er starfsnám (55 ECTS), valfög (10 ECTS) og lokaritgerð (15 ECTS).

Í hverjum hluta eru ákveðin grunnfög tengd þema áfangans sem gefa góða mynd af því sem fjallað er um, sem og sérfögum. Grunnfögin í náminu eru alls 19 einingar en sérfögin alls 81 eining.

Þau fög sem kennd eru við skólann eru ekki kennd í öðrum háskólum í Finnlandi en þau hafa verið löguð að hæfniviðmiðum skv. ákvæðum Bologna samkomulagsins um háskólanám.

Í hlutanum *almenn löggæsla* fer fram kennsla í fjarskiptum. Önnur fög eru sænska, enska, líkamsþjálfun, aksturstækni og valdbeiting.

Í hlutanum *eftirlit- og viðbragðslöggæsla* er kynning á eftirliti og viðbragðslöggæslu og kennsla í umferðaröryggi, vettvangsvinnu og aðgerðastjórnun.

Í hlutanum *forvarnir og rannsóknir* er kynning á forvörnum en að mestu eru kenndar rannsóknir í þessum hluta.

Í áfanganum *almannaöryggi* er kennt fag sem kallast „lögreglan, einstaklingurinn og samfélagið“. Þar er farið yfir hvers krafist er af lögreglunni og helstu kenningar í afbrotufræði. Einnig eru kennd helstu lög sem varða störf lögreglunnar, s.s. hegningarlög og sérrefsilög, opinbert réttarfar og einkamálaréttur. Þá er farið yfir grunnþætti í stjórnun lögreglu og hvernig hægt er að rannsaka og þróa störf hennar.

Valfög eru meðal annars ýmiss konar aðferðafræði, s.s. eigindlegar og meginlegar rannsóknir. Þá gefst kostur á Nordcop námsmannaskiptum, fræðslu um lögregluna á Norðurlöndum og námskeiði til meiraprófs. Einnig er í boði aukin enskukennsla, nám í forvirkum aðgerðum og samskiptum við hagsmunasamtök.

Í starfsnáminu sem er 55 einingar á nemandinn að kynnast sem flestum störfum lögreglu. Náminu er skipt niður í kynningu á lögreglustarfinu, almenna löggæslu, þjónustu við borgarann, útgáfu leyfa, eftirlits- og viðbragðslöggæslu, forvarnir og rannsóknir. Neminn skilar skýrslu um starfsnámið ásamt mati á eigin frammistöðu.

Samantekt

Lögreglunám í Danmörku og Finnlandi er 180 ECTS eininga bakkalár nám á háskólastigi, kennt í sérskólum. Auk hagnýtrar lögreglufraeði er áhersla á lögfræði og samfélagsgreinar. Verklegt nám er stór hluti af náminu, allt að einum þriðja. Íslenskt lögreglunám er bæði mun skemmra en lögreglunám í Danmörku og Finnlandi, auk þess sem það er á lægra menntastigi.

4.6 Erlent samstarf á sviði menntunar

Mikilvægt starf fer fram á alþjóðavettvangi á sviði menntunarmála lögreglu. Til þess að íslensk lögreglulið geti brugðist við breyttum aðstæðum í skipulagðri brotastarfsemi er mikilvægt að lögreglan nýti sér erlent samstarf vel. Þannig hafa íslenskir lögreglumenn sótt ýmis námskeið hjá erlendum löggæslustofnunum, s.s. bandarísku alríkisþjónustunni (FBI). Þá er Ísland aðili að ýmsu alþjóðasamstarfi, s.s. á vettvangi Evrópska lögregluskólans (CEPOL) og hjá Landamærastofnun Evrópu (Frontex).

Evrópski lögregluskólinn (CEPOL)

Að frumkvæði þáverandi dómsmálaráðherra var samstarfssamningur milli Lögregluskóla ríkisins (LSR) og CEPOL undirritaður þann 27. júní 2006. Ekki var um formlegan samning að ræða fram að þeim tíma en Ísland hafði samt átt þess kost að senda yfirmenn í lögreglu á námskeið á vegum skólans allt frá árinu 2002.

CEPOL var stofnað með ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins þann 22. desember árið 2000 og tók formlega til starfa 1. janúar árið 2001. Meginmarkmið

með stofnun skólans var að veita yfirmönnum í lögreglu (*Senior Police Officers*) menntun og fræðslu. Skólinn hafði í fyrstu aðsetur í Kaupmannahöfn og aðeins óformlega stöðu innan ESB (Ad Hoc). Þann 1. janúar 2006 fékk skólinn hins vegar formlega stöðu (*Agency of the European Union*) og starfsemin var flutt til Bramshill í Englandi.

Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB (No 543/2014) sem tók gildi 15. september 2014 var hlutverki CEPOL breytt með það fyrir augum að innan tiltekins tíma yrði það ekki aðeins umgjörð tiltekinna lögreglumenntunar fyrir yfirmenn og sérfræðinga heldur fyrir löggæslustofnanir ríkja ESB (þ. á m. ýmsar aðrar stofnanir sem sinna almannaoýruggi en teljast ekki til lögreglu, þ.m.t. tollgæsla, öryggisgæsla, landamæragæsla að teknu tilliti til hlutverks Frontex o.s.frv.). Frá sama tíma var ákveðið að flytja höfuðstöðvar CEPOL til Búdapest í Ungverjalandi.

CEPOL skipuleggur um 70-80 námskeið árlega, auk þess sem netnámskeiðum fjölgar (Webinars) en þau eru um 30 á ári um þessar mundir. Reynslan af skólanum þykir almennt lofa góðu. Haldið er uppi virku gæðaeftirliti með námskeiðum og því hvernig þau eru framkvæmd. Samkvæmt ákvörðun löggjafarvalds ESB eru eftirtalin atriði áhersluatriði í menntaframboði CEPOL:

- Varnir gegn hryðjuverkum (Counter-terrorism)
- Afbrotavarnir (Crime prevention)
- Efnahagsbrot (Economic crime)
- Samvinna ESB (EU cooperation)
- Stefnumótun ESB (EU policy cycle)
- Mannréttindi (Human rights)
- Löggæslutækni (Law enforcement techniques)
- Kennsla og þjálfun (Learning and training)
- Stjórnun (Management)
- Önnur skipulögð brot (Other organised crime)
- Rannsóknir og vísindi (Research & science)

Á grundvelli samnings Íslands við CEPOL geta Íslendingar skipulagt námskeið fyrir skólann eða í samvinnu við hann. Námskeiðin fara yfirleitt fram í skólum þeirra sem teljast til skipuleggjenda. Aðildarríkin og stofnanir ESB (Europol, Eurojust, Frontex o.fl.) leggja til kennara og kennsluefni í samvinnu við skipuleggjendur. Hjá CEPOL er rekinn gagnagrunnur yfir þá sem gjarnan er leitað til sem leiðbeinenda. Í grunninn eru nú skráðir 14 íslenskir sérfræðingar fyrir milligöngu lögregluskólans og hafa nokkrir þeirra kennt á námskeiðum á vegum CEPOL víða um Evrópu.

Undanfarin ár hefur aðsókn á námskeið verið mikil frá Íslandi.³ Sótt hafa verið 10-20 námskeið ár hvert og eru sum þeirra meira en ein lota/vika. Allmikil undirbúningsvinna fylgir því að senda þátttakendur á slíkan fjölda námskeiða. Greina þarf

³ Á meðan Ísland var aðildarumsóknarríki gagnvart ESB (desember 2009-apríl 2015) greiddi CEPOL hluta ferðakostnaðar fyrir þátttakendur frá Íslandi.

framboðið og koma upplýsingum í réttar hendur út frá innihaldi og markhópi, aðstoða lögregluembættin og leiðbeina þeim við fjármögnun, sem og þátttakendum um réttindi þeirra og skyldur og greiða götu þeirra hjá CEPOL. CEPOL-verkefni eru nálægt 30% af vinnutíma deildarstjóra framhaldsdeildar LSR.

Landamærastofnun Evrópu (Frontex)

Eitt af megin markmiðum Landamærastofnunar Evrópu, Frontex, er að samræma og samhæfa menntun og þjálfun landamæravarða aðildarríkja ESB. Auk þess stendur stofnunin fyrir afar fjölbreyttu námsframboði á hinum ýmsu sviðum samþættrar landamærastjórnunar. Á sl. ári tóku íslenskir löggæslumenn (tollverðir, lögreglumenn og starfsmenn Landhelgisgæslunnar) þátt í 18 mismunandi þjálfunar-, menntunar- og kennsluverkefnum á vegum Frontex. Samkvæmt verkáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2014 var ráðstafað 4,1 milljón evra til þjálfunar- og menntunarverkefna.

Meginþunginn í kennslu- og þjálfunarverkefnum fer í eftirtalin verkefni:

- Að styðja aðildarríkin við innleiðingu á kjarnanámskrá fyrir landamæraverði
- Efla þróun og framkvæmd þjálfunaráætlunar fyrir löggæslu samkvæmt evrópskum áherslum. Unnið í nánú samstarfi við CEPOL
- Leggja til og styðja við nauðsynlega þjálfun fyrir sveitir landamæravarða (e. European Border Guard Teams)
- Samræmd kennsluáætlun fyrir nema og kennara
- Stuðningsnet fyrir námsstofnanir sem koma að þjálfun fyrir Frontex, sem og að þróa nýjar kennsluáðferðir

Eftirfarandi eru dæmi um þjálfun sem Frontex stendur fyrir:

- Nám fyrir stjórnendur (e. European Joint Masters in Strategic Border Management). 1 ½ árs nám á háskólastigi
- Námskeið fyrir millistjórnendur (e. EU Mid-level Border Guards). 10 vikna námskeið unnið í lotum bæði erlendis og heima
- Margvísleg námskeið fyrir meðlimi samevrópsku landamæraveitanna sem koma að upplýsingaöflun og greiningu á upplýsingum
- Margvísleg námskeið fyrir þá sem sinna landamæragæslu (e. border surveillance)
- Námskeið í öryggisatriðum skilríkja. Tveggja vikna námskeið þar sem áhersla er lögð á öryggisatriði ferðaskilríkja og að þekkja einkenni fölsunar. Ferðaskóli þar sem Frontex leggur til leiðbeindendur
- Frontex hefur þróað kennsluefni og þjálfað leiðbeinendur í bæði mannréttindum og greiningu á einkennum mansals
- Frontex hefur byggt upp kjarnanámskrá fyrir hundþjálfun og tók lögreglumadaur á Íslandi þátt í því að móta þá námskrá. Tollgæslan hefur tekið þátt í þessu verkefni og stendur nú yfir þjálfun á hundi sem líklega mun koma til landsins fullþjálfaður á næstunni
- Frontex leggur til þjálfun fyrir Schengen úttektarmenn
- Frontex leggur til þjálfun fyrir löggæslumenn sem sinna verkefnum á sviði endursendinga (e. Joint Return Operations). RLS hefur sent þrjá eða fjóra lögreglumenn í slíka þjálfun.

Frontex var sett á laggirnar í október 2005. Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að stofnunin tók til starfa hefur hún eflst til muna. Löggæslan hér á landi hefur notið góðs af framlagi Frontex á sviði menntunarmála. Þá hefur skipt miklu að kostnaður við þátttöku er endurgreiddur að mestu leyti samkvæmt endurgreiðslureglum stofnunarinnar. Mikilvægt er að búa svo um hnútana að íslenskum löggæslumönnum verði áfram gert kleift að sækja menntun og þjálfun á þessum vettvangi.

Í viðauka er að finna yfirlit um þátttöku Íslands í Frontex verkefnum árið 2014, ásamt fyrirhugaðri þátttöku á árinu 2015.

4.7 Ályktanir

Í ljósi ofangreindra upplýsinga hefur starfshópurinn dregið eftirfarandi ályktanir: 1) Núverandi lögreglunámi er ábótavant að mörgu leyti, sérstaklega á sviði lögfræði, lögreglurannsókna, sálfræði, mannréttinda, siðferðikennslu auk lengri hagnýtari þjálfunar. 2) Núverandi lögreglunám er of stutt til að hægt sé að koma öllum þeim upplýsingum sem lögreglumenn þurfa á að halda til skila auk þess sem ekki gefst nægjanlegur tími til að þjálfra færniþætti þannig að þeir yfirfærast í starfið. 3) núverandi nám stuðlar ekki að þróun starfsins með vísindalegri nálgun og kennir ekki nemendum að afla sér nýrra upplýsinga og þróa sig áfram í starfi. Breytingar á samfélaginu og nýjar kröfur sem settar eru á lögregluna í áætlunum yfirvalda eru því ólíklegar að vera aðlagðar að störfum lögreglu með gagnreyndum aðferðum. 4) Sú leið sem farin hefur verið á Norðurlöndunum er að færa lögreglunám á háskólastig til að hægt sé að mæta þessum vanköntum og stuðla að framþróun stéttarinnar með vísindalegri nálgun og að beitt verði gagnreyndum aðferðum við lögreglustörf. Því taldi starfshópurinn eðlilegt að halda áfram á braut fyrri starfshóps og greina mögulegt innihald háskólanáms í lögreglufræðum.

5. Tillaga að inntaki og skipulagi lögreglumenntunar

Eitt af hlutverkum starfshópsins var að gera tillögu um innihald og skipulag lögreglumenntunar. Í kafla 5.1 hér á eftir verður fjallað um mennta- og starfsþróunarsetur. Meðal annars er gerð tillaga að skipulagi setursins og fræðslustjórn, sem og á hverju greining á fræðsluþörfum skuli byggja. Í kafla 5.2 er fjallað um skipulag og umgjörð háskólanáms í lögreglufræðum. Þar er fjallað um diplóma- og bakkalárnám og hvaða hæfniskröfur eru gerðar í hvoru námsstigi, inntökuskilyrði, samstarf við erlenda háskóla o.fl. Í kafla 5.3 eru settar fram hugmyndir um hvert innihald lögreglufræða á háskólastigi eigi að vera. Þar er gert ráð fyrir að í námskrá skuli lögð áhersla á almenn lögreglufræði, lögfræði, félags- og heilbrigðisvísindi og loks starfsþjálfun. Fjallað er stuttlega um hvern þessara fjögurra kjarnaþátta.

5.1 Mennta- og starfsþróunarsetur

Eins og áður sagði er það niðurstaða starfshópsins að sett verði á stofn starfsþróunarsetur fyrir lögreglu/réttarvörslukerfið, byggt á fyrirmynd Iðunnar, starfsþróunarseturs iðnaðarmanna.

Hlutverk mennta- og starfsþróunarseturs væri að þjónusta yfirvöld löggæslumála sem tengiliður við þá sem framkvæma ákæru- og löggæslustörf og vera í samskiptum við fræðasamfélagið. Þetta er gert til að efla þróun og fagmennsku innan löggæslu.

Mennta- og starfsþróunarsetrið hefði með höndum yfirumsjón með samningi við menntastofnun um grunnnám í lögreglufræðum, skipulagningu og umsjón með verknámi og starfsþjálfun lögreglumanna. Þá hefði setrið með höndum greiningu á fræðsluþörfum og kynningu á námsframboði, samstarf við hagsmunaaðila, aðra fræðsluaðila til að auka fjölbreytt námsframboð fyrir löggæslu og erlenda háskóla, CEPOL, Frontex osfrv.

Þegar jafn viðamiklar breytingar á lögreglunámi og lagðar eru til í skýrslu þessari þarf að huga að frekari menntun þeirra sem nú þegar hafa starfsréttindi sem lögreglumenn. Mennta- og starfsþróunarsetrið hefur það hlutverk að veita starfandi lögreglumönnum viðbótarmenntun í samstarfi við þann háskóla sem kennir grunnnámið. Til að byrja með væri hægt að kenna a.m.k. tvær línur, aðra á sviði lögreglurannsóknna og hina á sviði stjórnunar. Þannig geta núverandi lögreglumenn aukið við menntun sína samhliða vinnu.

Loks væri hlutverk mennta- og starfsþróunarsetursins að stuðla að vísindalegum rannsóknum og hagnýtingu þeirra fyrir störf lögreglu.

Greining fræðsluþarfa og kynning á námsframboði væri metin út frá ýmsum þáttum. Dæmi má taka um eftirfarandi:

- Áætlanir stjórnvalda í málaflokknum, t.d. löggæsluáætlun, áætlun í mansalsmálum o.fl.
- Samtöl úr heimsóknum á ákæru- og löggæslustofnanir
- Áhættumat greiningardeildar ríkislögreglustjóra
- Afbrotatölfræðiskýrslur og greiningar
- Niðurstöður könnunar á reynslu almennings af afbrotum (þolendakönnun)
- Niðurstöður könnunar á öryggi og öryggistilfinningu lögreglumanna
- Samskipti og tillögur frá öðrum stofnunum réttarvörslukerfisins
- Tillögur frá sviðsstjórum
- Kannanir meðal starfsmanna
- Samtöl við stjórnendur
- Faghópar
- Erlendar og innlendar sýningar – nýjungar í kennslubúnaði og tækni
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Niðurstöður þjónustukannana
- Greining á núverandi námsframboði
- Eldri námskeið stökkuð upp


- Erlendar vefsíður – nýjungar
- Opnir dagar (stundum nefndir bransadagar)
- Tengsl við háskóla og rannsóknarsetur
- Hvað segja gæðakerfi um fræðsluþarfir?

Ofangreindir þættir gagnast ekki aðeins við greiningu fræðsluþarfa í framhaldsnámi, heldur einnig grunnnámi og verður námskráin því endurskoðuð með hliðsjón af þeim upplýsingum sem berast með ofangreindum aðferðum í samstarfi við þann háskóla sem kennir grunnnámið.

Jafnframt er lagt til að stofnuð verði fræðslustjórn sem hefur forstöðumann og starfsfólk sér til aðstoðar. Hvað stöðu og hæfiskilyrði starfsfólksins varðar er rétt að hafa í huga sérstöðu lögreglunnar hvað varðar valdheimildir og sérhæfðra starfsaðferðar. Skipulag starfseminnar yrði þannig að henni yrði skipt í þrjú svið, (1) Almenn löggæsla og starfsnám, (2) Rannsóknir brota og stjórnun (3) Þróun og vísindarannsóknir. Hvert svið getur svo skipað fagnefnd sérfræðinga sem starfa innan löggæslunnar á viðkomandi sviði og annarra sérfræðinga eftir þörfum og áherslum hverju sinni. Einnig yrði tryggður aðgangur að náms- og starfsráðgjöf.

Samnýta ber aðstöðu lögreglunnar til þjálfunar og kennslu í framtíðinni. Fjármögnun námskeiða kemur frá þátttakendum/starfsþróunarsjóðum. Vísindarannsóknir fjármagnast úr vísindasjóðum innanlands sem utan. Kennarar mennta- og starfsþróunarsetursins koma úr löggæslukerfinu og miðla þekkingu sinni.

Neðangreind tillaga að skipulagi fyrir starfsþróunarsetrið er byggt á skipulagi Iðunnar.



Hlutverk mennta- og starfsþróunarsetursins er einnig að halda utan um samstarf við CEPOL og Frontex bæði hvað varðar að hafa milligöngu um að kynna námsframboð

þessara stofnana og að þeir sem sækja námskeið á alþjóðavettvangi yfirfæri þekkinguna til fleiri hér á landi í kjölfarið.

5.2 Skipulag og umgjörð háskólanáms í lögreglufræði

Eftir nákvæma greiningu sem fram kemur í kafla 4 er eftirfarandi tillaga sett fram til að gera þær umbætur sem greiningin bendir til að séu nauðsynlegar.

Markmið

Markmið með náminu í lögreglufræðum er að útskrifa lögreglumenn sem eru færir að fást við verkefni samtímans og hafa þann grunn sem til þarf til að aðlagast þeim þörfum sem nánasta framtíð krefst.

Lýsing

Námið er á ábyrgð háskóla en stjórn námsins er á hendi fulltrúa frá mennta- og starfsþróunarsetri löggæslunnar og ríkislögreglustjóra. Fyrst um sinn verður boðið upp á diplóma- og bakkalárnám í lögreglufræðum og síðar meistaranám í sérgreinum lögreglufræðinnar og stjórnun.

Námið verður byggt á því sem hingað til hefur verið kennt en aðlagð eftir upplýsingum frá hagsmunaaðilum, starfsgreiningu, viðhorfum lögreglumanna og sambærilegum skólum í nágrannalöndunum. Náminu er ætlað að veita hagnýtan og fræðilegan undirbúning fyrir þau fjölbreyttu störf sem lögreglan hefur upp á að bjóða. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni og leiðbeinandi námsmati. Í viðauka er að finna dæmi um efnisþætti námsins.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið	Diplóma	Bakkalár
<i>Þekking</i>	Að námi loknu á nemandi að: <ol style="list-style-type: none">Þekkja fjölbreytt hlutverk lögreglu.Hafa öðlast innsæi í grundvallar kenningar og hugtök lögreglufræðinnar.Hafa þekkingu til að byggja ákvarðanir sínar út frá lögfræðilegum heimildum og mannlegum aðstæðum.Geta greint gagnreyndar aðferðir lögreglufræðinnar frá öðrum aðferðum.	Að námi loknu á nemendi að: <ol style="list-style-type: none">Þekkja og skilja fjölbreytt hlutverk lögreglu.Þekkja og skilja grundvallarkenningar og hugtök lögreglufræðinnar og beita þeirri þekkingu í störfum sínum.Hafa þekkingu til að rökstyðja ákvarðanir sínar út frá lögfræðilegum heimildum og mannlegum aðstæðum.Hafa tileinkað sér gagnreyndar aðferðir lögreglufræðinnar og vera fær um að auka og viðhalda slíkri þekkingu með fjölbreyttum hætti.

	5. Skilja og þekkja mikilvægi og stöðu lögreglufræðinnar í víðu samhengi.	5. Þekkja og skilja mikilvægi þess að tileinka sér nákvæm og vönduð vinnubrögð til að tryggja eigið öryggi sem og borgaranna.
Leikni	<p>1. Vera á grundvelli þekkingar sinnar fær um undirbúa, skipuleggja og framkvæma löggæsluverkefni.</p> <p>2. Skilgreina og lýsa hlutverki lögreglu á skipulagðan og skiljanlegan hátt</p> <p>3. Beita framsýnni hugsun og setja fram markmið og áætlanir um verkefni sín.</p> <p>4. Nýta sér bestu grundvallarfærni og tækni í löggæslu hverju sinni.</p> <p>5. Þekkja og beita siðareglum í samskiptum við borgara og samstarfsmenn.</p> <p>6. Hafa tileinkað sér þau fræðilegu atriði og rannsóknarniðurstöður sem þarf til að leita nýrra leiða við lausn á nýjum áskorunum í löggæslustörfum.</p> <p>7. Beita tölulegum og grafískum gögnum við greiningu og úrlausn viðfangsefna lögreglunnar og leggja mat á þær aðferðir sem notaðar eru.</p>	<p>1. Vera á grundvelli þekkingar sinnar fær um að nýta rétt úrræði við úrlausn verkefna sinna.</p> <p>2. Geta sett fram og lýst hlutverki lögreglu við tiltekin viðfangsefni og sett þau í fræðilegt samhengi.</p> <p>3. Geta sett fram markmið og áætlanir um verkefni sín og metið árangur af starfinu.</p> <p>4. Geta beitt bestu upplýsinga- og tölvutækni til hagsbóta við vinnu sína.</p> <p>5. Þekkja og beittir siðareglum í samskiptum við borgara og samstarfsmenn.</p> <p>6. Hafa tileinkað sér þá þekkingu og rökhugsun sem þarf til að leita nýrra leiða við lausn á nýjum áskorunum til að tryggja öryggi almennings.</p> <p>7. Geta beitt vísindalegum vinnubrögðum við greiningu og úrlausn viðfangsefna lögreglunnar og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru.</p>
Hæfni	<p>1. Beita sjálfstæðum vinnubrögðum í lögreglufræðum til að þróa sig í starfi.</p> <p>2. Vinna sjálfstætt og skipulega í samvinnu við aðra.</p> <p>3. Geta skipulagt og forgangsraðað störfum sínum.</p> <p>4. Sýna sjálfstæði og siðferðislega háttvísi í vinnubrögðum.</p>	<p>1. Hæfni til að beita sjálfstæðum vinnubrögðum í lögreglufræðum til að þróa sig í starfi.</p> <p>2. Vinna sjálfstætt, skipulega og í samvinnu við aðra, geta gert verkáætlun og fylgt henni til að stuðla að öryggi og öryggistilfinningu borgaranna.</p> <p>3. Geta skipulagt, forgangsraðað og stjórnað löggæsluverkefnum.</p> <p>4. Hæfni til að setja fram og lýsa rannsóknarniðurstöðum í lögreglufræðum.</p>

<p>5. Hafa frumkvæði að samvinnu með samstarfsfólki sínu og í þverfaglegu samstarfi ólíkra stofnana.</p> <p>6. Hafa öðlast þann áhuga, þroska og sjálfsöryggi sem þarf til að viðhalda og auka þekkingu sína í lögreglufræðum með frekara námi.</p>	<p>5. Hafa tileinkað sér fagvitund og tekið ákvarðanir um siðferðileg viðfangsefni lögreglu.</p> <p>6. Geta miðlað reynslu sinni, hugmyndum og kunnáttu til samstarfsfólks og almennings.</p> <p>7. Hafa frumkvæði að, taka þátt í og stýrt faglegri samvinnu með samstarfsfólki sínu og í þverfaglegu samstarfi ólíkra stofnana.</p> <p>8. Hafa öðlast þann áhuga, þroska og sjálfsöryggi sem þarf til að viðhalda og auka þekkingu sína í lögreglufræðum og vera reiðubúinn til að leggja stund á frekara nám.</p>
---	--

Inntökuskilyrði

Út frá þeirri starfagreiningu sem gerð hefur verið eru nokkrir þættir sem eðlilegt er að gera kröfu um til umsækjenda að lögreglufræðanámi. Nánari útfærslu á kröfunum og hvenær í ferlinu nemandi skuli uppfylla þær þarf að útfæra í samráði við þá menntastofnun sem mun sjá um námið. Auk þeirra atriða sem nefnd eru hér að neðan ber að líta til skýrslu starfshóps ríkislögreglustjóra um tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar. Þar kemur m.a. fram að stuðla beri að fjölbreyttum hópi nýnema. Vinna skuli kynningarefni og kynningu á Lögregluskóla ríkisins sem höfðar til beggja kynja og endurspegli fjölbreytileika samfélagsins auk frekari tillagna um kynningarleiðir, eins og opna daga.

Lagt er til að eftirfarandi hæfniskröfur verði gerðar:

- Til að hefja grunnám í lögreglufræði skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inntöku í grunnám í lögreglufræði. Sama gildir um sambærilegt nám frá Háskólanum á Bifröst, sem er einnig með háskólagátt
- Frekari kröfur eru gerðar um líkamlegt atgervi og þurfa umsækjendur að þreyta inntökupróf, auk þess sem áhersla verður lögð á líkamspjálfun, mataræði og heilsutengd málefni í náminu

- Samfélagsþegnum af erlendum uppruna fer fjölgandi og því er gerð sú krafa að umsækjendur hafi færni í ensku og einu öðru tungumáli. Þá þarf umsækjandi að hafa gott vald á íslensku, bæði talmáli og ritmáli
- Þá verður umsækjendum gert að gangast undir sálfræðiþróf þar sem meðal annars verður lagt mat á samskiptahæfni og tilfinningalegan stöðugleika umsækjenda
- Loks er hreint sakarvottorð ófrávikjanlegt skilyrði fyrir inntöku í lögreglufræði

Samstarf við erlenda háskóla

Tilkoma mennta- og starfsþróunarsetursins og samvinna við háskólastofnanir mun opna möguleika á samstarfi við erlenda lögregluháskóla sem og aðra háskóla sem bjóða upp á sérhæfð námskeið sem ekki er grundvöllur fyrir að koma á fót hér á landi.

Samstarf við erlenda háskóla mun auka möguleika við skipulagningu meistaranáms í lögreglufræðum þar sem lögð yrði meiri áhersla á sérhæfingu. Að auki getur samstarf við erlenda háskóla á sviði vísindarannsókna verið fýsilegur kostur þar sem talsverðu fé er varið í þróun á löggæslutengdum verkefnum í styrkjaáætlun Evrópusambandsins, Horizon 2020, sem Ísland er aðili að.

Meistaránám

Varðandi mögulega meistaragráðu, þá er boðið upp á meistaránám fyrir lögreglumenn sem hafa fyrir bakkalárgráðu í háskólum víða um heim, t.d. á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Með tíð og tíma er rétt að stefna að því að bjóða upp á meistaránám héraðs í stjórnun og rannsóknum brota. Þá mætti huga að meistaránámi í tölvubrotum og tæknirannsóknum. Mismunandi hæfniviðmið verða fyrir hverja braut í meistaránámi en almennt er meistaránámi ætlað að vera sérhæfing á sviðum lögreglufræðinnar.

Þá má benda á að nýta má það framboð sem nú þegar er af slíku námi í háskólum bæði héraðs og erlendis. Markmiðum um aukna menntun stjórnenda má hugsanlega ná með því að beina áhugasömum lögreglumönnum og sérfræðingum innan lögreglu í þann farveg.

5.3 Hugmynd að innihaldi lögreglufræða á háskólastigi

Hér verða talin upp efnisatriði sem liggja til grundvallar í námskrá lögreglunámsins en vísað er til viðauka 1 með skýrslu þessari þar sem nánar er farið í efnisatriði námsins. Atriðin sem hér eru talin upp eru byggð á umsögnum hagsmunaaðila, viðhorfum lögreglumanna, starfsgreiningu á lögreglustarfinu, lögum, reglugerðum og áætlunum sem leggja skyldur á lögregluna og því námi sem kennt hefur verið í Lögregluskóla ríkisins. Auk þess var litið til háskólanáms í lögreglufræðum á Norðurlöndunum og sambærilegs háskólanáms hér á landi. Lesa má úr fyrrgreindum gögnum að mikilvægt

er að leggja áherslu á fjögur kjarnasvið en þau eru: Almenn lögreglufræði, lögfræði, félags- og heilbrigðisvísindi og starfsþjálfun.

Almenn lögreglufræði

Fjallað verður um víðtækt og mikilvægt hlutverk lögreglu í samfélaginu. Lögð verður áhersla á hvert hlutverk þeirra er í hverju máli til að störf lögreglu verði sem skilvirkust og bestur árangur náist. Mikilvægt er að lögreglunemar fái innsýn í menningu lögreglunnar, bæði jákvæða og neikvæða þætti, til að gera þeim kleift að verða virkir þátttakendur í jákvæðri starfsmenningu. Lögð verður áhersla á að góð mannauðsstjórnun og samstarf allra aðila styrki lögreglumenn í starfi.

Lögreglumenn verða að þekkja og skilgreina þar að lútandi hugtök er varða alþjóðasamfélagið og alþjóðlegt samstarf.

Lögfræði

Mikið af vinnu lögreglumanna lýtur að því að hafa afskipti af hegðun borgaranna, oft á tíðum þar sem borgarinn er grunaður um að fara á svig við lög. Það eru einkum fjórir lagabálkar sem lögreglumenn þurfa að vinna eftir: Lögreglulögum, umferðarlögum, hegningarlögum og lögum um meðferð sakamála. Mikilvægt er að lögreglunemar kunnir skil á meginreglum um lagatúlkun, samspili réttarheimilda, ákvæðum stjórnarskrárinnar, alþjóðasamningum og uppbyggingu réttarkerfisins.

Félags- og heilbrigðisvísindi

Í umsögnum hagsmunaaðila, starfsgreiningu og viðhorfum lögreglumanna var sérstök áhersla lögð á þætti sem falla hér undir. Í starfsgreiningunni bentu kjarnaðættir til þess að mikilvægir þættir væru hugræn geta, árverkni, þolinmæði, samskiptafærni og almenn sálfræðileg þekking. Þá nefndu lögreglumenn sjálfir samskiptahæfileika (18%), ákvarðanatöku (15%) og siðferði (13%) sem mikilvægustu þætti lögreglustarfsins. Með því að auka vægi félags- og heilbrigðisvísinda í grunnnámi lögreglumanna er verið að auka færni lögreglumanna á sviðum sem þeir sjálfir og helstu hagsmunaaðilar telja mikilvæga. Einnig er lögð rík áhersla á fræðslu um jafnréttismál, sérstaklega til að brjóta niður neikvæðar staðalmyndir og vinna að jöfnuði og virðingu, fræðslu um einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni og iðferði.

Starfsþjálfun

Markmiðið með starfsþjálfun er að hagnýta þá fræðilegu þekkingu sem aflað er í bóklega hluta námsins í starfi undir handleiðslu reyndra lögreglumanna. Það brúar bil á milli náms og sjálfstæðis í starfi og gefur lögreglunema kost á að auka reynslu sína í fjölbreyttum verkefnum lögreglunnar. Starfsreynsla gefur lögreglunemum færi á því að nýta þekkingu sína og kunnáttu, styrkja hana við nýjar aðstæður sem starfandi nemar undir handleiðslu reyndra lögreglumanna. Slík hagnýt reynsla stuðlar að auknum gæðum í löggæslu.

Ekki er tekin afstaða til þess á hvaða námstigi einstök efnisatriði verða kennd. Listinn sem finna má í viðauka 1 er ekki tæmandi, heldur fyrst og fremst leiðbeinandi fyrir áframhaldandi vinnu. Eftir er að sameina einstök efnisatriði og búa til úr þeim heildstæð námskeið til kennslu í grunnnámi lögreglumanna. Æskilegt er að áframhaldandi vinna verði í höndum mennta- og starfsþróunarsetursins og þess háskóla sem mun kenna fræðilega hluta námsins.

Lokaorð

Samfélagið sem lögreglan þjónar er í örri þróun og óumflýjanlegt er að lögreglan búi yfir menntun og starfsþróunarmöguleikum til að leysa margþætt verkefni. Í þessu sambandi má nefna tækniframfarir þar sem samstarf við háskólasamfélagið og sérfræðinga utan lögreglu er lykill að árangri. Mörk ólöglegrar starfsemi og lögmætrar geta verið óskýr, til dæmis þegar um efnahagsbrot er að ræða. Þá verður samvinna á milli landa æ mikilvægari og hefur íslenska lögreglan orðið áþreifanlega vör við það.

Samfélagsmiðlarnir hafa æ mikilvægara hlutverki að gegna og yngri kynslóðir eiga samskipti með öðrum hætti en þær eldri. Þekking og þróun á notkun samfélagsmiðla og upplýsingamiðlun er því vaxandi þáttur í starfi lögreglunnar. Persónuupplýsingar verða æ verðmætari og misnotkun á þeim getur verið mjög skaðleg fyrir einstaklinga og fyrirtæki, á sama tíma og tjáningarfrelsið ber að vernda. Það eru því oft á tíðum flókin viðfangsefni sem lögreglumaður í útkalli þarf að þekkja og leysa.

Loks er brýnt að samtal og samstarf eigi sér stað við þá sem aðstoða þolendur afbrota, til dæmis þolendur ofbeldis, til að lögregla geti betur sinnt sínu hlutverki en á sama tíma sé tryggt að þolendur og eftir atvikum gerendur fái stuðning við hæfi.

Það er því ljóst að ekki er hægt að gera tæmandi lista yfir allt sem lögreglumenn þurfa að kunna. Lagaumhverfi og ytra og innra starfsumhverfi lögreglu tekur sífelldum breytingum. Því er lagt er til að grunnurinn í námi lögreglumanns verði sniðinn að því að efla færni við að afla þekkingar og öguð vinnubrögð til þess að lögregla geti brugðist sem best við ólíkum og síbreytilegum viðfangsefnum.

Fræðilegar rannsóknir og þverfaglegt samstarf þarf því að færa nær þróun í löggæslu. Við þá breytingu að lögreglunám verði fært á háskólastig skapast vettvangur til að lögreglan geti betur sinnt verkefnum sínum til framtíðar og þjónað með þeim hætti samfélaginu eins og til er ætlast.

Námið verður á ábyrgð háskóla en í stjórn verða fulltrúar frá mennta- og starfsþróunarsetri löggæslunnar og ríkislögreglustjóra. Fyrst um sinn verður boðið upp á diplóma- og bakkalárnám í lögreglufræðum og síðar meistaranám í sérgreinum lögreglufræðinnar og stjórnun.

Námið verður byggt upp með hliðsjón af því námi sem hingað til hefur verið kennt, en aðlagð að upplýsingum frá hagsmunaaðilum, starfsgreiningu, viðhorfum lögreglumanna og sambærilegum skólum í nágrannalöndunum. Náminu er ætlað að veita

hagnýtan og fræðilegan undirbúning fyrir þau fjölbreyttu störf sem lögreglan þarf að sinna. Mikil áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsinga-
tækni og leiðbeinandi námsmáti.

Viðauki I: Hugmynd að innihaldi lögreglufræða á háskólastigi

Hér verða talin upp efnisatriði sem liggja til grundvallar í námsskrá lögreglunámsins. Efnisatriðin eru byggð á umsögnum hagsmunaaðila, viðhorfum lögreglumanna, greiningu á lögreglustarfinu, lögum, reglugerðum og áætlunum sem leggja skyldur á lögregluna og því námi sem kennt hefur verið í Lögregluskóla ríkisins, auk þess sem litið var til háskólanáms í lögreglufræðum á Norðurlöndunum og sambærilegs háskólanáms hér á landi.

Ekki er tekin afstaða til þess á hvaða námstigi einstök efnisatriði verða kennd. Eftirfarandi listi er ekki tæmandi, aðeins leiðbeinandi fyrir áframhaldandi vinnu, og eftir er að sameina/samþætta einstök efnisatriði. Æskilegt er að áframhaldandi vinna sé í höndum mennta- og starfsþróunarsetursins og þess háskóla sem mun kenna akademíska hluta námsins.

Hæfniviðmið eru sett við hvert efnisatriði en ekki í öllum tilvikum við hvern undirþátt eða námskeið.

Almenn lögreglufræði: Fjallað um víðtækt og mikilvægt hlutverk lögreglu í samfélaginu. Lögð áhersla á hvert hlutverk þeirra er í hverju máli til að störf lögreglu verði sem skilvirkust og bestur árangur náist.

Mikilvægt er að lögreglunemar fái innsýn inn í menningu lögreglunnar, bæði jákvæða og neikvæða þætti, til að færa þeim verkfæri í hendur til að vera virkir þátttakendur í eigin menningu á jákvæðan hátt. Lögð verður áhersla á að góð mannauðsstjórnun í opinberu starfi og samstarf allra aðila styrkir lögreglumenn í starfi.

Lögreglumenn verða að þekkja og skilgreina þar að lútandi hugtök er varða alþjóðasamfélagið og alþjóðlegt samstarf.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Hafa öðlast almennan skilning og innsæi á hlutverki og uppbyggingu lögreglu
- Hafa öðlast skilning og þekkingu á sögu og þróun lögreglu
- Þekkja stöðu og hlutverk lögreglunnar innan réttarvörslukerfisins og alþjóðasamfélagsins
- Þekkja undirstöðuatriði þeirra aðferða er lögregla notar við úrlausn verkefna sinna
- Þekkja reglur um háttvísi í framkomu og vinnubrögð lögreglu
- Þekkja helstu verkefni almennrar löggæslu, mikilvægi fyrstu viðbragða á vettvangi og hvaða aðstoð skuli kallað til
- Þekkja hlutverk lögreglu í samstarfi við aðrar stofnanir og mismunandi aðila
- Þekkja réttindi og skyldur starfsmanna og mikilvægi að rækta eigin heilsu

Leikni

- Geta beitt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum við að sinna hlutverki lögreglu
- Geta fundið og notað upplýsingar út frá hlutverki og bakgrunni lögreglu til að leysa úr verkefnum lögreglu
- Geta beitt faglegum vinnubrögðum og finna bestu úrlausn hverju sinni við úrlausn verkefna
- Sýna ávallt háttvísi í framkomu við löggæslustörf
- Getað forgangsraðað verkefnum á vettvangi og kallað rétta aðstoð til
- Geta beitt aðferðum sem henta best hverju sinni
- Geta tryggt eigið öryggi og heilsu

Hæfni

- Geta fjallað skipulega og fræðilega um hlutverk og uppbyggingu lögreglu
- Geta greint hvaða úrlausn er skilvirkust og faglegust hverju sinni
- Geta leyst verkefni samkvæmt hlutverki lögreglu innan réttarvörslukerfisins
- Geta lagt sjálfstætt mat á nauðsyn og mikilvægi ákvarðana lögreglu hverju sinni
- Geta notað viðeigandi tæki, aðstoð og úrlausn í störfum lögreglu
- Geta komið fram af fagmennsku, háttvísi og kurteisi
- Tileinka sér vinnubrögð eftir bestu vitund hverju sinni og geta aflað sér frekari upplýsinga og þjálfunar
- Tileinka sér þær aðferðir sem færar eru til að efla sjálfan sig í starfi

Þau efnisatriði sem lagt er til að almenn lögreglufræði innihaldi:

Verkefni lögreglu eru fjölbreytt og getur hver lögreglumaður lent í fjölmörgum ólíkum verkefnum á hverjum degi. Þegar eitthvað bjátar á er lögreglan kölluð til og lagt traust á að hún stjórnir úrlausn mála. Á vettvangi eru mörg atriði sem þarf að huga að og oft gefst ekki langur tími til að hugleiða næstu skref. Úrlausn lögreglu getur haft viðtæk áhrif til langs tíma, til hins betra eða til hins verra. Almennur lögreglumaður þarf því að kunna góð skil á fjölmörgum atriðum og ör þróun samfélagsins kallar á nýja þekkingu. Má þar t.d. nefna nauðsyn á þekkingu á rafrænum vettvangi og aukinni áherslu á mansal, heimilis- og kynferðisofbeldi.

- Vettvangsstjórnun
- Verkbáttastjórnun
- Sönnunargögn
- Mismunandi brot/verkefni
 - Rafrænn vettvangur
 - Slysavettvangur
 - Mansal / kynferðisofbeldi / heimilisofbeldi / hatursglæpir / tölvuglæpir / fíkniefnabrot / skipulögð glæpastarfsemi /

almennt eftirlit – bera kennsl á, greining, leiðbeiningar, forræðis/sifjamál. Verkefni í náminu skulu miða að því að leysa algeng verkefni lögreglu (t.d. hópverkefni sem hver hópur kynnir fyrir samnemendum sínum)

- Varnir gegn smitsjúkdómum
- Málefni útlendinga, vegabréf

Verkefnamiðuð löggæsla (lögreglufræði)

Hlutverk lögreglu er „að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.“ Með góðu skipulagi, rannsóknum og greiningu getur lögreglan sinnt forvarnarhlutverki sínu til að koma í veg fyrir afbrot og slys.

Starf lögreglumanns

Mikilvægt er að koma fram sem fagmaður og hafa skilning á að liðið er aldrei sterkara en veikasti hlekkurinn.

- Liðsheild
- Þekkingarstarfsmenn
- Verkefnastjórnun og forgangsörðun verkefna

Að vera lögreglumadur – lögreglustarfið

Starfinu fylgir mikið álag og áhætta. Lögreglumenn hafa um 8 ára styttri lífaldur en meðaltalslífaldur. Réttarvitund fólks og notkun samfélagsmiðla hefur aukist til muna. Þetta kallar á að lögreglumenn kunni að hlúa að eigin heilsu og takast á við álag. Þetta er mikilvægur þáttur í að auka öryggisfinningu lögreglumanna sem er eitt af markmiðum löggæsluáætlunar.

- Framkoma / samskipti
- Eigin heilsa
- Utan vinnutíma
- Réttindi og skyldur (veiting starfs og starfslok), starfskjör,
- Kærur á hendur lögreglu
- Meðferð valds
 - Valdbeiting

Samskipti

Mannlegi þátturinn var eitt af þeim atriðum sem komu oftast fram í umsögnum frá hagsmunaaðilum. Lögreglumenn á vettvangi, rannsóknarlögreglumenn og yfirmenn í lögreglu eru oft undir miklum þrýstingi frá fjölmiðlum og samfélaginu um að fá upplýsingar. Rétt upplýsingaöflun getur einnig skipt miklu þegar kemur að því að takast á við voveiflega atburði í samfélaginu, almannavarnarástand og við uppljóstrun brota.

- Framkoma
- Upplýsingatækni
- Upplýsingagjöf – fjölmiðlar

Skjalastjórnun

Frumskýrsla lögreglu er alltaf fyrsta skjalið í hverju sakamáli. Allt sem lögreglan gerir þarf að vera skjalfest, annars hefur það ekki verið gert.

- Skýrslugerð
- Lögreglukerfið LÖKE
 - Aðgangur og reglur um notkun
 - Uppbygging - Leitarmöguleikar og tölfræðileg úrvinnsla
 - Skráning brota og upplýsinga
 - Frumskýrsla lögreglu
 - Notkun vettvangsskýrslu lögreglunnar
- Vettvangsuppdráttur

Öflun upplýsinga og gagnaöflun í sakamálum

Taktík

Lýsing: Færni og leikni í því að takast á við erfiðar og krefjandi aðstæður, auka öryggi og tryggja fagleg vinnubrögð. Þetta eru oft aðstæður sem koma sjaldan upp hjá hverjum lögreglumanni.

- a. Stöðvun bifreiðar
 - b. Fara inn í hús
 - c. Nálgast hættulega brotamenn
- Einkenni, merki, fatnaður og búnaður lögreglu
 - Uppstillingar, gönguæfingar og heiðursvörður

Alþjóðasamfélagið / alþjóðlegt samstarf / alþjóðasáttmálar

Innflytjendum fjölgar ört hér á landi, ásamt erlendum ferðamönnum, og það hefur þær afleiðingar í för með sér að lögreglan þarf að sinna fjölbreyttara samfélagi en áður með misjafnar þarfir. Samhliða þessari þróun tekur lögreglan aukinn þátt í alþjóðasamstarfi og er aðili að alþjóðasamningum.

Saga lögreglunnar og staða hennar í samfélaginu, samstarf stofnana og skipulag lögreglu

Námið varpar ljósi á hvað lá að baki stofnun lögreglunnar og hvernig lögreglan og verkefni hennar hafa þróast í tímans rás. Námið fjallar um stöðu lögreglunnar í samfélaginu út frá sögu hennar, skipulagi og samstarfi við stofnanir.

Samkvæmt lögreglulögum skal lögregla starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu. Því er mikilvægt að koma í veg fyrir tvíverknað og nýta styrkleika hversar stofnunar fyrir sig.

Lögreglunni er skipt upp í embætti, deildir og svið ásamt því að vinna eftir áætlunum og verkferlum. Nemendur þurfa að þekkja þessa uppbyggingu og helstu áætlanir og verkferla sem til staðar eru.

Lögreglusiðir

Virðing og traust er eitt mikilvægasta tæki sem lögreglan hefur til að sinna störfum sínum í sátt við borgarana og hefur það jafnan mælst hátt í könnunum. Þar skiptir öguð, snyrtileg og samræmd framkoma miklu máli svo að lögreglan birtist fólki sem traust og samheldin heild. Þá hefur lögreglan hlutverk við alls kyns viðburði í samfélaginu, sem og við móttöku erlendra ráðamanna, þjóðhöfðingja o.fl.

Hæfniviðmið

Að námi loknu eiga nemendur að:

- Koma fram eftir þeim siðum og reglum sem felast í almennum lögreglusiðum er varða einkenni, merki, fatnað, búnað, uppstillingar, gönguæfningar og heiðursvörð og vita hvenær það er við hæfi
- Kunna skil á þeim atriðum er hafa verður í huga þegar komið er á vettvang og geta beitt aðferðum sem við eiga
- Vita hvað felst í starfi lögreglumanns varðandi samskipti, öflun upplýsinga á vettvangi og skjalastjórnun. Getu beitt þeirri þekkingu til að bregðast rétt við á vettvangi og takast á við erfiðar aðstæður

Þau efnisatriði sem lagt er til að nám í lögreglusiðum innihaldi:

- Einkenni, merki, fatnaður og búnaður lögreglu
- Uppstillingar, gönguæfningar og heiðursvörður

Vinnulag og upplýsingatækni

Meginmarkmið þessa efnispáttar er að nemendur tileinki sér ögun í vinnubrögðum. Nemendum er veitt innsýn í hvað felst í því að vera lögreglumaður með áherslu á fagleg vinnubrögð í háskólanámi og upplýsingatækni. Farið verður í verklag við ritgerðarsmið, uppbyggingu ritgerða og kynninga, höfundarétt upplýsinga (ritstuld), upplýsingalæsi, bókasafns/heimildaleit, kennt að meta gæði upplýsinga og notkun heimildaforritsins EndNote. Einnig verður farið í siðferðilega og lagalega ábyrgð og skyldur við skráningu og notkun upplýsingakerfa og samfélagsmiðla, s.s. háttvísi í tölvunotkun hjá lögregluembættum og lög er varða persónuvernd, þagnarskyldu og réttindi almennings varðandi gögn í rafrænni málaskrá LÖKE og meðferð persónuupplýsinga.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Pekking

- Hafa öðlast almennan skilning og innsæi í hvað felst í fræðilegum vinnubrögðum lögreglumanna
- Hafa öðlast upplýsingalæsi sér til gagns til að leita upplýsinga eða koma frá sér efni eins og við á
- Þekkja undirstöðuatriði á uppbyggingu ritgerðar, heimildaleitar- og heimildaskráningar
- Þekkja reglur um háttvísi í tölvunotkun á heilbrigðisstofnunum, lög um persónuvernd
- Þekkja reglur um umgengni er varða rafræna málaskrá lögreglu (LÖKE), notkun tölvupósts í samskiptum við almenning

Leikni

- Geta beitt öguðum vinnubrögðum við öflun heimilda, uppbyggingu og skrif ritgerða og miðlun upplýsinga
- Geta fundið, staðsett og notað upplýsingar á skilvirkan og áreiðanlegan hátt
- Geta notað APA til skráningar heimildaskrár og nota EndNote
- Sýna ávallt háttvísi í tölvunotkun og í umgengni við öll gögn lögreglunnar
- Beita upplýsingatækni í starfi þegar það á við
- Skrá upplýsingar, heimfæra tilkynningar um brot undir rétt lagaákvæði

Hæfni

- Geta fjallað skipulega og fræðilega um fræðileg viðfangsefni
- Geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og hafa kunnáttu til finna þær, meta áreiðanleika þeirra og nýta á viðeigandi hátt (upplýsingalæsi)
- Geta lagt sjálfstætt mat á gæði upplýsinga/heimilda sem aflað er
- Geta notað viðeigandi heimilda- og tilvísanakerfi
- Gera sér grein fyrir mikilvægi persónuverndar, þagnarskyldu og meðferð persónuupplýsinga og háttvísrar tölvunotkunar
- Tileinka sér skráningu í LÖKE skv. fyrirmælum um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga

Lögfræði: Mikið af vinnu lögreglumanna gengur út á að hafa afskipti af hegðun borgaranna, oft þar sem borgarinn er grunaður um að fara á svig við lög. Helst eru það fjórir lagabálkar sem lögreglumenn vinna við: Lögreglulög, umferðarlög, hegningarlög og lög um meðferð sakamála. Mikilvægt er því að lögreglumennar kunnir skil á meginreglum um lagatúlkun, samspili réttarheimilda, ákvæðum stjórnarskrárinna, alþjóðasamninga og uppbyggingu réttarkerfisins í landinu.

Stjórnskipun

Lögreglan hefur það lögbundna hlutverk að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju en það eru um 169 lög og 157 reglugerðir. Lögreglan

gegnir því mikilvægu hlutverki í stjórnskipan ríkisins. Mikilvægt er að skilningur ríki um þann grunn sem samfélagið hvílir á samkvæmt lögum.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Þekkja grunnhlutverk lögreglunnar út frá lögreglulögum
- Hafa almenna þekkingu á helstu lögum og reglum er lúta að störfum lögreglu og geta útskýrt mun á mismunandi réttarheimildum
- Kunna skil á helstu dómum og úrskurðum er viðkoma verkefnum lögreglu

Leikni:

- Hafa getu til að leita að lögum, dómum og réttarheimildum og túlka þær við úrlausn verkefna
- Geta notað lög, dóma og réttarheimildir til að rökstyðja niðurstöður í raunhæfum dæmum

Hæfni:

- Geta beitt þessum aðferðum við almenn lögreglustörf

Þau lagalegu efnisatriði sem lagt er til að lögreglufræðinámið innihaldi:

Aðferðafræði / Almenn lögfræði miðuð út frá lögreglustarfinu

Mikilvægt er að lögreglunemar fái almenna innsýn í aðferðafræði lögfræðinnar, læri söguleg grunnatriði í lagaþróun í Evrópu og hér á landi, læri um réttarheimildirnar, uppbyggingu lagatexta, samspili helstu lagabálka, læri helstu meginreglur í túlkun laga og kunni og öðlist færni í túlkun laga.

- Lagaþróun
- Réttarheimildafræði - Lagatúlkun
- Lög og reglur
- Stjórnarskráin

Réttarfar

Mikilvægt er að lögreglunemar læri grunnatriði sakamálaréttarfarsins. Að kunna skil á réttindum sakborninga, brotþola svo og vitna er afar mikilvægt í starfi lögreglumannsins og hann þarf einnig að kunna skil á vægi sönnunargagna. Þá þarf lögreglunemi að þekkja uppbyggingu ákærvaldsins og dómstólanna í landinu. Námið þarf að byggja upp með verkefnavinnu og umræðum í kennslustundum ásamt raunhæfum verkefnum.

- Einkamálaréttarfar
- Sakamálaréttarfar
 - Réttindi sakborninga og brotþola
 - Rannsóknarúrræði lögreglu, handtaka, leit, gæsluvarðhald
 - Vitni, brotþoli, sönnun, ákærvald og dómstólar

Refsiréttur

Lögreglunemar þurfa að þekkja helstu reglur hegningarlaga og öðlast færni í að gera greinarmun á hvaða háttsemi fellur innan sem utan laga með hliðsjón af reglum um neyðarrétt, svo dæmi sé tekið. Námið þarf að byggjast á raunhæfum dæmum þar sem reynir á túlkun lagaákvæða úr hegningarlögum með umræðum í kennslunni með hliðsjón af dómaframkvæmd. Lögreglunemi þarf að kunna skil á refsingum og refsikenndum viðurlögum, helstu sjónarmiðum um ákvörðun refsingar og hafa þekkingu á helstu brotategundum hegningarlaga.

- Afbrot og refsing
- Hlutræn og huglæg skilyrði refsíabyrgðar
- Refsileysisástæður, hlutrænar og huglægar
- Tilraunir og hlutdeild
- Lok refsíabyrgðar
- Refsilögsaga
- Refsingar og önnur refsikennd viðurlög
- Ákvörðun refsingar
- Einstakar brotategundir

Sérrefsilög

Þá þurfa lögreglunemar að kunna skil á helstu brotum í algengustu sérrefsilögum, s.s. umferðarlögum sem eru meginþorri kærðra brota sem koma á borð lögreglu. Námið þarf að byggjast á raunhæfum dæmum þar sem reynir á túlkun lagaákvæða með umræðum í kennslunni með hliðsjón af dómaframkvæmd.

- Umferðarlög
 - Almenn
 - Umferðarfræði ásamt umferðarsálfræði, stöðvun ökutækja og AMF (akstur með forgangi)
 - Umferðaröryggismál
 - Umferðareftirlit Vegagerðar
- Fíkniefnalöggjöfin

Mannréttindi

Lögreglunemi þarf að kunna skil á helstu ákvæðum stjórnarskrár og annarra réttarheimilda um mannréttindi og vinna með raunhæf dæmi úr dómum, áliti umboðsmanns Alþingis og öðrum úrlausnum á þessu sviði. Námið þarf að byggjast mikið á verkefnavinnu og umræðum svo neminn nái tökum á innihaldi ákvæðanna og geti tengt það við daglegt líf og aðstæður borgaranna.

- Hugtakið skilgreint lagalega, siðferðislega og pólitísk
- Lögræðislög
- Persónuvernd
- Mannréttindakafla stjórnarskrárinnar
- Útlendingamál
- Kynjajafnrétti (kynvitund, fjölmening, jafnrétti)

- Alþjóðasamningar og alþjóðastofnanir: Istanbul samningur, Lanzarote, Palermo
- Pyntingar og ómannúðleg meðferð
- Siðferði starfsmanna lögreglu
- Siðareglur lögreglu

Stjórnsýsluréttur / stjórnskipunarréttur (fært inn í almenna lögfræði og aðra áfanga)

Í samskiptum við borgarana reynir æ oftast á þekkingu lögreglumanna á stjórnkerfinu, hvernig það er uppbyggt, hvernig það virkar og hvaða reglur helst gilda í samskiptum borgaranna við stofnanir samfélagsins og öfugt. Lögreglunemi þarf því að fá innsýn í helstu meginreglur stjórnsýsluréttarins og stjórnskipunarréttar um íslenska stjórnkerfið, þrískiptingu ríkisvaldsins.

Sifjaréttur

Í samskiptum borgaranna er oft ágreiningur sem tengist fjölskyldunni, oft vegna barna, umgengni við þau eða önnur brot á þeim. Lögreglunemi þarf að búa yfir þekkingu á helstu ákvæðum barnalaga, erfðalaga og hjúskaparlaga. Námið þarf að byggjast á verkefnavinnu og umræðum svo neminn nái tökum á verklagi við aðkomu lögreglu í þessum viðkvæma málaflökki.

- Barnaréttur
- Hjúskapar- og sifjaréttur
- Erfðaréttur

Fjármunaréttur / Eignarréttur (kynning)

Mörg flóknustu afbrot í nútíma samfélagi tengjast fjármunum, bókhaldi og rafrænum gögnum. Mikilvægt er að lögreglan fylgi þróun samfélagsins og lögreglunemar fái t.d. greinargóða menntun í helstu reglum um fjármálamarkaðinn, reiknisskil og netið. Hér skiptir líka máli að þekkja reglur eignarréttarins.

Vinnuréttur

- Réttindi og skyldur

Sérlög (þurfa að vita af en ekki kjarni)

Þá þurfa lögreglunemum að þekkja ákvæði neðangreindra laga sem oft reynir á í lögreglustarfinu.

- Fánalög, skjaldarmerki og þjóðsöngur, forsetaúrskurðir, o.fl.
- Almennaskráning – lögheimili, aðsetursskipti, persónuskilríki
- Lögreglusamþykktir
- Óskilamunir
- Áfengismál, veitinga- og gististaðir, löggæslukostnaður
- Lögræðislög
- Umhverfismál
- Vinnustaðir – lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

- Lög um brunavarnir
- Lög um rannsóknir samgönguslysa, siglingalög og lög um loftferðir, lög um köfun
- Tollalög
- Vopnalög

Ekki er hægt að gera tæmandi lista yfir allt sem lögreglumenn þurfa að kunna skil á. Lagt er til að grunnurinn í námi lögreglumanns sé að gera þá færa í að afla sér sjálfstæðrar þekkingar á þeim viðfangsefnum sem þeir fást við á hverjum tíma.

Lögreglurannsóknir: Lögreglurannsóknir eru einn af meginþáttum starfsemi lögreglunnar sem hefur það hlutverk „að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð [sakamála]¹⁾ eða öðrum lögum.“ Gögn lögreglu eru helstu gögn í hverju sakamáli og einstaka einkamálum. Borgarinn á því mikið undir varðandi réttindi og aðra hagsmuni hvað varðar lögreglurannsóknir. Verkefnastjórnun, ákvarðanataka og tilgátuprófun eru þættir sem einkenna þjálfun í lögreglurannsóknnum. Mikilvægt er að lögreglumenn þekki helstu leiðsagnarreglur og skekkjur (heuristics and biases) sem eru algengar hjá fagfólki (t.d. staðfestingarskekkjan, geislabaugshrifin, staðalmyndir). Lögreglumenn þurfa að þekkja aðferðir lögreglurannsóknna eins og sakbendingar, tölvurannsóknir, gagnagreiningu og tengingu brota.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Hafa kunnáttu á ferli rannókna frá upphafi til enda og geta útskýrt það ferli
- Geta nefnt og lýst mismunandi aðferðum við lögreglurannsóknir
- Hafa kunnáttu á tilgátuprófun og geta greint á milli mismunandi hugsanaskekkja við rannsóknir brota

Leikni:

- Geta nýtt þekkingu sína til þess að undirbúa mál fyrir ákærvald
- Vita hvaða gagna skal afla og hvernig.
- Kunna skil á og vinna að varðveislu gagna, þar á meðal rafrænna ganga
- Vita og geta bent á hvaða heimildir þarf til gagnaöflunar

Hæfni:

- Vera hæfur til að stýra upphafi rannsókna, greina rannsóknarþörf á vettvangi og kalla til viðeigandi aðila til aðstoðar

Pau efnisatriði sem lagt er til að lögreglurannsóknir innihaldi:

Upphaf lögreglurannsókna

Þekking lögreglu á grunnaðferðum til að upplýsa brot er nauðsynleg svo að lögreglumaður geti á vettvangi atburðar/brots eða við móttöku upplýsinga/kæru gert sér grein fyrir á hvað leggja skuli áherslu þegar í upphafi (greining), hvaða þætti þurfi að gera strax (forgangsröðun), hvaða þætti lögreglumaður á vettvangi (útkallslögregla) geti afgreitt sjálfur og án aðstoðar sérfróðra (sjálfbærni) og ekki síður hvenær rétt sé að kalla eftir aðstoð.

Markmið rannsókna og hlutverk lögreglu

Lögreglumaður þarf að þekkja rækilega þau rannsóknarmarkmið sem leiða af VII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála með hliðsjón af eðli máls sem til umfjöllunar er. Hann þarf að skilja vel hlutverk lögreglunnar við upplýsingaöflun á öllum stigum lögregluaðgerða og þekkja þær aðferðir sem lög leyfa og kveða á um til að unnt sé leggja nauðsynlegar upplýsingar í hendur ákærvalds. Slík þekking næst með því að hafa haldgóðan skilning á sakamálaréttarfari, sem fæst ekki sist með því að rýna, undir leiðsögn, dóma þar sem reynt hefur á vinnubrögð lögreglu og ákærvalds og öðlast þannig vald á nauðsynlegri lögfræðilegri hugsun.

Líkamsleit, húsleit, haldlagning, skráning og meðferð sönnunargagna; Meðferð og varðveisla sönnunargagna, þ.m.t. fingrafara, skófara og annarra ummerkja á vettvangi

Lögreglumaður þarf að þekkja löglegar og nauðsynlegar aðferðir við öflun sönnunarganga á vettvangi, hann þarf að kunna skil á verndun og meðferð sönnunargagna, þekkja gildi þeirra til að leiða hið sanna í ljós og átta sig á hvað geti talist til sönnunargagna.

Vinnubrögð lögreglu á vettvangi: Lögregluljósmyndun

Lögreglumaður þarf að skilja nauðsyn þess og kunna aðferðir til að ávallt séu viðhafðar bestu tiltækar aðferðir við vettvangsrannsókn sem miða að því að leiða hið sanna og rétta í ljós með nákvæmri vinnu og skráningu, meðal annars með vettvangsljósmyndun á fyrstu stigum. Í alvarlegri tilvikum má reikna með að sérþjálfaðir lögreglumenn annist fullnaðar vettvangsvinnu.

Rannsóknir tiltekinna brota, m.a. mannlát, kynferðisbrot, ofbeldisbrot, auðgunarbrot, slys

Lögreglumaður þarf að hafa ríkan skilning á því á hvaða atriði leggja skuli áherslu við rannsóknir tiltekinna brota og annarra atvika sem lögreglan sinnir. Þetta verður því aðeins gert að hann þekki rækilega hvernig lög skilgreina brot (heimfærsla), hvað lesa megi út úr dómaframkvæmd og hvernig leiða þurfi fram við rannsókn grunnatriði um saknæmi, tilraun, hlutdeild o.fl.

Skýrslutaka, upptaka og samantektarskýrsla

Lögreglumaður þarf að hafa á valdi sínu nauðsynlega samskiptafærni til hann geti með fullnægjandi hætti aflað upplýsinga hjá sakborningum, vitnum sem og hjá börnum og þeim sem minna mega sín. Hann þarf að kunna að varðveita skýrsluna í stafrænu formi og skila henni sem samantekt eða með öðrum viðurkenndum hætti sbr. gildandi reglur. Skýrslugerð í rannsóknum og almenn skýrslugerð lögreglu á hér samleið og ástæðulaust að skilja þar á milli.

Endurheimt ávinnings af brotum

Lögreglumaður þarf að þekkja lagareglur um endurheimt ávinnings og hafa skilning á hvernig unnt sé að haldleggja eða kyrrsetja muni eða fjármuni.

Skipulögð brotastarfsemi

Lögreglumaður þarf að þekkja einkenni skipulagðrar brotastarfsemi, kunna leiðir til að koma vitneskju um slíkt á framfæri á réttum stöðum og eftir atvikum hefja rannsókn að eigin frumkvæði.

Löggæsla/rannsóknir í alþjóðlegu umhverfi

Lögreglumaður þarf að þekkja og skilja samhengi löggæslu/rannsókna á Schengensvæðinu, átta sig á því að gagna kann að vera að leita annars staðar en á Íslandi í málum sem upp koma hér á landi, þekkja leiðir til að afla þeirra og eftir atvikum miðla.

Félags- og heilbrigðisvísindi: Í umsögnum hagsmunaaðila, starfsgreiningu og viðhorfum var að finna sérstaka áherslu á þætti sem falla hér undir. Í starfsgreiningunni bentu kjarnaþættir til þess að mikilvægir þættir væru hugræn geta, árverkni, þolinmæði, samskiptafærni og almenn sálfræðileg þekking. Þá nefndu lögreglumenn sjálfir samskiptahæfileika (18%), ákvarðanatöku (15%) og siðferði (13%) sem mikilvægustu þætti starfsins. Með því að auka vægi félags- og heilbrigðisvísinda í grunnnámi lögreglumanna er verið að bæta færni lögreglumanna á sviðum sem þeir sjálfir og helstu hagsmunaaðilar telja mikilvæga.

Samskipti við fólk á vettvangi

Hlutverk lögreglumanns á vettvangi getur verið fjölbreytt og hann þarf því að búa yfir margvíslegri leikni og hæfni. Í senn kann að vera að beita þurfi fyrstu hjálp, sálrænum stuðningi, afla frumframburðar sjónarvotta og þolenda, auk þess að afla framburðar mögulegra sakborninga. Tilgangur þessa efnisþáttar er að efla nemendur í árangursríkum tjáskiptum við skjólstæðinga og aðstandendur. Í efnisþætti þessum er lagður grunnur að faglegum samskiptum nemenda við skjólstæðinga og samstarfsfólk. Nemendur skoða viðhorf sín og gildi en jafnframt eigin styrkleika og veikleika í mannlegum samskiptum. Þeir kynnast vandamálum sem upp kunna að koma í

mannlegum samskiptum og lykilleiðum til að leysa ágreining. Samskipti eru skoðuð m.t.t. félags- og menningarlegs breytileika einstaklinga (aldur, kyn, þroski) og hópa og varpað er ljósi á siðferðileg álitamál. Farið er yfir árangursrík tjáskipti í teymisvinnu og í þverfræðilegu samstarfi við aðrar fagstéttir sem sinna bráðaþjónustu. Kennð er samskiptaþjálfun þegar við er að eiga erfiða einstaklinga og þá sérstaklega farið yfir hvatningasamtalið (motivational interviewing). Annað hlutverk sem lögreglumenn þurfa að búa sig undir er samningatækni við fólk sem er hættulegt sjálfum sér eða öðrum. Lögreglan á samskipti við fjölbreyttan hóp fólks. Hér eru dæmi um mismunandi hópa, svo einhverjir séu nefndir:

- Þolendur
- Gerendur
- Aðstandendur
- Mismunandi þjóðerni
- Mismunandi ástæður
- Vitni
- Fólk í áfalli og/eða sorgarástandi
- Með geðraskanir
- Fólk í viðkvæmri stöðu
- Fólk með fötlun

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Þekkja og geta úrskýrt undirstöðuatriði tjáskiptakenninga
- Hafa öðlast fræðilega þekkingu á undirstöðuatriðum viðtalstækni
- Hafa vísindalega þekkingu á árangursríkum tjáskiptum
- Hafa öðlast vísindalega þekkingu á því hvernig sjálfsmýnd einstaklingsins er mikilvægur þáttur tjáskipta
- Hafa öðlast skilning á meginferli samskipta lögreglu og borgara.

Leikni:

- Geta beitt gagnrýnum aðferðum við að greina eigin styrkleika og veikleika í samskiptatækni og tengslamyndun
- Geta á árangursríkan hátt beitt virkri hlustun
- Geta beitt gagnrýnum aðferðum við að greina samskipti á grundvelli tjáskiptakenninga í tilbúnum aðstæðum (hvað var árangursríkt og hvað ekki).

Hæfni:

- Hafa þróað með sér hæfni til samskipta sem hafa styðjandi tilgang
- Geta sett sér markmið og áætlun um að efla samskiptafærni sína
- Nýta þekkingu um árangursríka viðtalstækni, taka viðtal og greina það
- Vera fær um að beita aðferðum árangursríkrar viðtalstækni (virk hlustun, samhygð, ákveðni)

Streitu- og tilfinningastjórn lögreglumanna:

Lögreglumenn starfa undir miklu álagi, koma að áfallatburðum og eiga samskipti við fólk í uppnámi. Mikilvægt er að undirbúa þá vel undir slík verkefni til að draga úr líkum á kvíða, þunglyndi, áfallastreitu og starfsþrotum. Einnig þarf að þjálfa viðbrögð lögreglumanna nægjanlega vel til að þeir geti klárað verkefnið.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Þekkja og geta gert grein fyrir eðli og einkennum streitu tengdri áföllum, sérstökum verkefnum lögreglu og uppsöfnuðu álagi
- Geta greint eðlilegar mannlegar tilfinningar og þekkja leiðir til að hugsa um þær á uppbyggilegan hátt
- Þekkja og geta beitt aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og slökunar
- Þekkja og geta bent á þau úrræði sem þeim standa til boða innan lögreglunnar (félagastuðningur og sálfræðiþjónusta) og heilbrigðiskerfisins

Leikni:

- Uppgötva eigin streitueinkenni og hugsanir við mismunandi aðstæður og tengja þau við þekkingu sína á líkamlegum, hugrænum og hegðunarlegum streitueinkennum
- Aðlaga hugsanir sínar að þeim hugsanahætti sem kenndur er til að draga úr eigin streitu og neikvæðum tilfinningum þannig að þeir geti leyst erfið verkefni
- Geta beitt aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og slökunar á vettvangi

Hæfni:

- Geta borið saman og aðgreint mismunandi tegundir streitu
- Geta mótað eigin leiðir sem henta þeim við streitustjórnun og samþætta þannig mismunandi aðferðir eftir því sem þeim hentar best
- Geta undirbúið sig undir erfið verkefni og yfirfært leikni sína yfir á nýjar aðstæður

Skýrslutökur á sakborningum, brotapolum og vitnum: Af augljósum ástæðum þurfa lögreglumenn að búa yfir mikilli skýrslutökufærni eigi þeir að mæta þörfum þeirra hópa sem taka þarf framburð frá. Lögreglumenn þurfa því að þekkja áhrif áfalla, sorgar, geðraskana, fatlana á framburð brotþola, vitna og sakborninga, o.fl. Þessa færni þurfa lögreglumenn að geta sýnt bæði við staðlaðar aðstæður eins og skýrslutökuherbergi á lögreglustöð og úti á vettvangi og/eða í lögreglubifreið.

Margar mismunandi skýrslutökuaðferðir eru til en þær eiga það sameiginlegt að flestar byggja þær á vísindalegum rannsóknum (t.d. *cognitive interview, conversation*

management). Til eru aðferðir sem eru siðferðilega vafasamar, byggja ekki á vísindalegum rannsóknum og geta verið skaðlegar brotapolum, vitnum og sakborningum. Lögreglumenn þurfa að þekkja muninn á þessum aðferðum og kunna að beita gagnreyndum, árangursríkum og siðlegum aðferðum við skýrslutöku. Þeir þurfa að hafa þekkingu á einkennum lyga og blekkinga og geta fundið gloppur í frásögnum fólks þannig að unnt sé að ná heildarmyndinni fyrir sakamál. Lögreglumenn þurfa einnig að hafa grunnþekkingu á þáttum sem snúa að vitnisburði, sérstaklega hvað varðar skynjun, athygli og minni.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Þekkja og geta greint frá þáttum sem geta haft áhrif á framburð brotþola og vitna, svo sem athygli, minni, o.fl.
- Þekkja og geta lýst þeim fjölbreytta hóp sem lögreglan fæst við, m.t.t. áfalla, sorgar, geðraskana, menningarbakgrunns, o.fl.
- Þekkja megin aðferðafræði við skýrslutökur, þ.e. hugræna viðtalið og samtalsstjórnun.
- Þekkja helstu leiðsagnareglur og skekkjur (heuristics and biases) sem eru algengar hjá fagfólki (t.d. staðfestingaskekkjan, geislabaugaráhrifin, staðalmyndir)
- Þekkja og geta útskýrt gagnreyndar aðferðir til að eiga samskipti við brotþola og afla framburðar með skýrslutöku, hvort heldur á vettvangi eða á lögreglustöð

Leikni:

- Geta aðlagð spurningar sínar og viðmót að þörfum mismunandi hópa á vettvangi
- Geta beitt gagnreyndum aðferðum til að afla framburðar á vettvangi og tengja hann við þekkingu sína á þeim sérþörfum sem viðkomandi einstaklingur hefur
- Vera fær um að setja fram tilgátur og prófa þær í rannsóknarferlinu

Hæfni:

- Hafa tileinkað sér hæfni í að ákveða viðeigandi spurningar, aðgreina milli mismunandi sérþarfa þeirra sem þeir fást við á hverjum tíma og leysa ófyrirséðan vanda sem kann að koma upp á vettvangi
- Geta samþætt þekkingu sína og leikni miðað við aðstæður hverju sinni og geti fært rök fyrir nálgun sinni

Afbrotafræði: Grunnþekking í afbrotafræði er gagnleg þekking fyrir lögreglumenn enda umgangast þeir fólk sem hefur framið afbrot og/eða orðið fyrir afbrotum. Orsakir og kortlagning afbrota er nauðsynleg þekking til að sinna uppljóstran og forvörnum brota. Að þekkja kenningar í afbrotafræði og helstu rannsóknir og

fræðigreinar sem hafa verið skrifaðar í faginu er nauðsynlegt fyrir lögreglumenn (t.d. félagslega upplausn, félagsleg samskipti og siðrof). Það veitir lögreglumönnum mikla innsýn í hvers vegna afbrot eru framin og eykur þekkingu á einstaklingum sem fremja afbrot. Þekking á kenningum í afbrotafræði og beiting þeirra eykur hæfni lögreglu við að takast á við afbrot og hvernig hægt er að draga úr afbrotum og gerir almennt eftirlit lögreglu skilvirkara.

Sumir afbrotamenn brjóta ítrekað af sér. Þeir beita oft sambærilegum aðferðum og því þurfa lögreglumenn að geta beitt vísindalegri nálgun við samanburð á hegðun og aðferðum brotamanna milli brota. Einnig þurfa þeir að geta greint á milli mismunandi brotamanna til að geta tengt brot. Þekking á afbrotafræði og kortlagning brota er því mikilvæg.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Geta greint frá og útskýra helstu kenningar og hugtök afbrotafræðinnar
- Segja frá helstu fræðimönnum afbrotafræðinnar og rannsóknum þeirra

Leikni:

- Geta útskýrt mismunandi tegundir afbrota út frá ólíkum kenningum
- Geta greint íslenskan veruleika afbrota í ljósi kenninga og rannsókna afbrotafræðinnar
- Geta borið saman ólíkar kenningar afbrotafræðinnar og leggja mat á þær
- Geta tjáð sig í rituðu máli um kenningar og hugtök afbrotafræðinnar

Hæfni:

- Geta metið og nýtt sér ólíkar upplýsingar og gagnasöfn um afbrot, lagt mat á grundvelli kenninga og sett fram ólíkar leiðir til lausnar á vanda afbrota.

Siðfræði og fagmennska: Í þessu námskeiði er farið í **siðfræði** með áherslu á nytjastefnu, réttarstefnu (skyldukenningar), mannréttindi og siðfræðileg hugtök eins og sjálfræði, velferð, friðhelgi einkalífs og virðingu. Jafnframt er fjallað um tengsl fagmennsku og siðferðis.

Rætt verður um gagnrýna hugsun og um megineinkenni vísindalegrar hugsunar og starfsemi. Fjallað er um staðreyndabekkingu og þekkingu á mannlegum verðmætum. Áhersla er lögð á að tengja hina fræðilegu umfjöllun við siðferðileg álitamál í starfi lögreglumanna.

Almenn siðfræði treystir þekkingargrunn lögreglumanna við úrlausn flókinnar verkefna á vettvangi.

Heiðarleiki, hugsanaháttur. Til er sameiginleg námsskrá um siðferði og varnir gegn spillingu sem gefin er út af Evrópska lögregluskólanum. Einn af þeim þáttum sem eru veigamiklir í hjálfun lögreglumanna á þessu sviði eru hugsanaskekkjur sem réttlæta minniháttar greiðvikni en geta endað með spillingu (slippery slope of corruption). Til að auka siðferðisþrek lögreglunema er því nauðsynlegt að hjálfa vel viðbrögð við aðstæðum sem fela í sér freistingar.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

Hafa öðlast almennan skilning og hafa innsæi í helstu kenningar og hugtök siðfræðinnar. Þekkja og geta útskýrt:

- Siðfræðikenningar
- Valda mannréttindasáttmála og kenningar um mannréttindi og forsendur þeirra
- Lykilhugtök í siðfræði, þ. á m. hugtökin sjálfræði, velferð, firðhelgi einkalífs og virðingu
- Siðferðilegar forsendur hugmynda um fagmennsku og trúnað og siðareglur lögreglu, fagfólks í frítímaþjónustu og fleiri starfsstétta
- Muninn á vísindalegri aðferð og hversdagslegri skoðanamyndun

Leikni.

- Geta beitt gagnrýnum aðferðum siðfræðinnar við greiningu siðferðilegra álitamála í starfi
- Röktutt ákvarðanir sínar með tilvísun í siðferðileg gildi og réttindi
- Hafa myndað sér skoðanir á forsendum gagnrýnnar hugsunar
- Geta greint siðferðileg álitamál í starfi sínu

Hæfni.

- Geta aflað sér þekkingar á sviði siðfræði.
- Vera reiðubúinn til að vinna sjálfstætt á sviði sem krefst siðferðilegrar ábyrgðar.
- Geta tekist með skynsamlegum hætti á við siðferðileg álitamál í starfi

Tölfræði (í bakkalár námi): Tilgátuprófanir/aðferðafræði vísinda. Í eðli sínu byggja rannsóknir brota á tilgátuprófun þar sem gagna er aflað sem annað hvort styðja við eða hrekja tilgátur um aðburðarás. Því er mikilvægt að lögreglumenn hafi grunn í tilgátuprófun og geti lesið vísindarannsóknir og hagnýtt niðurstöður þeirra í starfi. Sama aðferðafræði kemur að gagni við forvarnastarf lögreglu þar sem fjöldi brota á tilteknu svæði kann að vera til skoðunar og beita þarf vísindalegum aðferðum við að kortleggja mögulegar orsakir brotanna, grípa inn í og meta árangur.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Hafa öðlast skilning og geta beitt algengum tölfræðilegum hugtökum í lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði
- Þekkja og geta greint frá mun á ólíkum tegundum breyta
- Geta greint á milli ólíkra mælikvarða á miðlægni, svo sem meðaltals, miðgildis og tíðasta gildis
- Geta greint á milli ólíkra mælikvarða á dreifingu, svo sem spönnunar, staðalfráviks og ferviks
- Þekkja stöðlun tölugilda og geta túlkað staðalgildi
- Þekkja ólíkar tíðnidreifingar, svo sem skakkar dreifingar, normaldreifingu og t-dreifingu og geta unnið með þær
- Þekkja tölfræðilega marktækni, greina mun á milli núlltilgátu og varatilgátu og geta greint milli ólíkra marktækniprófa, svo sem z-prófa, t-prófa og kí-kvaðrat prófa
- Geta túlkað reiknaða marktæknistuðla og dregið tölfræðilegar ályktanir af þeim. Þeir þekki fylgnihugtakið, geti greint milli fylgnistuðlanna Pearson's r , Spearman's r , Phi og Cramer's V og túlkað þá.

Leikni:

- Geta greint hvenær er viðeigandi að lýsa miðlægni gagnasafns með meðaltali, miðgildi og tíðasta gildi og hvenær viðeigandi er að lýsa dreifingu gagnasafns með spönnun, staðalfrávik og ferviki
- Vita hvenær viðeigandi er að beita einstökum marktækniprófum, svo sem z-prófum, t-prófum og kí-kvaðrat prófum
- Vita hvenær viðeigandi er að nota einstaka mælikvarða á fylgni, svo sem Pearson's r , Spearman's r , Phi og Cramer's V

Hæfni:

- Geta beitt í lýsandi tölfræði ólíkum mælikvörðum á miðlægni í gagnasöfnum, svo sem meðaltali, miðgildi og tíðasta gildi
- Geta beitt ólíkum mælikvörðum á dreifingu í gagnasöfnum, svo sem spönnun, staðalfrávik og ferviki. Geta staðlað tölugildi og framkvæmt z-, t- og kí-kvaðrat próf
- Geta reiknað fylgnistuðlana Pearson's r , Spearman's r , Phi og Cramer's V

Aðferðafræði (í bakkalár námi): Námi í aðferðafræði er ætlað að veita nemendum í lögreglufræðum skilning á helstu grunnhugtökum aðferðafræðinnar sem og þekkingu á algengustu rannsóknáðferðum sem beitt er í lögreglufræði. Áhersla er einnig lögð á að þjálfarar nemendur í lestri og gagnrýnu mati á rannsóknum í lögreglufræði sem og öðrum vísindagreinum.

Hæfniviðmið

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

- Þekkja og skilja almenn hugtök í aðferðafræði og geta beitt þeim skilningi við fræðilega umfjöllun um viðfangsefni lögreglufræði
- Skilja og geta gert grein fyrir grunnhugtökum í aðferðafræði eiginlegra og meginlegra rannsókna
- Skilja hvernig beita má vísindalegum rannsóknum til að afla aukinnar þekkingar í lögreglufræði
- Gera grein fyrir hugtakinu gagnreynd þekking og útskýra gildi rannsókna í lögreglustarfi, sem og við ákvarðanatöku í löggæslu

Leikni:

- Geta beitt ólíkum aðferðum sem beitt er við úrtekt, gagnasöfnun, gagnagreiningu í rannsóknum í lögreglufræðum
- Geta aflað sér upplýsinga um niðurstöður rannsókna í lögreglufræði og nýtt þær í starfi
- Vera fær um að afla sér rafrænna heimilda um rannsóknir í lögreglufræði
- Vera fær um að miðla niðurstöðum rannsókna í lögreglufræðum til samnemenda og samtarfsfólks
- Að greina og gagnrýna rannsóknir í lögreglufræði og tengdum greinum

Hæfni:

- Beita hugtökunum áreiðanleika, réttmæti og trúverðugleika við lestur rannsóknarskýrslna og til að leggja mat á niðurstöður rannsókna í lögreglufræði
- Geta beitt sjálfstæðri og gagnrýnni hugsun við lestur og greiningu á rannsóknarskýrslum í lögreglufræði og tengdum greinum
- Vera fær um að draga saman rannsóknarniðurstöður til að skapa heildstæða þekkingarmynd á völdum viðfangsefnum lögreglufræðinnar
- Geta lagt fram drög að rannsóknaráætlunum lögreglufræði í rituðu máli

Starfsþjálfun: Markmið með starfsþjálfun er að hagnýta þekkingu í starfi í samvinnu við reynda lögreglumenn. Það brúar bil á milli náms og sjálfstæðis í starfi og gefur lögreglumema kost á að auka reynslu sína í fjölbreyttum verkefnum lögreglunnar. Starfsreynsla gefur lögreglumenum færi á því að nýta þekkingu sína og kunnáttu, styrkja hana í sessi við aðstæður sem teljast til starfa lögreglunnar. Slík hagnýt reynsla stuðlar að auknum gæðum í löggæslu.

Nemi skal í starfsnámi fara í heimsókn á x staði, þ.m.t. á slökkviliðsstöð, Fjarskiptamiðstöð lögreglustjóra, tæknideild, o.fl.

Verknám er kennt í lotu eftir önn tvö, 2-4 vikur. Áframhaldandi þjálfun fer fram í starfsnámi hjá lögregluembættum.

- Valdbeiting
 - Lögreglutök / sjálfsvörn
 - Handtökuaðferðir
 - Lögreglutæki
 - Skotvopnaþjálfun
- Líkamsþjálfun
- Líkamsþekking
- Akstur – góðakstur, AMF þjálfun
- Verkefnavinna
- Verklegar æfingar
- Fyrsta hjálp
- Almannaþing (SÁBF, áætlanir og viðbrögð)
 - Vettvangsstjórnun
 - Leit og björgun
 - Björgunarsund
 - Grundvallaratriði rötunar
 - Skýrslugerð
 - Fjarskiptatækni, símsvörun
 - Neyðarlína og fjarskiptamiðstöð

Skipulag starfsþjálfunar

Starfsþjálfun fer fram á öllum námsárum, ýmist samhliða eða í kjölfar fræðilegrar kennslu. Fræðilegi hluti námsins veitir nemendum góða yfirsýn yfir störf lögreglunnar, sem og nýjar leiðir til að sinna þeim. Starfsþjálfun og verknám hjálpar nemendum aftur á móti við að takast á við dagleg verkefni á árangursríkan hátt. Þeir sem hljóta eingöngu fræðilegt nám gætu átt erfitt með að beita kenningum við dagleg störf sín og þeir sem eru þjálfaðir út frá hagnýtu sjónarhorni eru öruggari í daglegu starfi þar til kemur að flóknari verkefnum sem þarf að fást við. Með öðrum orðum má segja að fræðin kenni að gera réttu hlutina en verknámið kenni hvernig á að gera hlutina rétt.

Gert er ráð fyrir að starfsþjálfunin verði samvinnuverkefni milli þeirrar háskólastofnunar sem kennir grunnnámið og starfsþróunarsetursins. Starfsþróunarsetrið kemur að skipulagningu og eftirliti með framkvæmd starfsnámsins. Gerð verður sérstök handbók með verkþáttum sem ber að þjálfa á meðan starfsþjálfun varir, bæði fyrir nemendur og leiðbeinendur.

Leiðbeinendur í starfsþjálfun

Til að verða leiðbeinandi í starfsþjálfun þarf að hafa lokið sérstöku námi þar sem farið er yfir hlutverk, skyldur og kennslufræðilegar aðferðir fyrir leiðbeinendur. Sérstök áhersla er á að gefa uppbyggilega endurgjöf og sálrænan stuðning. Frekari útfærsla á starfsþjálfun verður í handbók sem verður kynnt bæði leiðbeinendum og nemum.

Lokaverkefni (í bakkalárnámi): Lokaverkefni í lögreglufræði er 10–20 eininga námskeið sem undirbýr nemendur til að beita fræðilegum vinnubrögðum og aðferðafræðilegri þekkingu í þeim tilgangi að setja fram nýja þekkingu. Verkefnin geta verið ritgerð sem er byggð á fræðilegum heimildum, þróunarverkefni, greining gagna sem þegar hefur verið safnað eða frumrannsókn. Í öllum verkefnum er gerð fræðileg samantekt. Nauðsynlegt er að nemendur hafi lokið námskeiðunum í tölfræði og aðferðafræði áður en þeir hefja nám í þessu námskeiði.

Þekking

- Skilja og geta beitt fræðilegum vinnubrögðum til að auka þekkingu í lögreglufræði
- Þekkja og skilja almenn hugtök í aðferðafræði og beita þeim skilningi við fræðilega umfjöllun um viðfangsefni lögreglunnar

Leikni

- Beita sjálfstæðri og gagnrýnni hugsun við greiningu á og umfjöllun um niðurstöður vísindarannsókna í lögreglufræðum
- Geta beitt fræðilegum vinnubrögðum við greiningu og úrlausn viðfangsefna er varða þekkingarþróun í lögreglufræði
- Vera fær um að rökstyðja fræðilegar niðurstöður sínar og þær ályktanir sem draga má af þeim
- Vera fær um að draga saman rannsóknarniðurstöður til að skapa heildstæða þekkingarmynd á völdum viðfangsefnum

Hæfni

- Geta aflað sér upplýsinga um rannsóknarniðurstöður og fræðilega þekkingu í lögreglufræði; flokkað þær og borið saman og lagt mat á trúverðugleika upplýsinganna
- Geta fjallað um og fært rök fyrir fræðilegum niðurstöðum á opinberum vettvangi.
- Geta sett fram lögreglufræðilega þekkingu í rituðu máli

Dæmi um línur/efnisþætti til viðbótar í bakkalárnámi:

Rannsóknir brota:

- Ofbeldisbrot
- Kynferðisbrot
- Tölvurannsóknir

Stjórnunarkúrsar.

Vettvangsstjórn (almannavarnir, áhættugreining, skotárásir, o.fl.)

Viðauki II: Frekari niðurstöður úr könnun meðal lögreglumanna

Fulltrúar nefndar um endurskoðun þjálfunar Lögregluskóla Íslands óskuðu eftir greiningu og úttekt á starfi almennra lögreglumanna. Ólafur Örn Bragason, deildarstjóri mannauðssviðs, Tjörvi Einarsson, lögreglufulltrúi og Ólafur Kári Júlíusson, M.Sc. í vinnusálfræði voru fengnir til að vinna verkefnið. Tekið er fram að hér er um frum niðurstöður að ræða og verður áherslan einungis á kjarnaþætti sem koma fram í niðurstöðum.

Ákveðið var að nota spurningalista til að ná sem mestum upplýsingum innan þess tímaramma sem að verkefnið leyfði. Megin kostir þess að nota spurningalista í þessu tilfelli eru þeir að með notkun slíks lista má ná fram talsverðri hagræðingu í tíma og kostnaði og talsvert magn af listum er þegar til sem notaðir hafa verið með góðum árangri í erlendum rannsóknum. Spurningalistinn sem varð fyrir valinu hefur verið notaður í Ástralíu með góðum árangri. Sá listi inniheldur atriði sem ná vel yfir breitt og fjölbreytt svið verkefna lögreglumanna. Listinn var þýddur og staðfærður til að eiga betur við íslenskar aðstæður og sendur á tölvupóstfangslista frá tölvudeild Ríkislögreglustjóra.

Til viðbótar við þýdda listann voru tvær spurningar sem fjölluðu beint um lögregluna á Íslandi. Þær voru settar saman að fyrirmynd spurninga í ástralska listanum en voru staðfærðar beint að Íslandi með því að taka innihald þeirra upp úr reglugerð um lögregluskólann annarsvegar og reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar hinsvegar. Tilgangur spurninga um lögregluskólanna var að meta að hvaða marki lögreglumönnum þættu þeir undir störf sín búnir eftir nám í skólanum. Tilgangur spurninga um starfsstig var að kanna að hvaða marki lögreglumenn væru að sinna störfum eins og þau eru skilgreind sem ábyrgðar og verksvið starfstigs þeirra í reglugerðinni.

Til þess að finna út hvaða verkþættir í starfi lögreglumanna væru kjarnaþættir í starfinu voru þrjú atriði skoðuð: Tíðni verkþáttar, mikilvægi verkþáttar og erfiðleiki verkþáttar. Notast var við miðgildi í þessari greiningu. Ef einhver verkþáttur fékk miðgildið 1 á einhvern af undirkvörðum mikilvægis, tíðni eða erfiðleika var litið sem svo á að þátturinn flokkaðist sem kjarnaþáttur. Rökstuðningurinn er sá að sé einhver verkþáttur mjög algengur, mjög mikilvægur eða mjög erfiður þá er mikilvægt að veita þjáflun á þann þátt.

Í heildina svaraði og lauk 161 þátttakandi könnuninni. 384 byrjuðu á könnuninni en vegna óútskýrðrar bilunar sem varð í kerfinu lentu þó nokkrir þátttakendur í því að ná ekki að ljúka könnuninni og fylltu hana því ekki aftur út. Eftir að hafa farið yfir svörum þátttakenda og rætt við fulltrúa fyrirtækisins sem heldur utan um könnunarkerfið má útskýra að mestu hátt brottfall með tilvísan til þeirra tæknilegu örðugleika sem urðu.

Þau gögn og upplýsingar sem fást úr starfsgreiningu sem þessari eru mjög mikilvæg fyrir lögregluna og Lögregluskólann. Gögnin gefa gagnlegar vísbendingar um þá verkþætti sem að almennir lögreglumenn þurfa að sinna í starfi sínu. Upplýsingar sem þessar má nota til að meta þjálfunarþörf innan Lögregluskólans, byggja upp frammistöðumat, hanna áreiðanlegt og réttmætt valferli sem eykur líkur á því að réttir einstaklingar séu valdir inn í námið. Aðferðir sem eru nýttar í dag miða gjarnan að því að velja umsækjendur út vegna hverskonar galla eða bresta sem þeir búa yfir. Með upplýsingum úr starfsgreiningu er hægt að finna einstaklinga sem búa yfir þekkingu,

hæfileikum og getu til að sinna þeim verkþáttum sem lögreglumenn starfa að öllu jöfnu við. Þannig aukast líkur á því að hægt sé að velja inn einstaklinga sem búa yfir mikilvægum þáttum og hámarka þannig nýtingu á þeim mannauð sem sækir um inn í Lögregluskólann.

Hér fyrir neðan eru settar fram helstu upplýsingar í töfluformi til að hjálpa lesanda að átta sig á hlutverki sem lögreglumenn sinna. Í greiningunni komu fram 18 verkþættir sem falla undir skilgreiningu höfunda á kjarnaþætti í starfinu. Þessir þættir koma einnig fram í öðrum úttektum erlendis. Starf íslenskra lögreglumanna er því keimlíkt starfi lögreglumanna erlendis. Sé starf lögreglumanna hér borið saman við starf erlendis þá virðist vera að ríkari áhersla sé á umferðareftirlit í starfi almennra lögreglumanna hér heldur en erlendis.

Mörg atriði sem falla undir kjarnastarfsemi reyna á andlega og hugræna getu lögreglumanna. Stór hluti af starfi þeirra varðar söfnun upplýsinga, samskipti við samstarfsmenn og almenning og eftirlit. Slík verkefni reyna mikið á árvekni, þolinmæði og samskiptahæfileika. Sterkir sálfræðilegir þættir liggja því að öllum líkindum til grundvallar getu lögreglumanna og því er nauðsynlegt að velja inn einstaklinga sem eru þegar sterkir á þessum sviðum auk þess að mikilvægt að veita hagnýta fræðslu og þjálfun á sviði þessara sálfræðilegu þátta. Niðurstöður úr þessari könnun benda til þess að lögreglumenn telji sjálfir að andlegir þættir séu með mikilvægustu hæfnisþáttum starfsins.

Þegar farið er yfir niðurstöður má sjá að reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar virðist ekki ná nægjanlega vel yfir þau hlutverk sem almennir lögreglumenn sinna að öllu jöfnu. Þegar fjöldi kjarnaatriða í reglugerð er borin saman við fjölda kjarnaatriða í starfsgreiningu er skýrt misræmi.

Draga má þá ályktun að nokkur munur sé á meintum verkefnum almennra lögreglumanna og raunverulegum verkefnum ef marka má niðurstöður könnunar.

Höfundar telja rétt að þjálfun í Lögregluskóla ríkisins verði endurskoðuð með tilliti til þeirra niðurstaðana sem koma fram í þessar samantekt. Þessar niðurstöður er æskilegt að nota samhliða mati sérfræðinga á sviði löggæslustarfa til að meta raunþörf þjálfunar innan Lögregluskólans og tryggja þannig þjálfun sem byggist á sannreyndum upplýsingum um starf lögreglumanna. Vísbendingar eru til staðar um að reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar nái ekki nægjanlega vel yfir starf almennra lögreglumanna og því er mikilvægt að kanna vægi reglugerðarinnar í tengslum við þá þjálfun og kennslu sem nemar fá í Lögregluskólanum.

Tölur og tölfræðilegar upplýsingar um verkþætti og hlutverk almennra lögglumanna

Tafla 1. Tíðni, mikilvægi og erfiðleiki verkþátta

Atriði	Miðgildi Tíðni	SF	Miðgildi mikilvægis	SF2	Miðgildi erfiðleika	SF3
1. Rannsaka mál eða brot	2,00	,929	2,00	,939	3,00	,894
2. Beita fyrstu hjálp	3,00	,809	1,00	,702	3,00	1,049
3. Bregðast við / starfa í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og leiðbeiningum í tengslum við þau	3,00	1,269	3,00	,955	4,00	,859
4. Klára vettvangsform eða skýrslur á stöðluðu formi	1,00	,967	2,00	,965	4,00	,708
5. Taka niður framburð og gera samantekt úr honum	2,00	1,197	2,00	,830	4,00	,862
6. Undirbúningur fyrir réttarhöld (t.d. undirbúa vitni, vitnisburð, sönnunargögn o.s.fv.)	4,00	,996	2,00	1,060	3,00	1,075
7. Nota fjarskiptabúnað lögreglu	1,00	,656	2,00	,856	4,00	,748
8. Eiga í samskiptum við aðrar stofnanir eða önnur embætti (t.d. barnavernd, félagsmálayfirvöld) og beina fólki til annarra stofnana eða embætta	2,00	,930	2,00	,849	4,00	,792
9. Beita lausnamiðaðri færni (þ.e. beita þekkingu á hagnýtan hátt með því að greina aðstæður, bera kennsl á mögulegar aðgerðir og meta valkosti til að komast að sem bestri niðurstöðu)	2,00	,954	2,00	,885	3,00	,892
10. Veita þolendum afbrota aðstoð eða hjálp og vera meðvitaðir um réttindi brotþola	2,00	,939	2,00	,815	3,00	,883
11. Taka þátt í könnunum (svara spurningalistum)	3,50	,656	3,00	,939	4,00	,842
12. Leit á mönnum, ökutækjum eða í húsum	2,00	,871	2,00	,758	4,00	,865
13. Eftirlit á lögreglutæki sem fyrirbyggjandi aðgerð / til forvarna	1,00	1,238	2,00	,905	4,00	,845
14. Öðlast þekkingu á staðháttum tiltekins varðsvæðis	1,00	1,184	2,00	,913	4,00	,789
15. Þekkja bæði innri úrræði (t.d. afbrotagreining eða félagastuðningur) og samfélagsleg bjargir (t.d. félags- og heilbrigðisþjónusta)	3,00	1,173	2,00	,885	4,00	,857
16. Veita borgaranum þjónustu – sýna þjónustulund	1,00	,596	1,00	,807	4,00	,996
17. Taka þátt í símenntun – sækja símenntun / endurmenntun	4,00	,546	1,00	,772	4,00	1,001

18. Fylgja eða framfylgja siða- og / eða hegðunarreglum	1,00	1,071	2,00	,871	4,00	,969
19. Stjórna eigin steitu	1,00	1,009	1,00	,929	3,00	1,144
20. Sinna umferðareftirliti / umferðarlöggæslu	1,00	1,275	2,00	,902	4,00	,827
21. Sinna hraðaeftirliti með radar eða hraðamyndavél	1,00	1,325	2,00	,961	4,00	,733
22. Leggja til nýjar aðferðir eða nýja verkferla. (Nýjar leiðir til að framvæma verkefni)	4,00	,963	3,00	,951	4,00	,972
23. Taka við verkefnum í gegnum talstöð	1,00	,920	2,00	,795	4,00	,873
24. Halda utan um verkefni, sinna þeim og deila á aðra	1,50	1,369	2,00	,828	4,00	,946
25. Taka þátt í sérhæfðum lögregluaðgerðum (t.d. óeirðastjórnun)	4,00	,782	2,00	,966	3,00	1,176
26. Leysa úr deilumálum – beita aðferðum til að sætta deilur	2,00	1,005	2,00	,831	3,00	,966
27. Taka þátt í teymisvinnu og hvetja til liðsheildar	3,00	1,287	2,00	,891	4,00	1,008
28. Þjálfa eða handleiða samstarfsmenn/lögreglunema	4,00	1,195	2,00	,864	4,00	1,006
29. Koma á eða viðhalda góðu sambandi við samfélagið	1,00	1,365	2,00	,858	4,00	1,001
30. Sýna skilning á menningarlegum fjölbreytileika og uppruna fólks	2,00	,989	2,00	,897	4,00	1,075
31. Viðhalda öruggu starfsumhverfi	1,00	,973	1,00	,800	3,00	1,170
32. Afla sönnunargagna og tryggja þau	2,00	,948	1,00	,677	3,00	1,014
33. Taka þátt í verkefnaaðri löggæslu (aðferð við löggæslu sem miðar að því að þróa nýstárlegar lausnir til að koma í veg fyrir tiltekin brot með því að leita að orsökum þeirra)	4,00	1,260	2,00	,976	3,00	1,044
34. Taka skýrslu	2,00	,999	2,00	,816	4,00	,970
35. Nota eða viðhalda aðgerðarbúnaði	3,00	1,247	2,00	,944	4,00	,924
36. Skrá eða leita í gagnagrunnum lögreglu	1,00	,545	2,00	,833	4,00	,877
37. Viðhalda þekkingu á málefnum liðandi stundar	1,00	,717	2,00	,854	4,00	,907
38. Varðstöður (t.d. sjónpóstur)	3,00	1,133	3,00	,933	4,00	,881
39. Viðhalda eðlilegri líkamshreysti	1,00	,775	1,00	,700	3,00	1,089
40. Framkvæma stjórnslutengd verkefni (t.d. skjölun, ljósrita og undirbúa málsgögn)	3,00	1,570	3,00	1,013	4,00	,911
41. Veita samfélaginu upplýsingar	2,00	1,495	2,00	,971	4,00	,991

42. Fylgja reglum og leiðbeiningum um einkennisfatnað lögreglu	1,00	1,202	2,00	1,086	4,00	,879
43. Taka stjórn á vettvangi þar til stjórnandi kemur á vettvang	2,00	1,174	2,00	,840	3,00	,993
44. Taka niður upplýsingar á vettvangi, skriflega, með ljósmyndun eða vettvangsteikningu	2,00	,825	2,00	,793	4,00	,938
45. Aðlaga samskiptastíl sinn að þörfum viðmælanda	1,00	,977	2,00	,879	3,00	,973
46. Göngueftirlit sem fyrirbyggjandi aðgerð – í forvarnarskygni	4,00	1,148	3,00	1,041	4,00	,826
47. Sinna mannfjöldastjórn	4,00	,804	2,00	,955	3,00	1,142
48. Viðhalda samskiptum við aðra lögreglumenn, aðrar deildir og önnur lögreglulið	1,00	1,244	2,00	,864	4,00	,981
49. Afla, draga saman, greina og sannreyna upplýsingar	2,00	1,270	2,00	,907	3,00	,990
50. Kalla til liðsauka í lögreglu eða annarskonar til aðstoðar þegar þörf krefur	3,00	,989	2,00	,896	4,00	1,049
51. Notað upptökubúnað í hljóði og / eða mynd	2,00	1,413	2,00	,896	4,00	1,041
52. Handtaka eða framfylgja handtökuskipun	2,00	,867	2,00	,812	3,00	1,114
53. Setja eða vinna að markmiðum tengdum eigin starfsframa	3,00	1,374	2,00	,991	3,00	1,142
54. Framkvæma skyggingu	4,00	1,023	2,00	1,083	3,00	1,121
55. Taka þátt í lögreglufylgdum (gæti átt bæði við fylgd VIP og allar aðrar fylgdir)	4,00	,926	3,00	1,081	4,00	1,016
56. Koma auga á eða koma í veg fyrir umferðarlagabrot	1,00	1,169	2,00	,957	4,00	,926
57. Leysa af í öðrum starfsstigum/störfum eða á öðrum svæðum eins og þörf krefur	4,00	1,056	3,00	,938	4,00	,998
58. Beita sjálfsvörn eða líkamlegum fjöturum á annan einstakling	3,00	,935	1,00	,825	3,00	1,078
59. Gefa út fyrirköll eða kvaðningar	5,00	1,193	3,00	1,098	4,00	,910
60. Skipuleggja eftirlit með skólum, hverfum eða annarskonar eftirlit	2,00	1,623	2,00	,942	4,00	,914
61. Framkvæma handahófskenndar kannanir á ástandi ökumanna	2,00	1,258	2,00	,883	4,00	,857
62. Halda dagbók utan um verkefni	1,00	1,271	2,00	,929	4,00	,917
63. Aka bifreið í samræmi við umferðarlög og góð akstursviðmið	1,00	,417	1,00	,771	4,00	,910
64. Tryggja slysa-, brota- eða hamfaravettvang	3,00	,984	1,00	,822	3,00	1,087
65. Skipuleggja og/eða taka þátt í samfélagslegum atburðum	4,00	,983	3,00	1,072	4,00	,954

66. Viðhalda og uppfæra þekkingu á lögum og reglum	3,00	1,198	2,00	,829	4,00	,969
67. Eiga við ógnandi einstaklinga	3,00	,896	2,00	,768	2,00	,998
68. Sinna / hlúa að einstaklingum sem eru í haldi eða í höndum lögreglu	2,00	1,056	2,00	,801	3,00	1,027
69. Beita skotvopnum	5,00	,619	1,00	1,076	1,00	1,189
70. Bera vitni fyrir dómi	4,00	,669	2,00	,925	3,00	1,101
71. Bregðast við tilkynningum um brot, fyrirspurnum eða aðstoðarbeiðnum	1,00	,782	2,00	,784	4,00	1,000
72. Nota handjárn	3,00	,878	2,00	,781	3,00	1,129
73. Sinna fræðslu í skóla eða annari forvarnafræðslu	4,00	,814	2,00	1,102	4,00	1,009
74. Kynna brotamönnum réttarstöðu þeirra	2,00	,881	1,00	,799	4,00	,943
75. Beita kylfu	4,00	,752	2,00	1,004	2,00	1,133
76. Tilkynna eða bregðast við brotum á lögum	2,00	,903	2,00	,873	4,00	1,032
77. Eiga samskipti við ættingja og vini brotþola	3,00	,982	2,00	,889	3,00	1,057
78. Eiga samskipti við fólk með geðraskanir eða fötlun	3,00	,945	2,00	,827	3,00	1,038
79. Viðhalda og uppfæra þekkingu á valdbeitingarreglum og aðferðum	4,00	,815	2,00	,885	3,00	1,029
80. Fylgja föngum, fólki með geðraskanir, o.fl.	3,00	,964	2,00	,903	3,00	1,033
81. Forgangsráða verkhlutum í verkefni	2,00	1,129	2,00	,889	3,00	,993
82. Taka þátt í leitar- og björgunaraðgerðum	4,00	,829	2,00	,868	3,00	,987
83. Tala opinberlega	4,00	1,002	3,00	1,126	3,00	1,238

Tafla 2 Kjarnaverkþættir

Númer spurningar og verkþáttur	Tíðni	Mikilvægi	Erfiðleiki
4. Klára vettvangsform eða skýrslur á stöðluðu formi	1	2	4
7. Nota fjarskiptabúnað lögreglu	1	2	4
13. Eftirlit á lögreglutæki sem fyrirbyggjandi aðgerð / til forvarna	1	2	4
14. Öðlast þekkingu á staðháttum tiltekins varðsvæðis	1	2	4
16. Veita borgaranum þjónustu – sýna þjónustulund	1	1	4
18. Fylgja eða framfylgja siða- og / eða hegðunarreglum	1	2	4
19. Stjórna eigin steitu	1	1	3
20. Sinna umferðareftirliti / umferðarlöggæslu	1	2	4
21. Sinna hraðaeftirliti með radar eða hraðamyndavél	1	2	4
23. Taka við verkefnum í gegnum talstöð	1	2	4
29. Koma á eða viðhalda góðu sambandi við samfélagið	1	2	4
31. Viðhalda öruggu starfsumhverfi	1	1	3
36. Skrá eða leita í gagnagrunnum lögreglu	1	2	4
37. Viðhalda þekkingu á málefnum líðandi stundar	1	2	4
39. Viðhalda eðlilegu líkamshreysti	1	1	3
42. Fylgja reglum og leiðbeiningum um einkennisfatnað lögreglu	1	2	4
45. Aðlaga samskiptastíl sinn að þörfum viðmælanda	1	2	3
48. Viðhalda samskiptum við aðra lögreglumenn, aðrar deildir og önnur lögreglulið	1	2	4
56. Koma auga á eða koma í veg fyrir umferðarlagabrot	1	2	4
62. Halda dagbók utan um verkefni	1	2	4
63. Aka bifreið í samræmi við umferðarlög og góð akstursviðmið	1	1	4
71. Bregðast við tilkynningum um brot, fyrirspurnum eða aðstoðarbeiðnum	1	2	4
32. Afla sönnunargagna og tryggja þau	2	1	3
74. Kynna brotamönnum réttarstöðu sína	2	1	4
2. Beita fyrstu hjálp	3	1	3
58. Beita sjálfsvörn eða líkamlegum fjötrum á annan einstakling	3	1	3
17. Taka þátt í símenntun – sækja símenntun / endurmenntun	4	1	4
69. Beita skotvopnum	5	1	1

Tafla 3. Hlutfall innan starfsstiga sem hafa sinnt verkþáttum skv. reglugerð síðustu 6 mánuði

Hvert er starfsstig þitt?							
	Lögreglu- maður	Varð-stjóri	Rannsóknar- lögreglu- maður	Aðalvarð- stjóri	Lögreglu- fulltrúi	Aðstoðar- eða yfirlögreglu- þjónn	Samtals
Löggæslustörf	96,7%	91,8%	48,6%	70,0%	64,7%	36,4%	184
Greiða götu borgarans eftir því sem við á	87,9%	91,8%	48,6%	70,0%	52,9%	50,0%	177
Halda uppi lögum og reglu	93,4%	85,7%	48,6%	65,0%	41,2%	40,9%	174
Tryggja réttaröryggi borgaranna	83,5%	79,6%	48,6%	75,0%	52,9%	50,0%	168
Aðstoða borgarann þegar hættu steðjar að eða slys ber að höndum	84,6%	85,7%	32,4%	75,0%	23,5%	27,3%	156
Rannsóknir mála	49,5%	59,2%	83,8%	30,0%	76,5%	45,5%	134
Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt	40,7%	69,4%	16,2%	75,0%	76,5%	68,2%	120
Stjórn deilda, vakta eða verkefna	23,1%	81,6%	27,0%	90,0%	64,7%	81,8%	118
Forvarnarstörf	49,5%	61,2%	35,1%	45,0%	23,5%	45,5%	111
Þátttaka í áætlanagerð, skipulagningu og markmiðssetningu	18,7%	46,9%	18,9%	80,0%	76,5%	86,4%	95
Umsjón tækjabúnaðar	30,8%	71,4%	21,6%	45,0%	23,5%	27,3%	90
Vakstjórn samkvæmt varðskrá	30,8%	87,8%	5,4%	60,0%	5,9%	,0%	86
Eftirlit með því að skráning mála og atburða í skráningarkerfi lögreglu sé samkvæmt reglum og fyrirmælum	13,2%	67,3%	16,2%	65,0%	64,7%	50,0%	86
Fræðsluverkefni	16,5%	38,8%	37,8%	60,0%	41,2%	68,2%	82
Eftirlit með því að vinna lögreglumanna uppfylli kröfur um fagleg vinnubrögð	7,7%	63,3%	18,9%	75,0%	52,9%	54,5%	81
Þjálfunarstörf	20,9%	46,9%	27,0%	55,0%	29,4%	54,5%	80
Stjórn lögregluliðs eða hluta þess	9,9%	61,2%	5,4%	60,0%	29,4%	68,2%	73
Samstarf við ákærendur	12,1%	22,4%	51,4%	25,0%	70,6%	59,1%	71
Ábyrgð á löggæslu í hluta umdæmis	26,4%	44,9%	5,4%	45,0%	11,8%	36,4%	67
Verkstjórn við rannsókn mála	11,0%	30,6%	35,1%	25,0%	58,8%	36,4%	61
Rannsóknir viðameiri og flóknari mála	3,3%	12,2%	56,8%	10,0%	52,9%	27,3%	47

Tæknirannsóknir	7,7%	6,1%	43,2%	20,0%	29,4%	22,7%	40
Aðstoð við undirbúning saksóknar	5,5%	4,1%	35,1%	10,0%	47,1%	36,4%	38
Eftirlit með því að að fjárhagslegur rekstur sé innan fjárheimilda.	,0%	4,1%	,0%	30,0%	11,8%	63,6%	24
Samtals innan starfsstigs	91	49	37	20	17	22	236

Tafla 4. Mikilvægir kostir

Hverjum af eftirfarandi kostum eða hæfni telur þú mikilvægast að búa yfir til að geta sinnt starfi þínu á sem áhrifaríkastan hátt?

Samskiptahæfileikar	17,87%
Ákvarðanataka	15,07%
Siðferði	13,26%
Þekking á lögum og reglum	13,18%
Starfsreynsla	12,19%
Líkamlegt ástand	11,04%
Að geta sinnt mörgum verkefnum á sama tíma (multi-tasking)	9,64%
Þrautalausn	7,74%
Samtals	100,00%

Virðingarfyllst,

Tjörvi Einarsson, lögreglufulltrúi

Ólafur Kári Júlíusson, M.Sc. í vinnusálfræði

Viðauki III: Námsvísir Lögregluskóla ríkisins

Námsvísir Lögregluskólans

Bóklega grunnnámið hefur byggst upp á tveimur önnum, fjórum mánuðum hvor önn og hefur námsvísir skólans verið að mestu óbreyttur um árabíl, frá því námið var stýtt 2001 úr tveimur árum í eitt :

Greinar	Fyrri önn	Síðari önn
Lögfræðigreinar	114	76
Lögreglulög	28	0
Lög og reglur	28	24
Réttarfar	28	24
Refsiréttur	30	28
Lögreglufræði	237	229
Almenn lögreglufræði	58	88
Lögreglurannsóknir	57	59
Lögreglukerfið	60	55
Umferðarfræði	50	27
Lögreglusiðir	12	0
Mál og sérgreinar	92	70
Streitu- og tilfinningastjórnun	14	0
Mannréttindi	0	22
Íslenska	28	24
Lögreglusálfræði	0	24
Fyrsta hjálp	50	0
Akstursþjálfun	59	0
Góðþjálfun	10	0
Akstur með forgangi	49	0
Líkamsþjálfun	104	91
Líkamsþjálfun	40	34
Björgunarsund	16	0
Lögregluæfingar	48	57
Verkleg þjálfun	67	174
Verkl. æf. og verkefnavinna	62	100
Verkefnavinna	0	51
Valdbeiting, vopn	0	20
Setning, umræður, könnun	5	3
Samtals	673	640

Úr námskrám lögregluskólans

Yfirlit

Lögfræðigreinar

Lögreglulög

Lög og reglur

Réttarfar

Refsiréttir

Lögreglufræðigreinar

Almenn lögreglufræði

Lögreglurannsóknir

Lögreglukerfið

Umferðarfræði

Lögreglusiðir

Mál og sérgreinar

Streitu og tilfinningastjórnun

Íslenska

Fyrsta hjálp

Mannréttindi

Lögreglusálfræði

Akstursþjálfun

Líkamsþjálfun

Björgunarsund

Líkamsþjálfun

Lögregluæfingar

Verkleg þjálfun

Verklegar æfingar

Verkefnavinna

Valdbeiting og vopnaþjálfun

Starfsnám

Lögfræðigreinar

Kennarar í lögfræðigreinum eru yfirleitt lögfræðimenntaðir einstaklingar en í stöku hlutum einnig kennarar skólans. Kennslufyrirkomulag eru fyrirlestrar kennara með virkri þátttöku nemenda í umræðu um námsefnið.

Mat á námsárangri fer fram í lok hverrar annar með skriflegu prófi í námsgreininni. Það getur verið blanda af beinum efnisspurningum, krossaspurningum og jafnframt úrlausn raunhæfs verkefnis. Einkunn sem nemandi fær í námsgreininni er byggð á úrlausn hans í skriflega prófinu í lok annar og frammistöðu í skyndiprófum og/eða verkefnum sem lögð verða fyrir á önninni.

Einkunnin sem nemandi fær í námsgrein sem kennd er á báðum önnum gildir 50% á hvorri önn á móti einkunn sem hann fær fyrir frammistöðu sína í námsgreininni á þriðju önn. Meðaltal þessara tveggja einkunna myndar þannig lokaekunn í námsgreininni.

Lögreglulög

Markmið er að nemendur öðlist þekkingu á ákvæðum lögreglulaga, reglugerða og reglna sem sett hafa verið með heimild í lögnum. Nemendur skulu vera meðvitaðir um tilganginn með setningu lagaákvæðanna og þekkja bakgrunn þeirra, með áherslu á mikilvægi þeirra vegna rétttrar framkvæmdar lögreglustarfa. Þessi grein er einungis kennd á fyrstu önn en allar hinar lögfræðigreinar á báðum bóknámsönnum.

Viðfangsefni

Sögulegur bakgrunnur og fyrirmyndir nógildandi lögreglulaga

Hlutverk lögreglu

Skipulag lögreglu og æðsta stjórn

Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa

Veiting starfa í lögreglu og starfslok

Starfskjör lögreglumanna

Löggæslukostnaður

Kærur á hendur lögreglu

Lögregluskóli ríkisins

Námsefni

Lögreglulög, nr. 90/1996.

Kennslurit Lögregluskóla ríkisins þar sem eru lögreglulög nr. 90/1996 ásamt þeim reglugerðum og reglum sem settar hafa verið með vísan til laganna.

Ágrip af sögu lögreglunnar, kynningarrit, útgefið af embætti Ríkislögreglustjóra 2003. Glærur og annað efni kennara.

Lög og reglur

Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á tilteknum sérlögum og samþykktum sem hafa þýðingu fyrir lögregluna og krefjast eftir atvikum eftirlits og/eða stjórnunar af hálfu lögreglu, þannig að þeir geti starfað í samræmi við viðkomandi réttarreglur. Nemendur skulu vera meðvitaðir um tilganginn með setningu réttarreglnanna og refsíákvæði þeirra, eftir því sem við á.

Viðfangsefni

Þjóðfáni, skjaldarmerki og þjóðsöngur Íslendinga: Lög nr. 34/1944 um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið; forsetaúrskurður nr. 5/1991 um fánadaga og fánatíma; forsetaúrskurður nr. 35/1944 um skjaldarmerki Íslands; lög nr. 7/1983 um þjóðsöng Íslendinga.

Almannaskráning: lög nr. 21/1990 um lögheimili; lög nr. 73/1952 um tilkynningar aðsetursskipta; lög nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Lögreglusamþykktir – óskilamunir: Lög nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir; reglugerð nr. 1127/2007 um lögreglusamþykktir; lögreglusamþ. fyrir Reykjavíkurborg; opið bréf frá kansellínu um meðferð á fundnu fé 8. júní 1811.

Áfengismál, veitinga- og gististaðir: Áfengislög nr. 75/1998; reglugerð nr. 177/1999 um smásölu og veitingar áfengis; lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007; reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald; lög nr. 32/1997 um helgidagafrið.

Málefni barna: Barnalög nr. 76/2003, barnaverndarlög nr. 80/2002.

Opinberir starfsmenn: Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Persónuréttindi: Lögræðislög nr. 71/1997.

Umhverfismál: Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005, lög um velferð dýra nr. 55/2013, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna nr. 291/1995, reglugerð um refa- og minkaveiðar 437/1995, reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/1994, lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Vinnustaðir: lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999.

Brunavarnir: Lög um brunavarnir nr. 75/2000, lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 61/1992, reglugerð um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 157/1993.

Samgöngur: Lög um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013, siglingalög nr. 34/1985, lög um köfun nr. 31/1996, lög um loftferðir nr. 60/1998.

Tollalög: Tollalög nr. 88/2005, reglugerð um ýmis tollfriðindi nr. 630/2008.

Námsefni

Ljósrit af viðkomandi lögum og reglugerðum auk annars ítarefnis sem kennari telur ástæðu til að dreifa til nemenda.

Réttarfar

Markmiðið á fyrstu önn er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á helstu reglum sakamálaréttarfars og geti skilgreint þær með tilliti til hlutverks lögreglunnar, skyldu hennar, ábyrgðar og heimilda, þannig að þeir séu færir um, þegar til starfsnáms kemur, að hafa lögleg afskipti af fólki eftir því sem við á. Á þriðju önn er auk ofangreinds lögð áhersla á að nemendur öðlist kunnáttu og öðlist færni til að starfa af fagmennsku sem almennir lögreglumenn að námi loknu. Jafnframt er það markmið að búa nemendur í haginn fyrir framhaldsnám við Lögregluskóla ríkisins. Markmið þessi nást fram með yfirlitsfræðslu um meðferð sakamála, m.a. með sérstakri áherslu á atriði sem varða réttarstöðu þeirra sem lögreglan hefur afskipti af og á samskipti við.

Viðfangsefni

Um stjórnslu, réttarfarsúrræði og hugtök
Sögulegt yfirlit og meginatriði sakamálaréttarfars
Um upplýsingaöflun lögreglu og réttarstöðu þeirra sem koma að sakamálum
Mögulegar þvingunarráðstafanir með sérstakri áherslu á handtökur
Rannsóknarúrræði lögreglu og áherslan lögð á önnur þvingunarúrræði en handtöku; fjallað er um leit, hald, gæsluvarðhald

Námsefni

Aðalefni
Réttarfar – vinnuhandrit Lögregluskólans (Réttarfar I-VII) og handrit VIII á síðari önn.
Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008; reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., nr. 651/2009; mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

Annað efni

Íslenska lagasafnið, <http://www.althingi.is/> og reglugerðarsafn, <http://www.reglugerd.is/>.
Lög um meðferð sakamála ásamt greinargerð; handbók dóms- og kirkjumálaráðuneytis 2009.
Dómasafn Hæstaréttar Íslands, <http://www.haestirettur.is/>.

Refsiréttur

Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á refsireglum og refsilöggjöf með hliðsjón af framkvæmd lögreglustarfa. Megináherslan lögð á að nemendurnir séu meðvitaðir um skilyrði refsíbyrgðar og mögulegar refsileysisástæður samkvæmt íslenskri refsilöggjöf. Á þriðju önn er reynt að skýra sjálfar refsireglurnar efnislega og

með dæmum, auk þess sem fjallað er um rökin að baki þeim og samhengi þeirra og með því reynt að stuðla að betri skilningi nemenda á efninu.

Viðfangsefni

Almennt um refsirétt

Afbrot og refsing

Hlutræn skilyrði refsíabyrgðar

Huglæg skilyrði refsíabyrgðar

Hlutrænar refsileysisástæður

 Neyðarvörn

 Neyðarréttur

 Samþykki

Huglægar refsileysisástæður

 Sakhæfisaldur

 Geðrænt sakhæfi

Tilraun

Hlutdeild

Lok refsíabyrgðar

Íslenska refsilögsagan

Refsingar og önnur refsikennd viðurlög

Ákvörðun refsingar

Einstaka brotategundir

Námsefni

Refsiréttur; handrit Ragnheiðar Bragadóttur.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940 ásamt síðari breytingum.

Handrit kennara varðandi einstök brot samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ákvörðun refsingar, bls. 244-271; Jónatan Þórmundsson 1992.

Íslenska refsilögsagan – handrit, 9 bls; Jónatan Þórmundsson 1988.

Íslenska lagasafnið á heimasíðu Alþingis, <http://www.althingi.is/>.

Dómar hæstaréttar á heimasíðu Hæstaréttar Íslands, <http://haestirettur.is/>.

Lögreflufræðigreinar

Kennarar eru fyrst og fremst lögreglumenntaðir starfsmenn skólans, en allnokkuð um gestakennara í einstöku greinum, oft lögreglumenn. Kennslufyrirkomulag eru fyrirlestrar kennara með virkri þátttöku nemenda, umræðutímum, verkefnavinnu, myndböndum, heimaverkefnum, sýnikennslu, verklegum æfingum, þjálfun og fl.

Námsmat er nokkuð mismunandi eftir greinum, en yfirleitt þannig að einkunn sem nemandi fær í námgrein sem kennd er á báðum önnum gildir 50% á hvorri bóknámsönn. Meðaltal þessara tveggja einkunna myndar þannig lokaekunn í

námshreininni. Í lögreglukerfinu er matið með nokkrum öðrum hætti og byggist á úrlausn verkefna yfir önnina. Í umferðarfræði gildir einkunn á fyrstu önn 65% á móti einkunn á þriðju önn og í lögreglusiðum gildir einkunn á fyrstu önn 15% á móti einkunn á þriðju önn.

Almenn lögreglufræði

Markmið er að nemendur öðlist innsýn í helstu þætti almenns lögreglustarfs; fræðist um fíkniefni þannig að þeir geti brugðist rétt við þegar þeir lenda í slíkum málum; öðlist skilning á réttindum og skyldum lögreglumanna; áhersla er lögð á framkomu lögreglumanna og samskipti við almenning. Nemendur skulu öðlast þekkingu á áhersluatriðum er varða fjarskipti lögreglunnar, útköll og eftirlit; þeir fá fræðslu í vörnum gegn smitsjúkdómum; þeir skulu kunna skil á helstu hugtökum og vinnuáferðum varðandi verkefnafræði löggæslu og geta nýtt sér þekkinguna við lausn á raunverulegum verkefnum og þekkja vinnubrögð vegna afskipta lögreglunnar af útlendingum sem hér eru staddir, hvort sem um erlenda ferðamenn eða starfsmenn er að ræða. Nemendur kunni og geti nýtt sér grundvallaratriði í samningatækni lögreglu; kunni skil á leitar- og björgunarmálum, leitartækni og stjórnskipulagi við leitar- og björgunaraðgerðir; þeir kunni grundvallaratriði rötunar, m.a. að nota landakort; þeir kunni skil á réttum vinnubrögðum og vettvangsvinnu varðandi tiltekin verkefni lögreglunnar. Nemendur geti meðhöndlað af öryggi algengustu tegundir skotvopna og kunni skil á löggjöf um skotvopn og skotfæri. Nemendur kunni að meðhöndla og geti, í neyð, beitt Glock 17 skammbyssu sé skilyrðum um framhaldsþjálfun fullnægt. Nemendur kunni samræmt vettvangsstjórnunarskipulag, samkvæmt SÁBF verkþáttaskipiritinu, sem hægt er að beita þegar stærri áföll verða og öðlist gott vald á því. Áhersla er lögð á samhæfingu og samstarf allra viðbragsaðila með hagsmuni þólandans að leiðarljósi. Nemendur geti nýtt aðferðafræði verkefnafræðar löggæslu við úrlausn lögreglumála. Nemendur öðlist þekkingu á notkun lögreglunnar á samfélagsmiðlum og fái fræðslu um persónulega notkun og framkomu lögreglumanna á slíkum miðlum.

Viðfangsefni

Rétt framkvæmd löggæslu

Framkoma lögreglumanna og samskipti við almenning

Ávana- og fíkniefnamál

Eftirlit, útköll, vinnubrögð á vettvangi

Heimilisofbeldismál

Framkoma á vettvangi alvarlega atburða

Símsvörun, fjarskiptatækni og fjarskipti lögreglunnar

Neyðarlínan, Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra

Varnir gegn smitsjúkdómum

Verkefnafræði löggæslu

Afskipti lögreglu af útlendingum
Vegabréf og önnur persónuskilríki
Samningatækni lögreglu
Almannavarnir
Verkþáttarstjórn, áhersla á heildarstjórn aðgerða á vettvangi og tæknilegar úrlausnir verkefna
Leitar- og björgunarmál
Grundvallaratriði rötunar
Vinnubrögð og vettvangsvinna varðandi tiltekna brotaflokka og verkefni lögreglunnar
Fræðsla varðandi það sem þarf til almenns skotvopnaleyfis
Reglur um notkun lögreglu á skotvopnum og þjálfun í undirstöðuatriðum skotvopna-
notkunar. Þá er nemendum kennt að þekkja algengustu skotvopn og hættusvið þeirra
og um leið hvað má nýta til skjóls gegn skotum
Verkefnamiðuð löggæsla
Samfélagsmiðlar, notkun lögreglunnar og lögreglumanna

Námsefni

National Basic Police Tactics, útgefið af sænska lögregluskólanum í desember 2006.
Almennar upplýsingar um fíkniefni, upplýsingarit útg. af félagi ísl. fíkniefnalögreglumanna.
Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974; reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 233/2001; almenn hegningarlög nr. 19/1940.
Verklagsreglur og leiðbeiningar um fjarskipti, Ríkislögreglustjórinn, 18. maí 2004.
Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála, ríkislögreglustjóri, 16. október 2005.
Segja hið rétta – Gera hið rétta, bæklingur um framkomu á vettvangi alvarlegra atburða. Uppsettur, þýddur og staðfærður af Haraldi Guðjónssyni, Ljósrit um smitsjúkdóma, Már Kristjánsson.
Verkefnamiðuð löggæsla, handbók ríkislögreglustjóra, 2008.
Fyrsta stigs skoðun í útlendingamálum, handbók Ríkislögreglustjóra
Lög um útlendinga, nr. 96/2002; reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003.
Samningatækni, handrit Lögregluskóla ríkisins.
Lög um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006, lög um skipströnd og vogrek nr. 42/1926, lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, reglur um yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands nr. 207/1990, lög um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008, reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar nr. 570/1996, lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.
Rötun, Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar 1993, 28 bls.
Vopnalög nr. 16/1998.
Reglugerð um skotvopn, skotfæri og fl. nr. 787/1998.
Skotvopnabókin eftir Einar Guðmann, útgefandi Hugun ehf., 2004.
Meðferð skotvopna – myndband, útgefandi Dómsmálaráðuneytið

Glock 17, lýsing og notkunarleiðbeiningar, útgefandi Lögregluskóli ríkisins, 38 bls.
Reglur um valdbeitingu lögreglumanna, útgefandi dómsmálaráðuneytið 1999, 19 bls.
Vettvangsstjórn skipulag, uppsetning og framkvæmd aðgerða vegna slysa, útgefandi almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lög um almannavarnir nr. 82/2008, reglugerð um skipun hjálparliðs almannavarna nr. 107/1969, lögreglulög nr. 90/1996 (kaflar I og II), lög um brunavarnir nr. 75/2000, lög um loftferðir nr. 60/1998 (kafla XII), lög um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013, lög um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn nr. 43/2003, reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita nr. 289/2003.
Ljósrit af glærum og annað efni frá kennurum.

Lögreglurannsóknir

Markmiðið er að nemendur kunni grunnatriði í rannsóknum brotamála og séu meðvitaðir um hlutverk lögreglu þar sem rannsóknar er þörf. Sérstök áhersla er lögð á umgengi á vettvangi slysa og afbrota; að nemendur viti mikilvægi þess að finna, vernda og meðhöndla öll sönnunargögn og séu meðvitaðir um hvers konar sérhæfða tækni- og rannsóknarvinnu sem unnt er að framkvæma á slíkum vettvangi. Nemendur skulu kunna undirstöðuatriði mælingartækni og ljósmyndunar svo að þeir geti teiknað og ljósmyndað vettvang, hvort sem er innan- eða utanhúss.

Á síðari önn skulu nemendur skulu öðlast undirstöðupekkingu og fá yfirsýn yfir lögreglurannsóknir frá upphafi til enda, geta rakið í aðalatriðum hvernig rannsókn er byggð upp og hvaða sönnunargögn og önnur gögn þurfa að vera til staðar.

Mikilvægi vandaðra vinnubragða á vettvangi máls, hvort sem um er að ræða sakamál eða verkefni sem lögreglu ber að rannsaka samkvæmt lögum, er brýnd fyrir nemendum þannig að þeir temji sér ætíð vandvirkni og fagmennsku á vettvangi. Sérstök áhersla er lögð á öflun allra nauðsynlegra upplýsinga; mikilvægi þess að finna, vernda og meðhöndla öll sönnunargögn á réttan hátt; vettvangsljósmyndun auk skýrslutöku af öllum sem tengjast málinu. Þá skulu nemendur kunna góð skil á lagaákvæðum og verklagsreglum um rannsóknir og heimildir lögreglu til aðgerða í þágu rannsókna og skulu vera færir um að framkvæma yfirheyrslur af sakborningum og vitnum og skrá samantektarskýrslu, byggða á slíkri upptöku. Nemendur skulu vera færir um að annast ljósmyndun á vettvangi sakamáls eða slyss. Þá skulu nemendur fá innsýn í afbrot er varða skipulagða glæpastarfsemi þannig að þeir geti, strax í upphafi máls, greint hvort brotið falli hugsanlega undir slíka skilgreiningu. Þeir skulu öðlast þekkingu á réttum viðbrögðum og verklagi varðandi þessa tegund afbrota, m.a. hvað varðar úrræði fyrir hugsanleg fórnarlömb þeirra í tengslum við hlutverk sérfræði- og samhæfingarteymis um mansal

Viðfangsefni

Upphaf lögreglurannsóknar, markmið rannsóknar og hlutverk lögreglu við slíkar rannsóknir

Húsleit, haldlagning, skráning og meðferð sönnunargagna

Verklag og gildandi lög og reglur um töku og varðveislu sönnunargagna

Vettvangsteikning, meðferð fingrafara, skófara og annarra fara á vettvangi

Rannsóknir umferðarslysa

Vinnubrögð lögreglu á vettvangi varðandi rannsóknir tiltekinnna málaflokka, svo sem auðgunarbrot, eignaspjalla, ofbeldisbrot, ölvunaraksturs, slysa og andláta

Fyrsti maður á vettvang

Öflun, meðferð og varðveisla sönnunargagna

Rannsóknir og verklag í tilteknum málaflokkum: Slys, mannlát, auðgunar- og ofbeldisbrot

Kynferðisbrot

Skýrslutaka við rannsókn hjá lögreglu, upptaka lögregluyfirheyrslna og gerð samantektarskýrslu

Lögregluljósmyndun

Skipulögð glæpastarfsemi

Námsefni

Fyrsti maður á vettvang, handrit Lögregluskólans.

Vettvangsteikning, handrit Lögregluskólans.

Leiðbeiningar um störf lögreglumanna á vettvangi, Ríkislögreglustjórinn, 1. nóvember 1999.

Reglur um haldlagningu og meðferð sönnunargagna, Ríkislögreglustjórinn, 1. nóvember 1999.

Öflun, verndun og meðferð sönnunargagna, Ríkislögreglustjórinn, 1. nóvember 1999.

Kaflar úr handbók Ríkislögreglustjóra um tæknilegar rannsóknir á vettvangi afbrota, útg. 5. okt. 2004.

Reglur um vettvangs- og tæknirannsóknir, töku og vörslu fingrafara og ljósmynda, ríkislögreglustjórinn, 7. febrúar 2005.

Sýnishorn af lögregluskýrslum, ljósmyndum og teikningum.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.

Lögreglurannsóknir fyrir grunnnámsnemendur, vinnuhandrit Lögregluskóla ríkisins.

Reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., nr. 651/2009.

Lög um rannsókn samgönguslysa, nr. 18/2013.

Reglugerð um störf rannsóknarnefndar samgönguslysa, nr. 763/2013.

Kennsluhandrit Lögregluskóla ríkisins um rannsóknir umferðarslysa.

Ýmis lög; Lög um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, lög um horfna menn, nr. 44/1981 og lög um dánarvottorð og krufningar, nr. 61/1998.

Leiðbeiningar ríkissaksóknara um rannsóknir nauðgunarmála, ásamt skýringarbréfi.
Kennsluhandrit varðandi yfirheyrslur.
Skýrslur um mansal og vændi.
Handbók embættis ríkislögreglustjórans um tæknilegar rannsóknir á vettvangi afbrota.
Námsefni frá kennurum varðandi tiltekin viðfangsefni.

Lögreglukerfið

Markmiðið er að nemendur kunni skil á þeim reglum sem gilda um aðgang að öllum tölvukerfum lögreglunnar. Nemendur öðlist góða þekkingu á Lögreglukerfinu, verði færir um að frumskrá mál í því og þekkja vel helstu leitarmöguleika þess. Nemendur skulu að loknu námi á önninni vera færir um að skrifa allar einfaldari lögregluskýrslur og er sérstök áhersla lögð á að þjálfar nemendur í að rita greinargóðan og villulausan texta. Nemendur skulu þekkja vel reglur um notkun vettvangsskýrslu lögreglunnar vegna brota á ákv. umferðarlaga og vera færir um að rita þær skýrslur, þegar við á.

Á síðari önn öðlist nemendur góða þekkingu á Lögreglukerfinu og kunna til hlítar allar grunnreglur við skráningu í kerfið og þá skulu nemendur vera færir um að nýta sér helstu leitarmöguleikana sem Lögreglukerfið býður upp á. Nemendur skulu öðlast færni í að gera góðar almennar lögregluskýrslur um helstu verkefni sem þeir kunna að fást við í starfinu. Nemendur skulu geta skráð samantektarskýrslur, byggðar á upptöku yfirheyrslu.

Viðfangsefni

Aðgangur að Lögreglukerfinu og reglur um notkun þess

Aðgangs- og öryggismál

Lög, reglugerðir, leiðbeiningar, reglur og fyrirmæli

Uppbygging Lögreglukerfisins

Skráningar í kerfið

Skýrslugerðarluti kerfisins

Leitarmöguleikar, tölfræðileg úrvinnsla

Frumskýrsla lögreglu

Grundvöllur og meginatriði

Málfræði í lögregluskýrslum

Æfingar í skýrsluskrifum

Notkun vettvangsskýrslu lögreglunnar vegna brota á ákvæðum umferðarlaga

Verklagsreglur um notkun vettvangsskýrslu

Ritun vettvangsskýrslu

Leitarmöguleikar Lögreglukerfisins

Skráningar í Lögreglukerfið og gerð lögregluskýrslu um tiltekin verkefni

Umferðarlagabrot

Slys, auðgunarbrot, ofbeldisbrot og kynferðisbrot

Samantektarskýrslur

Námsefni

Lögreglukerfið, kennslurit Lögregluskóla ríkisins.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 322/200.1

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., nr. 651/2009.

Innranet embættis ríkislögreglustjórans, <http://rls.tmd.is>

Verklagsreglur um notkun vettvangsskýrslu lögreglunnar vegna brota á ákvæðum umferðarlaga, nr. 7/2012 U, ríkislögreglustjórinn 10. desember 2012.

Ljósrit af glærum kennara.

Sýnishorn af lögregluskýrslum.

Umferðarfræði

Markmiðið er að nemendur öðlist almenna og góða þekkingu á umferðarlöggjöf, auk markmiða með umferðarlöggæslu og séu færir, þegar til starfsnáms kemur, um að sinna umferðareftirliti og umferðarstjórn. Nemendur öðlist mjög góða þekkingu á búnaði sem lögreglan notar til umferðarlöggæslu og geti notað þann búnað af öryggi og fagmennsku. Nemendur kunni góð skil á refsingum vegna umferðarlagabrota og viðurlögum við þeim. Á síðari önninni skal dýpka skilning nemenda á ofangreindu og á kennslan að miða m.a. af því að nemendur séu færir um að greina brot og heimfæra þau undir ákvæði umferðarlaga. Umferðaröryggismál verða sérstaklega til skoðunar.

Viðfangsefni

Gildissvið umferðarlaga og skilgreiningar

Reglur fyrir alla umferð

Umferðarreglur fyrir ökumenn

Umferðarstjórn og umferðarmerki

Ökuhraði

Ökumenn

Veikindi, áfengisáhrif, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.

Ökupróf, ökuskírteini og svipting ökuréttar

Ökutæki

Gerð og búnaður ökutækja

Tenging og dráttur ökutækja

Skoðun ökutækja og eftirlit

Notkun öryggis- og verndarbúnaðar

Umferðaröryggismál

Umferðarsálfræði
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Umferðaröryggisáætlun
Samgöngustofa
Umferðareftirlit Vegagerðarinnar
Aksturs- og hvíldartími ökumanna og notkun ökurita
Stærð, heildar- og áspungi ökutækja
Hleðsla, frágangur og merking farms
Viðurlög

Námsefni

Umferðarlög nr. 50/1987.
Tilteknar reglugerðir sem settar eru skv. umferðarlögum.
Umferðarfræði, kennsluhandrit lögregluskóla ríkisins.
Kennsluefni Lögregluskóla ríkisins um notkun ratsjár til hraðamælinga.
Valdir dómur og annað námsefni frá kennara varðandi tiltekin viðfangsefni.

Lögreglusiðir

Markmiðið er að nemendur þekki til hlítar ákvæði reglugerða um einkenni, merki og einkennisfatnað lögreglunnar, sérstaklega þau ákvæði er varða notkun einkennisfatnaðarins þannig að þeir umgangist og beri einkennisfatnað íslensku lögreglunnar með virðingu. Nemendur eiga að geta starfað sem hópur, m.a. í heiðursverði.

Viðfangsefni

Einkenni, merki, fatnaður og búnaður lögreglunnar
Lögreglusiðir – uppstillingar – gönguæfingar - heiðursvörður

Námsefni

Reglugerð um einkenni og merki lögreglunnar, nr. 1151/2011.
Reglugerð um einkennisfatnað lögreglunnar, nr. 1152/2011.
Lögreglusiðir. Útgefið af embætti Ríkislögreglustjórans, 21. júní 2004.

Mál og sérgreinar

Kennarar eru ýmist lögreglumenntaðir starfsmenn skólans og gestakennarar, sálfræðingur og íslenskufraeðingur. Kennslufyrirkomulag eru fyrirlestrar kennara með virkri þátttöku nemenda, verkefnavinna í tímum, heimaverkefni og ritgerðarsmíð. Í akstursþjálfun er bæði bókleg og verkleg kennsla og æfingar undir leiðsögn kennara. Námsmat er nokkuð mismunandi eftir greinum, en yfirleitt þannig að einkunn sem nemandi fær í námgrein sem kennd er á báðum öðrum gildir 50% á hvorri

bóknámsönn. Meðaltal þessara tveggja einkunna myndar þannig lokaekunn í námsgreininni. Í íslensku gildir ritgerð 20% af einkunn á síðari önn. Streitu- og tilfinningastjórnun er próflaus áfangi.

Streitu- og tilfinningastjórnun

Markmiðið er að undirbúa nemendur undir að takast á við erfiðar tilfinningar og hugsanir sem þeir geta upplifað í lögreglustarfinu. Nemendur fá fræðslu um áföll og streitu en einnig bjagaðar hugsanir og algeng tilfinningaviðbrögð. Þá læra þeir aðferðir við að hafa betri stjórn á tilfinningum eins og streitu, kvíða, depurð og reiði. Þetta er próflaus áfangi með 14 kennslustundum.

Viðfangsefni

Streita og streitustjórnun
Kvíði og þunglyndi
Reiðiviðbrögð og pirringur í starfi

Námsefni

National Basic Police Tactics, (um Mental Approach), útg. af sænska lögreglu-skólanum í des. 2006.
Glærur kennara.
Slökunarefni á tölvutæku formi.
Viðbótarefni er dreift í kennslustund.

Íslenska

Markmiðið er að nemendur nái mjög góðri færni í íslensku máli, bæði talmáli og ritmáli, þannig að þeir geti tekið virkan þátt í samræðum, tjáð skoðanir sínar og hugmyndir af öryggi og ritað villulausan texta á einföldu, skipulögðu og skýru máli. Markmið síðari annar er að hjálfa nemendur í málfræði, málfari, stafsetningu og uppsetningu texta til að þeir geti ritað villulausan texta á einföldu, skýru og skipulögðu máli í lögregluskýrslum.

Viðfangsefni

Lestur
Talað mál og framsögn
Hlustun og áhorf
Ritun
Málfræði
Stafsetning

Námsefni

Aðalefni

Stafsetning handa framhaldsskólum, Gunnlaugur V. Snævarr, IÐNÚ.

Kjörbók sem nemandi velur af lista kennara.

Annað námsefni sem kennari dreifir til nemenda.

Annað efni

Íslensk orðabók, Mál og menning.

Stafsetningarorðabókin, rit Íslenskrar málnefndar, JPV.

Handbók um ritun og frágang, Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal, Iðunn.

Gagnfræðakver handa háskólanemum, Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, Háskólaútgáfan.

Handbók um ritun og frágang, Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal, Iðunn.

Fyrsta hjálp

Markmiðið er að nemendur þekki meginatriði fyrstu hjálpar og geti brugðist rétt við þegar slys eða bráðaveikindi verða. Nemendur geti gert sér grein fyrir því hvort slasaðir eða sjúkir séu í lífshættu eða ekki og verði færir um að greina milli meðvitundar, meðvitundarleysis og dauðadás. Þeir geti beitt endurlífgun, búið um minni háttar áverka og hlúð að slösuðum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Þátttakendur eru undirbúnir fyrir að takast á við neyðartilfelli sem fela í sér erfiðar aðstæður, takmarkaðan búnað og langa yfirsetu. Einungis kennt á fyrri önn.

Viðfangsefni

Almennt

Skilgreining, meginatriði fyrstu hjálpar, lagaskyldur

Helstu viðfangsefni

Mannslíkaminn, þríhyrningakerfið, endurlífgun, blóðrásakerfið, öndunarkerfið, taugakerfið, stoðkerfisáverkar, hryggáverkar, flutningur slasaðra, eitranir, sár og brunasár, ofkæling, ofhitun, kal, rafmagnsslys, sykursýki meltingar- og þvagkerfi, áverkaferli, skráning, flutningur og yfirseta, hópshly, lost, höfuðáverkar, háls- og hryggáverkar, blæðingar og sár, beinbrot og liðameiðsli, brunasár, eitranir, bráðir sjúkdómar, áverkar vegna þrýstings, súrefnisgjöf og öndunaraðstoð, sálræn skyndi-hjálp.

Sérhæft fyrir lögreglu

Stjórnun á slysa- eða afbrotavettvangi, lögreglurannsóknir

Kynning á búnaði sjúkrabifreiða

Samvinna við aðra björgunaraðila og starfsfólk heilbrigðiskerfisins

Áverkar vegna slysa eða afbrota

Námsefni

Emergency Medical Responder, American Academy of Orthopaedic Surgeons 2011.
Fyrsta hjálp í óbyggðum, Slysavarnafélagið Landsbjörg, 2002.
Ljósritað efni um einstaka þætti.

Mannréttindi

Markmiðið er nemendur þekki þá ríku mannréttindavernd sem er hér á landi, öðlast yfirgripsmikla þekkingu á mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar, vera kunnugt um helstu þjóðréttarsamninga á sviði mannréttinda sem Ísland á aðild að, kunna skil á algengum hugtökum sem notuð eru í umræðu um mannréttindi og öðlast næga þekkingu til að koma auga á hvers konar mannréttindabrot.

Þá skulu nemendur þekkja til helstu alþjóðastofnana á sviði mannréttinda svo sem Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Mannréttindadómstóls Evrópu, vera kunnugt um þann jarðveg sem samningar um mannréttindi eru sprotnir af og vera meðvitaðir um þær skuldbindingar varðandi mannréttindi og mannfrelsi sem Ísland hefur tekið á sig að tryggja öllum þeim sem eru innan lögsögu ríkisins. Einnig skulu nemendur kunna skil á siðareglum íslensku lögreglunnar og þjálfast í að efla og viðhalda siðgæði sínu, með það að markmiði að það endurspeglar í hegðun þeirra í lögreglu-starfi.

Nemendur skulu þekkja til starfsemi nefndar gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT). Fagið er einungis kennt á síðustu önn skólans.

Viðfangsefni

Lagaleg, pólitísk og siðferðileg skilgreining á hugtakinu mannréttindi, einkenni og mikilvægi mannréttinda og hvaða mannréttindi eru tryggð með alþjóðasamningum Mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, þjóðréttarsamningar á sviði mannréttinda, helstu alþjóðastofnanir á sviði mannréttinda

Pyndingar og önnur grimmileg, ómannleg eða vanvirðandi meðferð eða refsing

Siðferði starfsmanna lögreglunnar

Siðareglur lögreglunnar

Starfsemi nefndar gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT)

Námsefni

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 ásamt síðari breytingum.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, nr. 10/1979.

Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, nr. 10/1979.
Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013.
Mannréttindasáttmáli Evrópu.
Lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.
Siðareglur lögreglu. Embætti ríkislögreglustjóra 2003.
Framkvæmd siðareglna lögreglunnar, Ríkislögreglustjórinn 2010.
European Code of Police Ethics, tillaga ráðherranefndar Evrópuráðsins 2001.
Samningur gegn pyndingum og annari grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 19/1996.
Lög vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990.
Fræðslurit fyrir lögregluna, A visit by the CPT – What’s it all about?, gefið út 1999 af Association for the Prevention of Torture.
Ljósrit af glærum kennara og auk þess annað efni sem kennari telur ástæðu til að dreifa.

Lögreglusálfræði

Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á sálfræðilegum þáttum lögreglustarfsins í sem víðustum skilningi. Áhersla er lögð á streitu, áföll, framburð sjónarvotta, yfirheyrslur, samskipti við fólk með geðraskanir og mat á hættulegum einstaklingum. Einungis er kennt í faginu á síðustu önn skólans.

Viðfangsefni

Streita í lögreglustarfi
Rannsóknarviðtöl, lygar og blekking
Að verða vitni að afbroti, minni og líðan þolenda
Að meta hættulegt fólk; tenging afbrota og geðmyndir brotamanna
Heiðarleiki og varnir gegn spillingu
Að eiga samskipti við fólk með geðraskanir á vettvangi
Einelti á vinnustað, starfsþrot og starfsmenning lögreglunnar

Námsefni

Glætur frá kennurum og auk þess ljósritað efni. Eftirfarandi lesefni á þessu sviði er áhugavert fyrir lögregluna og nemendur eru hvattir til að verða sér úti um það til að auka þekkingu sína.

Miller, L. (2006). Practical Police Psychology: Stress Management and Crisis Intervention for Law Enforcement. Illinois, USA: Charles C Thomas Publisher, Ltd.

Rodgers, B. A. (2006). Psychological Aspects of Police Work: An Officer’s Guide to Street Psychology. Illinois, USA: Charles C Thomas Publisher, Ltd.

Ainsworth, P. B. (2002). Psychology and Policing. Devon, UK: Willan Publishing

Newburn, T. (ritstjóri) (2006). A Handbook of Policing. Devon, UK: Willan Publishing.

Maguire, M., Morgan, R. og Reiner, R. (ritstjórar) (2007). The Oxford Handbook of Criminology. New York, US: Oxford University Press.

Akstursþjálfun – góðakstur og forgangsakstur

Markmiðið með **góðakstursþjálfuninni** er að nemendur þjálfist í góðakstri og að þeir tileinki sér rétt hugarfar varðandi fyrirmyndarhlutverk lögreglunnar í umferðinni. Að nemendur temji sér góða umgengni og umhirðu á lögreglutækjum og að nemendur þjálfist í að rata á helstu stofnanir sem skipta starf lögreglunnar máli.

Markmið með **forangsakstri** er að nemendur séu færir um að með forgangi og að þeir öðlist skilning á þeirri ábyrgð sem fylgir forgangsakstri sem og áhrifum hans á umhverfið og umferðaröryggi. Fagið er einungis kennt á fyrstu önn námsins.

Viðfangsefni

Ábyrgð ökumanns og fagmennska í umferðinni

Umferðarsálfræði

Vistakstur

Góðakstursþjálfun í umferð

Rötun að mikilvægum stofnunum

Akstursæfingar í þrautabraut

Ökutækið og umferðaröryggi

Umferðareðlisfræði og umferðarsálfræði

Aksturstækni

Verklegar æfingar

Lagalegur grunnur, stjórnvaldsfyrirmæli og starfsfyrirmæli

Námsefni

Umferðarsálfræði, höfundar Áspór Ragnarsson og Kjartan Þórðarson, útgef. Ökukennarafélag Íslands.

Reglur um neyðarakstur, nr. 643/2004.

Reglugerð um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra, nr. 335/2005.

Reglur ríkislögreglustjórans um ferilvöktun, dags. 7. desember 2001.

Reglur ríkislögreglustjórans um ökutæki lögreglunnar, dags. 1. október 2012.

Verklagsreglur ríkislögreglustjórans um akstur lögreglubifreiða, dags. 18. júlí 2005.

Umferðarlög nr. 50/1987, sérstaklega 4., 5. og 8. gr.

Glærufni og annað framlagt efni leiðbeinanda og valdir dómur.

Líkamsþjálfun

Kennarar eru lögreglumenntaðir starfsmenn skólans. Kennslufyrirkomulag eru æfingar undir leiðsögn kennara. Björgunarsund er einungis kennt á fyrstu önn, en líkamsþjálfun hefur verið kennd á báðum önnum. Prófað er í lögregluæfingum, lögreglusiðum og líkamsþjálfun en ekki öðrum áföngum. Prófið í lögregluæfingum á þriðju önn gildir 90% á móti einkunn í bóklegu á fyrstu önn.

Björgunarsund

Markmiðið er að þjálfa nemendur í sundkunnáttu, bringusundi og baksundi, auka sundþol þeirra og gera þá færa um bjarga sjálfum sér og öðrum úr sjó og/eða vatni.

Viðfangsefni

Björgunarsund

Björgunaraðferðir

Aðferðir við hjálpar- og björgunarsund

Aðferðir við að ná manni úr vatni

Vatnsvani - vatnsleikfimi

Námsefni

Handrit Lögregluskólans varðandi björgunarsund.

Líkamsþjálfun

Markmiðið er að auka þrek og liðleika nemenda og þar með hæfileika þeirra til að takast á við lögreglustarfið.

Viðfangsefni

Almenn þrekþjálfun, hlaup og stöðvaæfingar

Styrktarþjálfun

Liðleikaþjálfun

Námsefni

Handrit Lögregluskólans varðandi björgunarsund.

Lögregluæfingar

Markmiðið er að gera nemendur færa um að framkvæma handtökur af öryggi jafnvel þó að fyrirvaralaus mótspyrna sé veitt og geta haldið handteknum manni af öryggi. Einnig eiga nemendur að vera færir um að verjast árásum og geta losað sig úr tókum. Þá eiga nemendur að vera færir um að beita öllum lögreglutækjum af öryggi og

þekkja allar reglur þar að lútandi og nemendur eiga að geta starfað sem hópur í hinum ýmsu lögregluaðgerðum.

Viðfangsefni

Almenn þrekþjálfun, hlaup og stöðvaæfingar

Styrktarþjálfun

Liðleikaþjálfun

Lögreglutök/sjálfsvörn

Fallæfingar

Lögreglutök

Leysitök

Sjálfsvörn/neyðarvörn

Lögreglutæki

Fjötrar

Úðavopn

Kylfa

Vasaljós

Öryggisbúnaður

Gasgrímur

Lögreglusiðir

Uppstillingar

Gönguæfingar

Heiðursvörður

Sjósund og björgunaraðgerðir í sjó

Námsefni

Handrit Lögregluskóla ríkisins, lögreglutök og handtökur.

Arrestasjonsteknikk, kennslubók norska lögregluháskólans varðandi valdbeitingu.

Lögreglusiðir, útgefandi dómsmálaráðuneyti 1996, 19 bls.

Verkleg þjálfun

Kennarar eru lögreglumenntaðir starfsmenn skólans ásamt ýmsum öðrum sérfræðingum úr lögreglu og sérfræðingum úr sérsveit ríkislögreglustjóra í vopnaþjálfuninni. Kennslufyrirkomulag er að langmestu leyti verklegar æfingar og verkefnavinna þar sem reynir á urlausn raunhæfra löggæsluverkefna og eftir atvikum á samvinnu og samstarf lögreglu og annarra stofnana. Verklegar æfingar eru kenndar á báðum bóknámsönnum skólans, en verkefnavinna og valdbeiting og vopnaþjálfun á þriðju önn skólans. Ekki er þreytt próf í þessum áföngum, en próf úr verkefnavinnu gildir 20% af einkunn í lögreglurannsóknnum á síðari önn. Nemendur í valdbeitingu og vopnaþjálfun sem standast verklegt próf í notkun skotvopna öðlast skotvopnaskírteini lögreglu.

Verklegar æfingar

Markmiðið er að nemendur nýti þá bóklegu fræðslu sem þeir hafa fengið í öðrum námsgreinum grunnnámsins og þjálfist með verklegum æfingum í úrlausn verkefna þar sem reynir á kunnáttu þeirra í beitingu réttarreglna, beitingu valds, framkomu og framkvæmd lögreglustarfa almennt. Að nemendur, með því að nýta sér útsjónarsemi þeirra auk kunnáttu í beitingu réttarreglna, beitingu valds, framkomu og framkvæmd lögreglustarfa, þjálfist í úrlausn margvíslegra verkefna.

Viðfangsefni

Lögreglutæki, umgengni um lögreglubifreiðar og notkun búnaðar
Stöðvun ökutækja og afskipti af ökumönnum
Samskipti lögreglu við stofnanir eða deildir sem tengjast löggæslu með einum eða öðrum hætti
Framkvæmd löggæslu og úrlausn raunhæfra verkefna
Umferðarstjórn
Álags- og þolþjálfun
Notkun úðavopna
Meðferð þjóðfánans
Meðferð skotvopna
Mannfjöldastjórnun
Siglinga- og hafnarvernd
Meðferð sprengiefnis
Vettvangs- og tæknirannsóknir
Vettvangsljósmyndun
Slökkvistarf, handslökkvitæki o.fl.
Meðferð sjóbjörgunartækja
Notkun þyrlu við björgunarstörf
Raunhæf verkefni þar sem reynir á framkomu og framkvæmd lögreglustarfa

Verkefnavinna

Markmiðið er að nemendur öðlist viðtæka þekkingu og fái yfirsýn yfir rannsókn tiltekinna málaflokka, frá upphafi til loka. Þeir skulu vera meðvitaðir um það hvernig rannsókn í málaflokkunum er byggð upp og hvaða sönnunargögn og önnur gögn þurfa að vera til staðar. Nemendur skulu öðlast innsýn í sérhæfðar lögreglurannsóknir, m.a. varðandi rafræn sönnunargögn og rannsókn á lífsýnum.

Viðfangsefni

Slysarannsóknir
Rannsóknir auðgunarbrot, ofbeldisbrot og kynferðisbrot
Sérhæfðar lögreglurannsóknir

Valdbeiting og vopnaþjálfun

Markmiðið er að auka þekkingu nemenda á reglum og heimildum varðandi valdbeitingu lögreglumanna og veita þeim innsýn og þjálfun í beitingu skotvopna lögreglunnar. Bókleg kennsla varðandi viðkomandi reglur og heimildir, auk þjálfunar í handtökuaðferðum, fer fram á hefðbundnum skólatíma. Þjálfun í sjálfsvörn, handtökuæfingar, fræðsla um skotvopn lögreglu og verkleg þjálfun í notkun þeirra fer fram á tilteknum dögum samkvæmt stundaskrá auk sérstakrar þjálfunar í samvinnu við þjálfara sérsveitar ríkislögreglustjóra.

Viðfangsefni

Reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna

Handtöku- og sjálfsvarnaræfingar

Meðhöndlun skotvopna og skotæfingar

Námsefni

Reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, Ríkislögreglustjórinn, 16. mars 1999.

Glock 17, lýsing og notkunarleiðbeiningar, útgefandi Lögregluskóli ríkisins.

Kennslurit um Heckler & Koch MP5.

Glærur kennara um Glock 17 og Heckler & Koch MP5.

Starfsnám

Starfsnám skal standa í a.m.k. fjóra mánuði og vera lokið áður en nemandi hefur nám á seinni bóknámsönn grunnnámsdeildar. Starfsnám skal fara fram hjá aðalstöð einhvers þeirra 9 lögregluumdæma sem eru á landinu en æskilegt er að hún fari fram í lögregluumdæmi þar sem starfrækt er sérstök rannsóknardeild.

Tiltekinn starfsmaður þeirra lögregluembætta sem hafa nemendur í starfsnámi skal hafa yfirumsjón með starfsnámi allra nemenda hjá viðkomandi embætti. Hann skal vera tengiliður embættisins við Lögregluskóla ríkisins hvað starfsnámið varðar.

Áður en starfsnám hefst skal gera áætlun um framkvæmd starfsnáms hvers nemanda þar sem áhersla verði lögð á sem víðtækasta kynningu og þjálfun í að takast á við hin ýmsu verkefni lögreglu. Áætlunin skal gerð í samráði og samstarfi Lögregluskóla ríkisins og yfirstjórnar þess lögregluembættis þar sem starfsnám fer fram.

Í upphafi starfsnáms skal komið á fundi hvers nemanda með væntanlegum tilsjónarmanni hans og fulltrúa Lögregluskóla ríkisins. Á fundinum skal ræða heildstætt um komandi starfsnám. Tilsjónarmanni skal bent á helstu styrkleika og veikleika hvers nemanda þannig að starfsnámið nýtist honum sem best til að bæta úr því sem helst er þörf á.

Deildarstjóri grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins hefur af hálfu skólans yfirumsjón með framkvæmd starfsnáms. Hann annast samskipti við starfsnámsnemendur og tilsjónarmenn þeirra og hlutast til um samráð og samstarf skólans og þeirra starfsmanna lögregluembættanna sem hafa yfirumsjón með starfsnámi hjá viðkomandi embætti.

Starfandi lögreglufulltrúar við Lögregluskóla ríkisins heimsækja starfsnámssembættin á starfsnámsönninni til að ræða við nemendur og tilsjónarmenn og eftir atvikum sinna hefðbundnu lögregluftirliti með nemendum til að kanna færni þeirra og framkomu.

Starfsnámið fer fram í almennri deild hjá tilteknu lögregluembætti og skal fyrst og fremst skipuleggja námið þannig að það sé í samræmi við þá menntun sem nemandinn hlaut á fyrri bóknámsönn grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins. Einnig skal gæta þess að námið sé við hæfi hvers nemanda, miðað við starfsaldur, menntun og reynslu hans. Undir leiðsögn og með auknu sjálfstæði skal nemandinn þjálfast í að takast á við og leysa öll algengustu verkefni lögreglunnar. Í byrjun starfsnámsins skal veita nemendum góða innsýn í alla helstu þætti í starfsemi viðkomandi lögregluembættis, þar á meðal uppbyggingu og skipulag þess; stærð lögregluumdæmisins og sérkenni; deildaskiptingu; helstu viðfangsefni; öryggisatriði og vinnutímafyrirkomulag. Bein þátttaka í almennu lögreglustarfi er aðalatriðið í þjálfun nemenda sem eru í starfsnámi. Þeir skulu sinna eftirliti; leysa verkefni sem fyrir þá eru lögð; annast skýrslugerð; kynnast rannsóknnum og yfirheyrslum eftir því sem kostur er á; öðlast þekkingu á og nota fjarskiptabúnað, tölvubúnað sem og annan búnað lögregluembættisins

Eftir að nemandinn hefur verið undir beinni leiðsögn tilsjónarmanns í upphafi starfsnámsins skal hann fara að vinna öll almenn lögreglustörf með stuðningi og leiðsögn frá reyndum vinnufélögum.

Áhersla er lögð á að nemendur í starfsnámi starfi ekki einir heldur séu ætíð undir stjórn og leiðsögn lögreglumanna. Nemendur í starfsnámi skulu alls ekki starfa einir á lögreglubifreið nema brýna nauðsyn beri til.

Nemandinn skal vera að lágmarki $\frac{3}{4}$ hluta starfsnámsins í almennri deild viðkomandi lögregluembættis en gefa skal honum kost á að vera hluta starfsnámsins í rannsóknardeild embættisins.

Æskilegt er að nemandinn fái einnig að kynnast öðrum deildum og starfsemi viðkomandi lögregluembættis, t.d. umferðardeild, fíkniefnadeild, alþjóðadeild og forvarnadeild, allt eftir því hvernig lögregluembættið er uppbyggt og skipulagt.

Eftir því sem tók eru á skal gefa nemanda kost á að kynnast starfsemi sem tengist lögreglunni með einhverjum hætti. Sem dæmi um slíkt má nefna slökkvi- og sjúkralið, félagsmálayfirvöld, útlendingaeftirlit, sjúkrastofnanir, fangelsismálayfirvöld og tollgæslu.

Eftir því sem við verður komið, samkvæmt uppbyggingu og verkefnum hvers starfsnámssembættis, skal leitast við að kynna hverjum nemanda sérstök viðfangsefni í starfsemi lögreglunnar. Hér að neðan má sjá dæmi um slík viðfangsefni.

Ferill máls:	Nemanda sé kynntur ferill máls, allt frá upphafi þess til loka
Dómsyfirheyrsla:	Nemandi sé viðstaddur yfirheyrslu barns í Barnahúsi eða dómsal
Héraðsdómur:	Nemandi sé viðstaddur aðalmeðferð máls í héraðsdómi
Yfirheyrsla:	Nemandi sé viðstaddur yfirheyrslu, í hljóð og mynd ef kostur er
Rannsókn mála:	Nemandi annist, sjálfstætt en undir leiðsögn, rannsókn 5–10 minniháttar mála
Teymisvinna:	Nemandi sé hluti rannsóknarteymis stærri mála
Sáttafundur:	Nemandi sé viðstaddur sáttafund og viti vel tilgang hans
Tollafgreiðsla:	Nemandi fái fræðslu um tollafgreiðslu bifreiðar, skips eða flugvélar og sé viðstaddur tollafgreiðslu
Útlendingamál:	Nemandi vinni að málefnum útlendinga, t.d. varðandi heimsókn á vinnustað

Tekið skal sérstaklega fram að þessi listi er ekki tæmandi enda eru viðfangsefni lögreglunnar mismunandi eftir lögregluembættum.

Meðan nemandi er í starfsnámi skal honum skipaður tilsjónarmaður sem skal vera í nánú sambandi við nemandann alla önnina. Eðlilegt er að tilsjónarmaður komi úr hópi þeirra lögreglumanna sem sinna almennri löggæslu.

Tilsjónarmaðurinn skal í upphafi starfsnámsins fylgja nemandanum eftir við dagleg störf að svo miklu leyti sem slíkt er framkvæmanlegt. Hann skal hjálpa nemandanum og styðja auk þess að tryggja að hann fái fræðslu um það hvernig lögreglustarfið er í raun og veru og hvernig mál eru afgreidd.

Um miðja starfsnámsönnina skal tilsjónarmaður boða hvern nemanda á sinn fund. Á fundinum skal ræða heildstætt um hvernig nemandanum sækist námið, hvernig hann eigi að haga því það sem eftir er annarinnar, á hvað hann þurfi sérstaklega að leggja áherslu og hvað hafi verið vel gert. Nemandanum skal á fundinum gefinn kostur á að tjá sig um hvernig honum sækist námið eða um erfiðleika, ef einhverjir eru.

Meðan á starfsnáminu stendur skal persónulegt atferli hvers nemanda metið. Markmiðið með því er að meta hæfileika nemandans til áframhaldandi náms og hæfileika hans til að gegna starfi lögreglumanns að loknu grunnnámi; að meta nytsemi starfsnámsins; búa til aðgerðaráætlun fyrir einstaka nemendur sé ástæða til þess og skapa grundvöll fyrir umsögn sem hver nemandi fær í lok starfsnámsannarinnar.

Viðkomandi tilsjónarmaður ber ábyrgð á mati nemandans. Hann skal fyrst og fremst byggja matið á eigin reynslu sinni af samskiptum við nemandann en auk þess að leita eftir upplýsingum frá yfirmönnum og samstarfsmönnum nemandans.

Matið er til þess gert að finna veikleika hjá einstökum nemendum ef um þá er að ræða þannig að hægt sé að grípa sem fyrst inn í til að reyna að bæta úr veikleikunum. Matið er unnið með það að aðalmarkmiði að það verði nemandanum að gagni. Mjög mikil áhersla er lögð á að það sé sanngjarnt og unnið á jákvæðan hátt. Þeir þættir sem leitast

skal við að meta í fari hvers nemanda eru framkoma, tjáskipti, nákvæmni og stundvísi, áhugi, samvinna, streituþol, sjálfstæði, sveigjanleiki og vinnusiðfræði.

Við lok starfsnámsins skal tilsjónarmaður gefa hverjum nemanda skriflega umsögn, byggða á mati hans á framkomu og frammistöðu nemandans á starfsnámsönninni.

Skýrslunni skal skilað til Lögregluskóla ríkisins en áður skal tilsjónarmaður kynna nemandanum umsögnina og gefa honum færi á því að tjá sig um hana, munnlega eða skriflega. Skriflegar athugasemdir nemanda, ef einhverjar eru, skulu fylgja skýrslunni til Lögregluskóla ríkisins.

Um leið og nám á seinni bóknámsönn grunnnáms hefst skulu nemendur skila sérstakri skýrslu um starfsnámið til deildarstjóra grunnnámsdeildar.

Markmiðið með skýrslunni er að reyna að meta starfsnámið og jafnframt að tryggja að þróun grunnnáms Lögregluskóla ríkisins sé í góðri samvinnu milli nemanda, starfsnámssembættanna og skólans. Sömuleiðis verður reynsla nemanda af starfsnáminu og þau viðfangsefni sem þeir voru að fást við notuð til grundvallar kennslu í grunnnámsdeild skólans í framtíðinni. Þar skal skrifa stutta greinargerð þar sem fram kemur almennt hver reynsla nemandans af starfsnáminu var, bæði það sem var gott og eins það sem mætti betur fara að hans mati. Þar skal nemandinn gera grein fyrir a.m.k. tveimur málum sem hann vann að í starfsnáminu og eru honum ofarlega í huga. Skýra skal frá því hvað það er varðandi málin sem varð til þess að nemandinn valdi þau en ekki einhver önnur. Afrit af lögregluskýrslu um málin skal fylgja með, sé þess nokkur kostur. Þá skal nemandinn, ef kostur er, nefna til sögunnar a.m.k. tvö mál eða atvik þar sem reyndi á atriði tengd framkomu og siðfræði, hvort heldur er varðandi samskipti við borgarana eða samstarfsfólk nemandans. Einnig skal nemandinn greina frá a.m.k. tveimur verkefnum sem hann vann að og varða, að mati hans, sálfræði, afbrotufræði, félagastuðning, úrvinnslu erfiðra mála, áfallahjálp eða samskiptatækni. Loks skal nemandinn skýra frá því hvað hann gerði á starfsnámsönninni til að halda sér í góðu líkamlegu formi.

Markmið

Markmiðið með starfsnáminu er að nemandi í grunnnámi við Lögregluskóla ríkisins fái innsýn í lögreglustarfið og öðlist skilning á því; að hann þjálfist og þroskist þannig að hann geti leyst viðfangsefni sjálfstætt; að hann fái skilning á samhenginu milli fræðilegu kennslunnar á fyrri bóknámsönn og lögreglustarfsins í raun og að hann sé reiðubúinn til náms á seinni bóknámsönn.

Sérstök áhersla skal lögð á að hegðun og framkoma nemandans sé í samræmi við stöðu hans sem lögreglumanna í starfsnámi og væntanlegs lögreglumanns; að hann þjálfist í að starfa og meta aðstæður sjálfstætt og læri að taka réttar og sjálfstæðar ákvarðanir.

Viðauki IV: Umsagnir hagsmunaaðila

Bréf innanríkisráðuneytisins til hagsmunaaðila

Innanríkisráðherra hefur skipað starfshóp til að fara yfir innihald lögreglunáms á grunn – og framhaldsstigi hér á landi. Menntun lögreglumanna er grunnstoð góðrar löggæslu og mikilvægt er að menntun lögreglumanna svari ávallt kröfum samtímans og sé sveigjanleg. Brýnt er að leggja áherslu á þjálfun og menntun almennra lögreglumanna með hliðsjón af verkefnum og búnaði lögreglu. Áhersla er lögð á grunnmenntun en einnig tækifæri til aukinnar sérhæfingar með framhaldsmenntun. Á sama tíma þarf að taka tillit til samfélagsþarfa þannig að lögreglumenn geti bæði viðhaldið og aukið þekkingu sína til þess að geta tekist á við síbreytileg viðfangsefni.

Hlutverk starfshópsins verður að setja fram tillögur um með hvaða hætti efla megi námið þannig að það taki mið af samfélagsþörfum. Samfélagslegt markmið verkefnisins er að menntun lögreglumanna svari kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu og að ákvarðanir um innihald lögreglunáms verði teknar með upplýstum og faglegum hætti til að tryggja að lögregla búi yfir þeirri þekkingu sem til þarf til að sinna þeim verkefnum sem henni hafa verið falin.

Starfshópurinn telur mikilvægt að afla sem víðtækastra upplýsinga um hverjar kröfur og væntingar samfélagsins eru til hæfni og fagmennsku lögreglunnar. Er þess því farið á leit að umsögn verði skilað til starfshópsins með áherslum yðar með hliðsjón af fyrrgreindu markmiði starfshópsins. Þess er óskað að umsögn berist innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 18. mars nk.

Hagsmunaaðilar:

Landssamband lögreglumanna

Lögreglustjórafélagið

Yfirlögregluþjónafélagið

Félag rannsóknarlögreglumanna

Ákærendafélag Íslands

Embætti tollstjóra

Lögmannafélagið

Samtök atvinnulífsins

Ríkissaksóknari

Félag fjármálafyrirtækja

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Stígamót


Landsbjörg

Barnaverndarstofa

Velferðarráðuneytið
Fangelsismálastofnun
Dómstólaráð
Samband íslenskra sveitarfélaga
Landhelgisgæslan
Skattrannsóknarstjóri
Samkeppniseftirlitið
Fjarskiptafyrirtæki.
Vegagerðin
Samgöngustofa
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Rauði krossinn
Unicef á Íslandi

Innanríkisráðuneytið
B.t. Margrétar Kristínar Pálsdóttur
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Ákærendafélag Íslands




JHBS/DK

Reykjavík, 26. mars 2015

Tilvísun ráðuneytis: IRR15020057/10.10.11

Stjórn Ákærendafélags Íslands vísar til bréfs innanríkisráðuneytisins 9. mars sl. vegna starfshóps um lögreglunám. Ákærendafélagið telur mikilvægt að styðja við og efla lögreglunám eins og unnt er. Á vettvangi framhaldsdeildar lögregluskólans er mikilvægt að ákærendur eigi þess áfram kost að sækja einstök námskeið eða námsleiðir á vegum skólans. Á það einnig við ef það nám verður að einhverju leyti eða öllu fært á háskólastig. Hið sama á við ef nám á sviði stjórnunar og forystu innan lögreglu verður tekið upp að nýju á vegum lögregluskólans. Að öðru leyti vísar ákærendafélagið til umsagnar ríkissaksóknara vegna sama málefnis, dags. 26. þ.m.

Virðingarfyllt,



Jón H. B. Snorrason
formaður

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík
postur@irr.is

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/DK

Reykjavík, 26. mars 2015

Tilv. 201503-0075 672

Tilvísun ráðuneytis: IRR150200057/10.10.11

Ríkissaksóknari vísar til bréfs ráðuneytisins 9. þ.m., vegna starfshóps sem falið var að fara yfir lögreglunám á grunn- og framhaldsstigi hér á landi. Tekið er undir þær megin forsendur sem lagt er upp með hjá starfshópnum og fram koma í bréfi ráðuneytisins.

Ríkissaksóknari telur afar mikilvægt að lögreglan hafi á að skipa menntuðum og vel þjálfuðum lögreglumönnum. Æskilegt er að bakgrunnur þeirra sem leggja stund á lögreglunám og starfa innan lögreglu sé fjölbreyttur með tilliti til fyrri menntunar og reynslu. Mikilvægt er að námið henti báðum kynjum og fólki á ólíkum aldri, þar með talið fjölskyldufólki. Einnig þarf að gæta vel að því að lögreglunám sé ávallt raunhæfur valkostur fyrir þá landsmenn sem búsettir eru á landsbyggðinni, án mikillar röskunar fyrir fjölskyldulíf viðkomandi eða verulegra fjárútláta. Í því sambandi þarf að efla möguleika á fjarnámi og gera lögreglunámið sveigjanlegt hvað varðar námstíma. Einnig að lögreglunemi eigi þess kost að stunda verklegt lögreglunám í sinni heimabyggð ef viðkomandi óskar þess og það samrýmist megináherslum í náminu. Nokkuð hefur borið á því á undanförunum árum að illa hafi gengið að manna stöður lögreglumanna á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni, t.d. í Ólafsvík og á Patreksfirði. Að því virtu kann að vera æskilegt að leita leiða til að gera efnilegu fólki í heimabyggð, meðal annars fólki sem gegnt hefur stórfum afleysinga- og héraðslögreglumanna, kost á að stunda lögreglunám í fjarnámi eða með lengri eða sveigjanlegri námstíma. Þá kann einnig að vera æskilegt í sama tilgangi að hækka efri aldursmörk vegna inntöku í lögreglunám.

Ef litið verður til núverandi skipunar lögreglunáms í grunnnámsdeild þá er æskilegt að leitað verði leiða til að lengja verklegt starfsþjálfunartímabil. Að mati ríkissaksóknara kemur helst til greina að bæta við starfsþjálfunartímabili og verklegu námi, allt að 12 mánuði. Starfsþjálfunartímabil verði tvískipt, hið fyrra að loknum fyrsta hluta (fyrri bóklega önn) en hið síðara að loknum þriðja hluta (seinni bókleg önn). Að loknu seinna starfsþjálfunar- og verknámstímabili (fjórði hluti námsins) verði lögreglunemi brautskráður úr grunnnámsdeild. Með lengingu á starfsþjálfunar- og verknámstímabili gefst tækifæri til að efla verklegt nám innan lögreglu undir handleiðslu reyndra lögreglumanna og annarra sérfræðinga. Þá gefst einnig tækifæri til að leggja betur mat á það hvort lögreglustarf henti lögreglunema til framtíðar litið. Samhliða verði tekið til athugunar hvort starfstími og starfsreynsla sem nemandi hefur áður aflað sér með starfi sem héraðslögreglumaður eða afleysingamaður, verði að einhverju leyti metinn sem hluti af verklegu námi viðkomandi og komi til frádráttar. Kann það fremur að eiga við ef viðkomandi lögreglunemi er með langa starfsreynslu innan lögreglu áður en lögreglunám hófst. Svipuð sjónarmið kunna að eiga við hafi nemandi aðra svipaða reynslu innan

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600

Bréfsími:
530-1606

Kenitala:
530175-0229

lögreglu, t.d. sem sérhæfður starfsmaður (dæmi á sviði tölvu- og tæknirannsóknna eða við almannavarnir eða sem ákærandi).

Ríkissaksóknari hefur kynnt sér tillögur að framtíðarskipan lögregluþenntunar á Íslandi, sbr. skýrslu starfshóps til innanríkisráðherra, dags. 15. september 2014. Þær tillögur sem þar koma fram eru á margan hátt athyglisverðar og æskilegar til lengri tíma lítið, a.m.k. hvað varðar lögregluþenntun á framhaldsstigi. Ríkissaksóknari telur hins vegar að stíga beri varlega til jarðar hvað varðar hugsanleg áform um að færa grunnþenntun lögreglu yfir á háskólastig. Verði það skref stigið þá þarf að undirbúa það mjög vel og því þarf að fylgja nægjanlegt fjármagn. Að mati ríkissaksóknara kann sú hætta að vera fyrir hendi, ef grunnþenntun verður fært á háskólastig, að markmið um fjölbreyttan bakgrunn þeirra sem veljast til starfa innan lögreglu nái ekki nægjanlega fram að ganga og nýliðun í lögreglu verði einsleit. Það muni veikja lögreglu til lengri tíma lítið, t.d. að fólk með iðnþenntun leiti síður inn í lögreglu. Öðru máli gegnir um framhaldsþenntun innan lögreglu, svo sem á sviði sakamálarannsóknna og stjórnunar og sérhæfðra starfa innan lögreglu. Á þeim vettvangi er æskilegt að þenntun verði eft. Það markmið kann að nást með því að færa þenntun við framhaldsdeild á háskólastig. Í því samhengi þarf hins vegar að gæta að því að lögregluþenntun sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eigi þess kost að stunda þenntun við framhaldsdeild. Þarf að leita leiða til að gera það kleift með sérstöku mati á hæfni eða sérstöku undirbúningsnámi. Samhliða verði reglugerð um starfsstig innan lögreglu tekin til gagnsgerar endurskoðunar. Hvað varðar þenntun á háskólastigi á sviði stjórnunar og forystu, sem nýst getur innan lögreglu, þá skal haft í huga að nú þegar er nokkuð framboð af slíku námi hjá háskólunum, sbr. t.d. diplóma- og meistaranám (MPA) í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) við Háskólann í Reykjavík. Má hugsanlega ná markmiði um meiri þenntun stjórnenda innan lögreglu með því að beina áhugasömum lögregluþenntun og sérfræðingum innan lögreglu, t.d. ákærendum, með skipulögðum hætti í þennan námsfarveg og gæta þess samhliða að létta undir með daglegum starfsskyldum viðkomandi á námstímanum (þenntun með vinnu).

Námskrá lögregluþenntunar þarf að taka mið af daglegum verkefnum lögreglu og þeim áherslum sem uppi eru í lögþenntun hverju sinni. Er þar af mörku að taka. Frá sjónarhóli ríkissaksóknara er sérstaklega mikilvægt að lögregluþenntun kunnir góð skil á sakamálaréttarfari og refsirétti og hvers kyns rannsóknaraðferðum, þar með talið yfirheyrsluaðferðum. Þá skiptir einnig máli góð þekking á skráningu og vörslu skjala og annarra gagna. Á það hvort tveggja við um þenntun við grunnþenntun og framhaldsdeild. Afar mikilvægt er að rannsóknir sakamála séu ávallt í lögmætum og réttum farvegi, þar með talið varðandi greiningu á sakarefni, að ávallt sé gætt að réttarstöðu brotþola og sakborninga í hvívetna og beiting hvers kyns rannsóknar- og þvingunarúræða sé ávallt í lögmætu horfi. Lögregluþenntun þarf að vera þannig uppbyggð að lögregluþenntun hafi góða fræðilega og praktíska innsýn í lagaumhverfið og geti tileinkað sér og haft gott vald á þeim réttarreglum og rannsóknaraðferðum sem eiga við í tengslum við meðferð sakamála. Hið sama á við um skilning á helstu grundvallaratriðum í refsirétti. Þessum markmiðum verður líklega best náð með því að byggja þenntun upp með fyrirlestur, heimanámi, verkefnaskilum og verklegum æfingum undir handleiðslu kennara. Kennarar á

sviði réttarfars og refsiréttar þurfa að hafa góðan fræðilegan bakgrunn (lögfræðimenntun) og talsverða praktíska reynslu á því sviði. Þá er æskilegt að umsjónarkennari í þessum hluta námsins sé fastráðinn starfsmaður skólans (lögfræðingur eða annar háskólamenntaður sérfræðingur) en unnt verði að leita til stundakennara sem svipaðan bakgrunn, til aðstoðar, þegar það á við.

Þá er einnig mikilvægt frá sjónarhóli ríkissaksóknara að í náminu sé farið vel yfir hvers kyns valdbeitingaraðferðir lögreglu og þjálfun á því sviði verði eflað. Hið sama á við um þjálfun í samskiptum við fólk, þar með talið við erfiðar aðstæður. Tekið verði til athugunar hvort rétt sé að fá sálfræðinga að þjálfun af þessum toga til viðbótar við hefðbundna þjálfara. Á hverju ári er nokkur hluti kærumála á hendur lögreglumönnum vegna samskipta við fólk, stundum við erfiðar aðstæður, þar sem líkamleg valdbeiting hefur átt sér stað. Ætla má að í sumum þeirra tilvika hafi eitthvað hafi farið úrskaiðis í samskiptum í aðdraganda valdbeitingar. Hið sama er einnig þekkt í málum þar sem veist hefur verið að lögreglumönnum við störf. Þá þekktist það að sömu lögreglumenn eru endurtekið að koma við sögu í málum af þessum toga. Einnig eru uppi vísbendingar um að starfsumhverfi lögreglumanna hafi breyst. Virðist vera aukin harka og ofbeldi gegn lögreglu sem m.a. má sjá í fjölda mála sem ríkissaksóknari fær til meðferðar og varða brot gegn valdstjórninni. Lögreglumenn þurfa að hafa góða færni í samskiptum við fólk. Líkamleg valdbeiting þarf ávallt að vera í samræmi við reglur og framkvæmd á fúmlausan hátt. Með aukinni þjálfun á þessu sviði í grunnnámi ætti að vera unnt að ná betri árangri á þessu sviði. Þá ætti einnig samhliða að vera unnt að greina hvort lögreglustarf henti raunverulega viðkomandi, t.d. með endurteknun sálfræðiviðtölum eða sálfræðiprófum á námstíma. Einnig þarf að fylgja skipulögð eftirfylgni og þjálfun á þessu sviði að loknu grunnnámi. Með lengingu á verklegum hluta lögreglunáms ætti að skapast svigrúm til frekari þjálfunar og greiningar á þessu sviði.

Að lokum telur ríkissaksóknari mikilvægt að gæta að því að lögreglunám taki ávallt mið af breytingum í samfélaginu. Hér má nefna sem dæmi fjölgun útfendinga sem hér dvelja til lengri eða skemmri tíma, þar með talið flóttamenn. Einnig fjölgun íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna, þar með talið 2. eða 3. kynslóð innflytjenda. Þá hafa einnig átt sér miklar breytingar á samskiptum fólks með aukinni tækni, t.d. tölvusamskipti sem í auknum mæli hefur verið að koma inn á borð ákærvalds í kynferðisbrotamálum. Námskrá lögreglunáms þarf að taka mið af breytingum af þessum toga.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari

Innanríkisráðuneytið



Innanríkisráðuneytið
Margrét Kristín Pálsdóttir
Sölvhólsgrötu 7
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. apríl 2015
Tilvísun : 2015010011/07

Efni: Umsögu Barnaverndarstofu um með hvað hætti efla megi lögreglunám þannig að námið taki mið af samfélagslegum þörfum.

Barnaverndarstofa vísar til erindis innanríkisráðuneytisins, dags. 9. mars 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa starfshópi á vegum ráðuneytisins umsögn um með hvaða hætti efla megi lögreglunám þannig að námið taki mið af samfélagslegum þörfum. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um verkefni starfshópsins.

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að í námi lögreglumanna sé farið yfir þær skyldur sem lagðar eru á lögregluna með barnaverndarlögum nr. 80/2002. Í lögnum er m.a. fjallað sérstaklega um tilkynningaskyldu lögreglunnar, upplýsingaskyldu lögreglu gagnvart barnaverndarnefndum sem óska eftir upplýsingum sem varðað geta mál sem eru til vinnslu hjá þeim ásamt skyldu lögreglu til almenns samstarfs við barnaverndarnefndir. Barnaverndarstofa telur einnig mikilvægt að almennum réttindum barna séu gerð skil í náminu. Um þau er fjallað í ýmsum ákvæðum barnaverndarlaga og barnalögum nr. 76/2003. Með breytingalögum nr. 61/2012 var bætt inn í barnalög sérstöku ákvæði um almenn réttindi barna sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Framangreint ákvæði einskorðast ekki við þau málefni sem barnalög fjalla um að öðru leyti heldur gildir almennt alls staðar þar sem teknar eru ákvarðanir sem varða börn. Þá hefur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nú öðlast lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 19/2013. Lögfesting samningsins fól m.a. í sér að gera þurfti breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, vegna fanga sem eru undir 18 ára aldri. Við 14. gr. framangreindra laga var bætt við nýrri málsgrein þar sem tekið er fram að fangar undir 18 ára aldri skuli vistaðir á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda nema sérstakar ástæður séu til að vista þá í fangelsi með fullorðnum einstaklingum.

Að lokum telur Barnaverndarstofa mikilvægt að fjallað sé um aðferðir við skýrslutökur af börnum með hliðsjón af aldri og þroska barna ásamt notkun Barnahúss í málum sem komin eru í lögreglurannsókn. Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Sæti mál lögreglurannsókn fer staðsetning skýrslutöku eftir ákvörðun dómara. Ennfremur telur stofan mikilvægt að kynna skyldu lögreglunnar til þess að gefa fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku lögreglu af barni sem sakborningi, sem brotþola og sem vitni. Framangreint á við sama hvort skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga og 1. mgr. 61. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Með þessu er verið að tryggja hagsmuni barnsins við meðferð mála ásamt því að tryggja að barnaverndarnefnd fái strax upplýsingar og geti brugðist við til að tryggja öryggi barnsins ef þörf krefur. Að lokum telur stofan æskilegt að í lögreglunámi færi fram kynning á alþjóðlegum skuldbindingum og samþykktum sem íslenska ríkið er aðili að. Í því sambandi telur stofan að leggja ætti áherslu á Leiðbeinandi reglur Evrópuráðsins um barnvænlegt réttarkerfi (CoE Guidelines on Child-friendly Justice) og samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun



BARNAVERNDARSTOFA

(Lanzarote samningurinn). Í framangreindum reglum og Lanzarote samningnum er sérstaklega fjallað um skyldur lögreglu og annarra fagaðila varðandi bestu hagsmuni barnsins í þessum efnum

Barnaverndarstofa veitir starfshópi innanríkisráðuneytisins fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því.


Guðrún Þorleifsdóttir
lögfræðingur

Félag yfirlögregluþjóna



Innanríkisráðuneytið
b/t starfshóps um LSR
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Inngangur:

FY lýsir yfir ánægju sinni með að Innanríkisráðherra hafi skipað starfshóp til að fara yfir innihald lögreglunáms á grunn- og framhaldsstigi. Um leið vill félagið lýsa yfir að það hefði talið edlilegt að æðstu stjórnendur úr hópi lögreglumanna hefðu átt fulltrúa í starfshópnum.

Rétt að taka fram að stjórn FY einskorðar viðhorf sitt ekki við grunnmenntun lögreglumanna (menntun þá sem krafist er til skipunar í embætti skv. 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga) heldur er einnig horft til framhaldsnáms sem veitt er)
Í bráðabirgðaákvæði laga 51/2014 sem samþykkt voru þann 31. maí 2014 sagði (bráðabirgðaákvæði III): „Ráðherra skal í samráði við hlutaðeigandi aðila setja á laggirnar starfshóp til að endurskoða skipulag og starfsemi Lögregluskóla ríkisins og gera tillögu að framtíðarskipan lögreglumenntunar þannig að tryggt sé að menntun lögreglumanna svari ávallt kröfum samtímans um almannaoðryggi og sé sambærileg stöðu menntunarmála lögreglunnar í Evrópu, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Við tillögugerðina verði hugað að því að skipulag þessara mála sé skilvirkt og markvisst og tryggi sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru til verkefnisins í þessu skyni. Starfshópurinn skal skila tillögum ásamt greinargerð til ráðherra ekki síðar en 1. ágúst 2014“.

Umræddur starfshópur var að störfum sumarið 2014 og skilaði ítarlegri skýrslu. Í ljósi inntaks og eðlis þessarar fyrirspurnar þykir stjórn FY rétt að áréttta það sem fram kemur í bráðabirgðaákvæðinu um að lögreglumenntun :

- svari ávallt kröfum samtímans um almannaoðryggi
- sé sambærileg stöðu menntunarmála lögreglunnar í Evrópu, einkum annars staðar á Norðurlöndum
- skipulagið sé skilvirkt og markvisst
- tryggt verði sem best nýting fjármuna sem ætlaðir eru til verkefnisins

Ekki verður að mati stjórn FY horft framhjá þessum leiðarljósum í lagatextanum og vill félagið áréttta það sem þarna kemur fram, sérstaklega undir liðum a og b hér að ofan og telur að ekki sé unnt að fara aðrar leiðir en þarna er lýst, þ.e. að miða lögreglumenntun hér við það sem gerist í Norðurlöndum. Það er því aðalniðurstaða FY að lögreglumenntun á Íslandi eigi að vera sambærileg við aðra sambærilega menntun á Norðurlöndum.

OB



Fyrir liggja talsverðar upplýsingar um lögregluþjónun á Norðurlöndum og í raun í Evrópu sem meðlimir í FY hafa kynnt sér og má m.a. benda á skýrslu starfshóps innanríkisráðherra sem starfaði s.l. sumar undir stjórn Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, lögreglustjóra og fjallaði um lögregluþjónun. Þar kemur fram að á Íslandi fer lögregluþjónun fram í sérskóla á framhaldsskólastigi (stig 3 – 4) innan lögregluþjónnar og er ekki í neinum tengslum við aðra þjónun og fæst lítið metin meðan lögregluþjónun á öðrum Norðurlöndum er komin mun lengra á þróunarbrautinni.

Um kröfur til þjónunar:

Samfélagið hefur væntingar til þess að lögreglan sé nútímaleg, framsækín, vel menntuð og læs á það umhverfi sem hún vinnur í og þjónar. Þetta upplifa lögregluþjónnendur í lögreglu vel í sínum störfum. Lögreglan er að mörgu leyti á þessum stað en því er ekki að leynd að áhyggjur hafa vaknað um ýmislegt sem breytist hraðar í þjóðarsálinni en núverandi lögregluþjónun virðist hafa tók á að fylgja.

Nýútskrifaðir lögregluþjónnendur ættu m.a. að hafa numið í skólanum, almenn lögfræðfræði, skýrslugerð, afbrotfræði, félagsfræði, sálfræði, íslensku og erlend tungumál, um alþjóðasamvinnu, eftirlit með útlendingum, eðli og einkenni hatursglæpa, heimilisofbeldi, yfirheyrslu- og samtalsækni, löggæslu í alþjóðlegu umhverfi, um skipulagða glæpastarfsemi, rannsóknir allra venjubundinna mála, forgangsakstur, valdbeitingu, vopnaburð, o.s.frv. Þjónun lögregluþjónnanna í grunnnámi hefur hingað til verið mjög kostnaðarsöm. FY leggur áherslu á að hugað verði að því að eftir að námi lýkur komi til þjónustutími (allt að ár) áður en viðkomandi eru formlega útskrifaðir sem lögregluþjónnendur. FY leggur einnig áherslu á að hugað verði að fjármámi bæði í grunn- og framhaldsnámi.

Lögreglan þarf að vera skipuð vísýni, velmenntuðu fólki og í ljósi þess valds sem lögregluþjónni er játað í lögum og þess hlutverks sem hún hefur til að ráða málum þegnanna og öryggis þeirra er það viðhorf FY að lögregluþjónun hér á landi eigi að uppfylla allar kröfur um háskólaþjónun á þeim sviðum sem mest reynir á. Er þá einkum átt við svið félagsvísinda, þar með talið lögfræði.

FY gerir sér grein fyrir að óraunhæft er að allar greinar í lögregluþjónun verði á akademísku plani – eðli starfsins kallar ekki á það alltaf, sbr. t.d. valdbeiting og þ.u.l., en allt bóklegt lögregluþjónun ætti að mati félagsins að fara fram á æðra skólastigi og vera metið til ECTS-háskólaeininga sem skilaði bakkalárgráðu. Með akademísku námi ávinnt vísýni og samfélagsleg þekking.

Gera á ýtarlegri kröfur til stjórnenda og sérfræðinga og með nýrri lögregluþjónun á ekkert að vera því til fyrirstöðu að vel menntaður lögregluþjónnendur, sem treyst er til erfiðra starfa í lögreglu, geti einnig tekið að sér lögreglustjórn en í dag er gerð krafa um lögfræðipróf til slíks að meginkröfu.

'03



Að framangreindu virtu er eftirfarandi viðhorf FY:

1. Menntun lögreglumanna verði sambærileg hér á landi og á hinum Norðurlöndum
2. Menntunin taki mið af þeim valdheimildum og því hlutverki sem lögreglan hefur
3. Tryggt verði að þeir sem ljúka lögreglunámi þekki vel til samfélagsins, skilji uppbyggingu þess og þarfir
4. Kunni á úrræði sem skjólstæðingar lögreglunnar þurfa að hafa aðgang að og þekki leiðir að þeim
5. Þekki og skilji lagareglur til hlítar sem stoðir samfélagsins byggja á. Þar má t.d. nefna að almenn lagabekking þarf að vera til staðar og skilningur á lögum og settum rétti.
6. Stjórnendur í lögreglu þurfa umframmenntun til að skilja til fullnustu hlutverk sitt sem stjórnendur, þeir þurfa að þekkja vel til opinbers starfsmannaréttar og mannaútsjórnunarfræða og tryggja þarf að ekki veljist aðrir til stjórnunarstarfa en þeir sem hlotið hafa rétta menntun til þeirra.
7. Sömu röksemdir eiga við um ýmsa sérfræðinga lögreglunnar.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að stjórnvöld geta ekki ætlast til að lögreglu-starfið sé unnið af algerlega ómenntuðum handhöfum lögregluvalds og leggur FY áherslu á að það viðhorf verði tekið til rækilegrar skoðunar.

F.h. FY,

Óskar Bjártmarz
formaður

Logi Kjartansson

Reykjavík 18.03.15

Umsögn varðandi innihald lögreglunáms hér á landi

Efni: Um innihald lögreglunáms til framtíðar

Sendandi: Logi Kjartansson, lögfræðingur

Viðtakandi: Innanríkisráðuneytið – starfshópur varðandi innihald lögreglunáms

1. Inngangur – um afmörkun forsendna

Vísað er til meðfylgjandi tölvuskeytis dags. 11. 3. 2015, frá Vilhjálmi Árnasyni þingmanni og formanni starfshóps innanríkisráðherra er hefur til umfjöllunar innihald lögreglunáms. Hlutverk hópsins er að setja fram tillögur um með hvaða hætti efla megi námið þannig að það taki mið af samfélagsþörfum. Þess er farið á leit að undirritaður láti í té umsögn vegna úrlausnarefnisins. Í tölvuskeytinu birtast meðal annars þau samfélagslegu markmið og áherslur starfshópsins að menntun lögreglumanna:

- Svari kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu.
- Að ákvarðanir um innihald lögreglunáms verði teknar með upplýstum og faglegum hætti til að tryggja að lögregla búi yfir þeirri þekkingu sem til þarf til að sinna þeim verkefnum sem henni hafa verið falin.
- Menntun almennra lögreglumanna verði með áherslu og hliðsjón af verkefnum og búnaði lögreglu.
- Taki mið af sérhæfingu lögreglumanna með framhaldsmenntun.

Inntak menntunar og þar með talið uppbygging námsskrár fyrir lögreglumannsefni sem og starfandi lögreglumenn eru öflug og veigamikil stjórnunartæki fyrir löggæsluframkvæmd í víðu samhengi. Lögregluskóli ríkisins hefur alla jafna talist hér eini sérhæfði og formlega viðurkenndi vettvangurinn fyrir lögreglumannsefni og starfandi lögreglumenn til að þeir geti þjálfað og tileinkað sér faglega þekkingu og færni með rétta löggæsluframkvæmd að leiðarljósi.

Því má halda hér til haga að hugtakið menntun vísar fyrst og fremst til aukins einstaklingsbundins þroska og upplýsingar og þá færni hans á tilteknu sviði. Með hliðsjón af því hlýtur það að vera *efnislegt inntak* námsins og kröfur þær sem gerðar eru til lögreglumannsefnis sem að mikilvægu leyti móta grunninn að faglegum þroska og færni, ekki síst með tilliti til hlutverks hans og skyldna samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 (LRL). Umsögn undirritaðs tók einkum mið af framangreindum markmiðum í samræmi við tilmæli starfshópsins, það er einkum öryggis og allsherjarreglu, en um er að ræða nokkuð víðtæk orðasambönd og hugtök. Viðvíkjandi gerð umsagnar þessarar var og að talsverðu leyti til viðmiðunar og áherslumótunar meðal annars horft til uppbyggingar þeirrar námsskrár sem gildandi hefur verið undanfarin ár við grunndeild Lögregluskóla ríkisins. Þá var litið til námsefnis fyrir menntastofnanir lögreglu í Danmörku og Noregi og viðtekinna

sjónarmiða þar. Þess er að geta að bóklegt nám í Lögregluskóla ríkisins hér á landi hefur aðeins náð yfir einn vetur undanfarin ár og áratugi. Um uppbyggingu og útfærslu þeirrar námsskrár sem þar hefur gilt þykir ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um í þessari umsögn þar eð ætla má að þau atriði séu nú þegar þekkt hjá starfshópnum.

Í kafla 2 er annars umsögn fyrst og fremst miðuð við menntun hins almenna lögreglumanns, það er *grunnmenntun*. Í kafla 3 verða dregin fram sjónarmið og atriði viðvikjandi sérhæfingu eða nánar greint *framhaldsmenntun*. Í kafla 4 er svo skrá yfir helstu heimildir og bókmenntir sem undirritaður studdist við í sambandi við gerð þessarar umsagnar.

2. Menntun hins almenna lögreglumanns – grunnmenntun

Almennt varðandi menntunarforsendur lögreglu og þar að lútandi viðmið

Eins og kunnugt er þá er það frumskylda sérhvers stjórnvalds, ekki síst lögreglu, að fara að lögum og stefna að þeim markmiðum sem þar birtast eða búa að baki ákvæðum laga. Hlutverk lögreglu, það er verkahringur hennar og þá valdmörk, er fyrst og fremst tilgreint og afmarkað með 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 (hér eftir LRL). Sundurliðun og upptalning hlutverkspátta þar er skilmerkileg og má álíta hana réttarlega tæmandi þótt vitanlega sé ekki um að ræða tæmandi upptalningu allra þeirra raunverulegu úrlausnarefna og tilvika sem þangað getur mátt heimfæra, enda verða þau seint eða aldrei tæmandi talin eða nákvæmlega útfærð í lagatexta. Þó má telja að inntak 1. gr. LRL hafi þá réttarlegu þýðingu að ef fyrirbyggjandi úrlausnarefni eða tilvik verður ekki heimfært til orðalags neins þeirra hlutverkspátta sem birtast í greininni, réttilega skýrðra, beri lögreglu að halda sig þar frá eða vísa viðkomandi máli til annarra viðeigandi stofnana, eftir því sem við getur átt. Þar sem framangreint hlutverk eða með öðrum orðum verksvið lögreglu hlýtur að hafa ákveðna þýðingu fyrir uppbyggingu og efni námsskrár lögreglumenntunar til framtíðar, skiptir þetta atriði vissu máli.

Af hlutverksákvæði 1. gr. LRL má og leiða mikilvæg markmið sem lögreglu ber að stefna að í störfum sínum, sem og skyldur og ábyrgð. Líkt og vikið er að hér áður og tekið er fram í fyrrgreindu tölvuskeyti tilgreinds starfshóps til undirritaðs, hverfist samfélagslegt markmið verkefnisins um eflingu lögreglumenntunar ekki síst um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu. Er það enda svo að tilgreind hugtök og orðasambönd eru á meðal mikilvægra lagahugtaka á sviði löggæslu og birtast til að mynda í 1. gr. og 15. gr. LRL. Er þess þá að geta að hlutverks- eða heimildahugtök í lögreglurétti, eins og til dæmis allsherjarregla og öryggi, má iðulega álíta samofin öðrum mikilvægum hlutverkspáttum og hugtökum lögreglulaga, svo sem mikilvægi skilvirkra rannsókna mála og raunar lagalega réttar framgöngu lögreglu yfirleitt. Það sem við er átt er það að hugtök og hlutverkspætti 1. gr. LRL má iðulega álíta samofna að meira eða minna leyti sem aftur hefur þá tilsvarandi þýðingu fyrir afmörkun úrlausnarefnisins hér.

Sú tilgreining sem birtist í fyrrnefndu ákvæði 1. gr. LRL endurspeglar þau verkefni sem samfélagið hefur falið lögreglu að sinna. Væntingar og viðmið almennings og kröfur hans um hæfni og fagmennsku lögreglu hljóta því einkum að hverfast um að lögregla standi réttilega undir þessu hlutverki og þeim skyldum og markmiðum sem þar af leiðir. Því tengist ekki síst það að lögregla kunni rækileg skil á lögbundnum

valdheimildum og viðbragðsmöguleikum sem hún hefur að grundvallarreglu lögvarinn einkarétt á að beita, svo og þeim lögmaeltu markmiðum og meginreglum (skráðum eða óskráðum) er ávallt setja þeim mikilvæga fyrirvara og takmarkanir. Í þessu samhengi ber jafnframt að geta þekkingar og skilnings á inntaki mannréttindareglna stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Lögreglusiðfræði virðist og hafa vaxið fiskur um hrygg víða í menntastofnunum lögreglu í Evrópu sem hlýtur að teljast til bóta, ekki síst vegna þeirra álitafna sem skapast geta þegar gildandi lög veita ekki svör við því hvað álíta má rétta framgöngu eða viðbrögð í tilteknu tilviki, sömuleiðis hvaða viðmiða eða forsendna getur mátt líta til þegar virt er hvað aðgreinir eða sameinar lög og siðferði.

Það hlýtur að teljast í þágu framangreindra markmiða um allsherjarreglu og öryggi og í samræmi við samfélagslegar þarfir og væntingar almennings til lögreglu, að sérhver útlærður lögreglumaður geti greint á milli þess hvort úrlausnarefni megi afgreiða samkvæmt hinum bráðabirgðakenndu og þannig skammtímamörkuðu valdheimildum sem tilgreindar eru eftir allsherjarumboði 15. gr. – 18. gr. LRL (þá yfirleitt þannig án eftirmála og viðurlaga), eða hvort mál skuli leggja til rannsóknar eða í annan viðurlagafarveg laga um meðferð sakamála, ellegar hvort um er að ræða mál sem fellur innan gildissviðs stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Einnig má álíta mikilvægt að lögreglumaðurinn kunnir skil á helstu ákvæðum og meginreglum til að mynda laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 sem og reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001 og hvernig samspili þar greindra reglna við lögreglulög er háttað. Hér er aðeins um dæmaupptalningu að tefla. Þekking á almennum hegningarlögum og tilteknum völdum sérrefsilögum eins og til dæmis vopnalögum, umferðarlögum, friðunar- og veiðilögum, lögreglusamþykktum og verklags- og siðareglum má einnig álíta mikilvæga fyrir hinn almenna lögreglumann og þar með grunnnám hans. Fagleg og vönduð beiting móðurmálsins, hvort heldur talað mál eða ritað, er jafnframt undirstöðuatriði vegna löggæsluframkvæmdar.

Í ljósi þess er dregið hefur verið fram hér að framan má formlega tilgreina eftirfarandi flokkun í sambandi við námsskrá vegna lögreglumenntunar til framtíðar:

- Lögfræðigreinar
- Lög og reglur
- Almenn lögreglufræði
- Íslenska
- Skýrslugerð
- Önnur tungumál en íslenska
- Aðrar greinar og sérgreinar (svo sem sálfræði, siðfræði og afbrotafræði)
- Verklegar greinar og líkamleg þjálfun

Verður nú gerð grein fyrir hverjum flokki fyrir sig með framtíðarnámsskrá lögreglu að leiðarljósi og með hliðsjón af þeim tilgreindu markmiðum starfshópsins er áður er vikið hér að.

1. Lögfræðigreinar

Lögfræðigreinar hafa löngum skipað mikilvægan sess í námskrám norrænna ríkis-lögregluskóla. Þarf það ekki að koma á óvart með tilliti til fyrrgreindrar frumskyldu lögreglu sem og til að mynda þess hversu mikið reynir á reglur og heimildir laga um meðferð sakamála í störfum hennar, svo og þeirra mannréttindaákvæða sem henni ber

þar ávallt að virða og togast á við skilvirkni og samfélagslega þörf um stöðvun og upplýsingu afbrota. Má í þessu samhengi aðallega telja til *lögreglurétt*, *opinbert réttarfar* og þar einkum *sakamálaréttarfar*, *þárefsirétt* og svo *almennan stjórnskipunar- og stjórnsýslurétt*. Fyrstnefnda lögfræðigreinin, lögregluréttur, nær raunar yfir allar síðartöldu greinarnar að meira eða minna leyti, en lögreglulög og lög um meðferð sakamála mynda þar þó ákveðna þungamiðju ásamt mannréttindaumfjöllun og almennum efnisreglum stjórnsýsluréttar (einkum lögmætisregla, réttmætisregla, hlutlægniregla, meðalhófsregla og jafnræðisregla).

Allar framangreindar námsgreinar hafa verið kenndar að vissu marki í lögreglu-skólanum, þó ekki það sem hér er nefnt almennur stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttur en gera mætti að nýjung í námsskrá, sbr. hér síðar. Undir það fag mætti og fella kafla úr *opinberum starfsmannarétti*, sbr. einkum lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og eftir því sem við getur átt ákvæði lögreglulaga.

Framangreind upptalning lögfræðigreina og inntak þeirra endurspeglar meðal annars að starfsumhverfi lögreglu nú á dögum er lagalega umfangsmikið og á köflum jafnvel flókið. Að þekkja og skilja inntak laga og mikilvægra meginreglna opinbers réttar er sérhverjum lögreglumanni nauðsynlegt, enda er það frumskylda hans. Það er þó ekki nægilegt þar eð þekking og skilningur á lögum verða haldast í hendur við líkamlega beitingu þeirra. Það atriði útheimtir þá tilheyrandi tengsl á milli annars vegar lagalegra og bóklegra þátta og hins vegar líkamlegra eða verklega liða.

Með öðrum orðum þá er það rétt beiting og meðferð valdheimilda sem nauðsynlegt getur reynst að beita sem álíta má einn mikilvægasta þáttinn viðvíkjandi lögreglu-menntun, bæði lagalega og líkamlega. Það ber þó einnig að athuga að góðir andlegir burðir og sálfræðileg þekking geta eftir atvikum haft fyrirbyggjandi áhrif, í þeim skilningi að komið er í veg fyrir valdbeitingu eða annars óþarfa lögregluáðgerðir eða röskun vegna þeirra, þá á þess háttar forvarnarforsendum. Það sem hér er einkum verið að vísa til og varpa ljósi á er að faggreinar í námsskrá lögreglumenntunar verða jafnan ekki slitnar úr samhengi og einangraðar hver um sig heldur haldast yfirleitt í hendur að meira eða minna leyti, falli þær að einhverjum efnisþátta 1. gr. LRL.

Með tilliti til þess að bóklegt nám í grunnmenntun lögreglumanna hefur síðustu ár og áratugi aðeins náð yfir tvær annir, má í ljósi þess sem og framangreindra sjónarmiða ætla eðlilegt og brýnt að vægi lögfræðilegra greina í heild verði í það minnsta *tvöfaldað* varðandi kennslustundafjölda. Endurskoðun og aukning kennsluefnis myndi þá einnig teljast nauðsynleg. Hér er átt við opinbert réttarfar og einkum *sakamálaréttarfar*, *lögreglurétt* og *refsirétt*. Í því samhengi má færa rök fyrir nauðsyn þess að bæta við sérstakri námsgrein með heitinu *almennur stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttur* eins og fyrr er vikið hér að. Umfjöllunarefni þar yrði sérstaklega uppbygging og grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar og þar með talið mannréttindareglur, svo og skipulag íslenskrar stjórnsýslu og þar á meðal gildissvið og reglur stjórnsýslulaga.

Endurskoðun námsefnis í lögfræðilegum greinum má með tilliti til framangreindra sjónarmiða og áðurrakinna markmiða teljast nauðsynleg eins og fyrr segir.

2. Lög og reglur

Hér má ætla mikilvægt að hafa til greinargóðrar umfjöllunar þau sérlög og sérrefsilög sem helst snerta starfssvið lögreglu. Í dæmaskyni er hér til að telja umferðarlög, vopnalög, reglugerð um lögreglusamþykktir, áfengislög, ávana- og fíkniefnalög, veitinga- og gististaðalög og skemmtanalöggjöf, friðunar- og veiðilög, tiltekna reglugerðir og verklagsreglur lögreglu. Áhersla viðvíkjandi því að lögreglumenn þekki boð- og bannreglur tilgreindra laga og viti hvar og hvaða afskiptaheimildir eru réttar og viðeigandi ef þær fyrrgreindu eru ekki virtar. Endurskoðun námsefnis má telja eðlilega í þessari grein.

3. Almenn lögreglufræði

Í þessari námsgrein yrðu til umfjöllunar viðfangsefni sem þekkt eru í hinu raunverulega lögreglustarfi, svo sem rétt viðbrögð og meðferð mála vegna heimilis-ófriðar, mansalsmála, leitar að týndu fólki og margt fleira. Mikilvægt mætti telja að leggja ákveðna áhersla á tengingu við viðeigandi lagagrundvöll, eftir því sem við gæti átt. Í þessu sambandi verður ekki undan því vikist að minnast á þann möguleika að hafa sérstakt námsefni um lögregluftirlit í netheimum og tengdum svæðum, það er hinu „rafræna almannafæri“ ef svo má að orði komast. Eins og alkunna er hafa menn ítrekað orðið uppvísir að alls kyns brotum þar og hættur eru þar oft duldar og síður greinanlegar miðað við önnur og yfirleitt náttúrulegri athafnasvið mannlífsins. Má álíta það afar brýnt að brugðist verði við þessari framvindu sérstaklega í nýrri námskrá lögregluskólans til framtíðar horft.

Endurskoðun námsefnis má í þessari grein teljast eðlileg, ekki síst með tilliti til gildandi forgangsroðunar og áherslna á málaflokka og verkefni lögreglu nú á dögum.

4. Íslenska og skýrslugerð

Beiting móðurmálsins er eins og áður segir undirstöðuatriði í allri opinberri stjórnýslu og þá ekki síst við löggæsluframkvæmd. Áhersla verður að vera á að sérhver lögreglumaður hafi gott og öruggt vald á stafsetningu og málfari og þá ekki síst í ljósi skýrslugerðar. Kunnátta í málfræðiþáttum eins og meðal annars varðandi tíðir og hætti og innbyrðis samræmi þar, svo og beygingar og föll orða, má teljast nauðsynleg og þá einkum með tilliti til skýrslugerðar og ritaðs máls að öðru leyti. Mikilvægt að tengja íslenskukennslu skýrslugerð og öfugt, eftir því sem við getur átt. Ætla má að til að svara samtímakröfum og samfélagsþörfum megi auka vægi í íslensku og skýrslugerð umtalsvert. Endurskoðun og viss samhæfing námsefnis í þessum greinum má þá teljast eðlileg.

5. Önnur tungumál en íslenska

Það getur auðvitað verið talsvert matsatriði hvort kenna eigi önnur tungumál en móðurmálið í lögregluskóla en það hefur ekki verið gert í Lögregluskóla ríkisins um langa hríð. Engu að síður er til að mynda enska mjög mikilvæg víðast hvar nú á dögum. Ljóst er einnig að lögreglumaðurinn verður að geta átt samskipti við útlendinga, óháð því hvort þeir koma fram sem til að mynda hælisleitendur, fórnarlömb mansals, sakborningar ellegar ferðalangar er þurfa á einhverri lögregluaðstoð að halda, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Með tilliti til framangreinds má ætla að kennsla í ensku sé eðlileg í Lögregluskóla ríkisins, en árétta má hér sérstaklega sjónarmið um sérsnið námsefnis fyrir lögreglu.

6. Aðrar greinar og nokkrar sérgreinar

Hér verður vikið að rannsóknum, sálfræði, siðfræði og afbrotafræði en upptalning þessi er ekki tæmandi.

Kennsla í *rannsóknum* er og hefur vitanlega ávallt verið mikilvæg vegna þess hversu stór þáttur rannsókn og meðferð sakamála er og hefur iðulega verið störfum lögreglu. Til þess að nýta námstímann sem best og stuðla að skilvirkni og gæðum námsins sem best hefur þykir rétt að leggja sérstaka áherslu á verklega og tæknilega framkvæmd rannsókna og um leið rétta tengingu við reglur og heimildir laga um meðferð sakamála og viðeigandi reglugerðir, svo og verklagsreglur ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra, allt eftir því sem við getur átt.

Aukin þjálfun í skýrslutökutækni vegna rannsókna má teljast mikilvæg. Til einföldunar og skilvirkni er unnt að greina þar á milli brotaflokka og brotategunda, svo og þolanda og geranda. Sérstaka áherslu mætti til að mynda leggja á skýrslutöku af börnum, svo sem vegna kynferðisbrotamála eða mansalsmála. Afbrotafræðileg sjónarhorn mætti og draga enn frekar fram í dagsljósið í þessu fagi, ekki síst þau sem byggja á rannsóknum um persónuleikagreiningar brotamanna og hegðunarmynstur þeirra, meðal annars með tilliti til rannsóknarmarkmiða sbr. einkum 53. gr. og 54. gr. SML.

Endurskoðun námsefnis má álíta nauðsynlega í námsgreininni rannsóknum.

Í *sálfræði* má ætla brýnt að námsefni taki mið af því starfsumhverfi sem lögreglumaðurinn býr við og þeim afleiðingum sem það getur haft á hann sjálfan, þá til þess að lögreglumaðurinn sjálfur sé upplýstur um það og geti að einhverju marki sjálfur fyrirbyggt andlegar ófarir eða veikindi. Einnig verður að ætla umfjöllun þar varðandi sálræn skyndihjálp þolanda brota eða annarra ógna eins og vegna slysa eða almannavarnaástands. Einkenni og afleiðingar fíkniefnaneyslu, áfengis- og lyfjamisnotkunar má að vissu leyti teljast liður þessu samofinn.

Endurskoðun námsefnis í sálfræði má líklega telja eðlilega.

Fagið *siðfræði* verður sífellt fyrirferðameira í samfélagi okkar og raunar víðar um heim og má eðlilega ekki undanskilja lögreglu í því samhengi. Skilsmunur en jafnframt samhengi siðferðis og siðgæðis annars vegar og laga og reglna hins vegar má ætla á meðal mikilvægra umfjöllunaratriða fyrir lögreglumanninn. Þá einnig álitaeftnið um viðbrögð þegar ákvæði laga veita ekki svör um hvað má ætla rétt eða rangt í tilteknu tilfelli þar sem taka verður ákvörðun engu að síður, oft þar og þá stundina og stundum á svo til einu augnabliki. Tengslin milli siðferðis og lögboðinna vammleysiskrafna 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 yrðu og til umfjöllunar, bæði utan starfs og innan.

Mótun og hönnun nýs námsefnis fyrir lögreglusiðfræði má teljast nauðsynleg.

Afbrotafræði. Í samræmi við þann rauða þráð er liggur í gegnum þess umfjöllun hér alla, það er samtímakröfur til lögreglu og samfélagsþarfir, er ekki úr vegi að leggja til að afbrotafræði sem nýja kennslugrein í framtíðinni. Ekki einvörðungu með áherslu á ýmis einkenni og undirliggjandi þætti eða orsakir hjá geranda, heldur einnig og ekki síður varðandi þolanda.

Mótun eða ákvörðun um nýtt námsefni vegna afbrotafræði væntanlega nauðsynleg.

7. Líkamsþjálfun og verklegar æfingar ýmiss konar

Þessi þáttur hefur ávallt verið mikilvægur námi lögreglumannsins og er það vel með tilliti til þeirra hættulega verkefna og erfiðu aðstæðna sem lögregla getur oft þurft að takast á við. Það sem sérstaklega má þó draga hér fram er að efla tengingu annars vegar valdbeitingar og eftir atvikum annarra líkamlegrar þjálfunar og hins vegar viðeiganda lagagrundvallar, þannig að við þjálfun og aðrar verklegar og beinar líkamlegar æfingar sé skerpt á því eftir atvikum hvaða lagaheimild verið sé að byggja á, hvaða meginreglur leiði til takmörkunar hennar og þar fram eftir götum. Þótt bóknám verði eftir verulega má ætla brýnt að þessi námsgrein mæti ekki afgangi og verði einnig styrkt eftir því sem efni standa til. Skyndihjálp, almannavarnaraðgerðir, forgangsakstur og brunavarnahlutverk lögreglu má einnig nefna til sögunnar í þessu verklega samhengi.

8. Niðurlag

Verði tekið mið af framangreindum sjónarmiðum og áherslum í meginráttum má viðbúið teljast að bóknámsmenn geti ekki með forsvaranlegu móti orðið færri en fjórar í grunnnámi, það er í það minnsta tveir vetur lögreglumannsefna á skólabekk. Vafalítið færi enn betur á að hafa annirnar sex með tilliti til þess markmiðs að útskrifa eins hæfa og vel þjálfaða lögreglumenn og unnt er í ljósi fyrirliggjandi námsskrár og námsefnis, þannig að þeir fái færi á að tileinka sér bæði þekkingu og skilning á námsefni eins og rækilega og varanlega og kostur er. Minna má svo á sjónarmið um sérsnið námsefnis fyrir lögreglu í þeim greinum þar sem það er ekki fyrirfram markað með þeim hætti.

3. Framhaldsmenntun lögreglumanna

Í þessum þætti verður vikið að sjónarmiðum varðandi framhaldsmenntun lögreglu. Mikilvægt er að starfandi lögreglumenn fái tækifæri til sérhæfingar í samræmi samfélagslegrar þarfir þar að lútandi og þá áhugasvið sitt og hæfni. Greina má sérhæfingu í sambandi við menntun lögreglu í nokkra flokka, til dæmis eftirfarandi: Stjórnun, forvarnir, rannsóknir og meðferð sakamála, meðferð annarra stjórnsýslumála (einkum vegna ýmiss konar leyfissskyldrar starfsemi), þá brotastarfsemi og lögreglu eftirlit í netheimum og viðbrögð vegna meintra brota þar. Það athugist að hér er engan veginn um tæmandi talningu hugsanlegra námsgreina í framhaldsdeild að ræða. Viðbætur í raunar öllum þeim námsgreinum sem fjallað er um hér í 2 koma í sjálfu sér til álitu, en tímalengd framhaldsnámsins og fjárveitingar til þess myndu vafalítið verða mjög ráðandi í því samhengi.

Að öllu þessum þáttum yrði vikið í grunnnámi ef framangreindar áherslur og sjónarmið í 2 ganga eftir í meginráttum. Sérhverjum framangreindum má flokki má svo einnig skipta í tiltekna undirflokk. Þannig getur til að mynda framhaldsmenntun varðandi rannsóknir greinst eftir brotaflokkum og brotategundum, stjórnun eftir því hvaða svið löggæslu er um að ræða eða þá yfirstjórnun án tillits til sviðaskiptingar. Eru ýmsir útfærslumöguleikar fyrir hendi í því sambandi og ráðast þeir einnig af því hvernig framhaldsmenntunarstefnan verður mótuð heildstætt. Ef markmið framhaldsmenntunar yrði það að útskrifa stjórnendur í lögreglu má ljóst vera að gera verður auknar hlutlægar kröfur til þeirra. Eigi að steypa öllum framangreindum meginflokkum saman þannig að úr verði heildstætt og samfellt nám fyrir stjórnendur í

lögreglu myndi námsefni verða margþætt og yfirgripsmikið. Tveggja ára nám við framhaldsdeild mætti þá ætla raunhæft:

- Undir flokkinn *stjórnun* gæti til að mynda mátt heimfæra opinberan starfsmannarétt, þá einnig mannauðsstjórnun, skipuritsgerð og mótun aðgerðaskipulags, þætti varðandi verkefna- og valdframsal og ábyrgðartengsl vegna þess frá lagalegu sjónarhorni, þá samhengi fjárlaga og hlutverksákvæða lögreglulaga frá bæði fræðilegum og hagnýtum sjónarhornum.
- Varðandi greinina *rannsóknir* yrði vafalítið skynsamlegt að skipta námi að talsverðu leyti í samræmi við afmörkun brotategunda og brotaflokka, t.d. rannsóknir efnahagsbrota, kynferðisbrota, ofbeldisbrota og þar fram eftir götum. Markmið yrði ávallt að gera nema hæfan til þess að tryggja rétta og skilvirka stjórnun. Áhersla vitanlega mikil á lög um meðferð sakamála og tilheyrandi reglugerðir.
- Í greininni *meðferð stjórnisýslumála* er um að ræða meðferð aðallega mála vegna ýmiss konar starfsemi er lýtur leyfisveitingarvaldi lögreglu, en starfsmannamál falla oft einnig þar undir.
- Í *forvarnarþættinum* yrði farið dýpra í öll helstu stig eiginlegrar forvarnalöggæslu, það er einkum frumstig, miðstig og efsta stig (og eftir atvikum fleiri viðteknar flokkanir). Afbrotufræði og félagssálfræði í framhaldstengingu við grunnám gæti og komið hér til.

Að frátöldum framangreindum flokkunum og áherslum gætu einnig komið til sérstakir viðbótaráfangar sem beint framhald af tilheyrandi námsgreinum í grunnnámi. Þannig gæti verið almennt framhald í refsirétti, sálfræði, lögreglurétti, rannsóknum o.s.frv. Í því áhorfi og að gættum framangreindum forsendum um að steypa framhaldsnámi í eitt samfellt mót og óslitið námstímabil, er það mat umsagnarhöfundar að slíkt framhaldsnám geti tæplega orðið styttra en þrjár til fjórar annir eins og fyrr er vikið að.

Það skal að lokum áréttað að framangreind umsögn er unnin í ljósi tilgreindra markmiða starfshóps þess sem skipaður var af ráðherra til að fara yfir innihald lögreglunáms hér á landi. Í tengslum við þá vinnu var talsvert stuðst við ákveðnar heimildir sem tilgreindar verða hér á eftir. Einnig kom starfsreynsla og menntun undirritaðs úr lögreglu að tilteknum notum, þar með talið kennsla í lögfræðigreinum og rannsóknar- og fræðistörf við lögregluskóla ríkisins.

Undirritaður áréttar að hann er sjálfsgöðu reiðubúinn að koma á fund starfshópsins til þess að fylgja eftir og útskýra frekar framangreindar áherslur og sjónarmið þau sem hér hafa verið reifuð.

4. Helstu heimildir

Alþingistíðindi

Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar*. Reykjavík 2008.

Heimasíða lögreglunnar á Íslandi – www.logreglan.is.

Heimasíða dönsku lögreglunnar – www.politiet.dk.

Heimasíða norsku lögreglunnar – www.politi.no.

Ib Henricson: *Politiret*. Kaupmannahöfn 2012.

Íslensk orðabók – grundvallarrit um íslenska tungu. Reykjavík 2007.

John Henry Mæland, Knud Rosandhaug og Ragnar Auglend: *Politirett*. Oslo 2004.

Lagasafn Íslands

Logi Kjartansson: *Löggluréttur*. Handrit 2015.

Námsskrár fyrir grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins

Páll Hreinsson: *Stjórnsýsluréttur*. Reykjavík 2013.

Páll Skúlason: *Pælingar*. Reykjavík 1996.

Virðingarfyllst,

Logi Kjartansson lögfræðingur cand. jur.

Lögmannafélag Íslands

Reykjavík, 26. mars 2015

Efni: Innihald lögreglunáms á grunn- og framhaldsskólastigi á Íslandi

Með bréfi innanríkisráðuneytisins dags. 9. mars 2015 óskaði starfshópur til að fara yfir innihald lögreglunáms á grunn- og framhaldsskólastigi eftir umsögn frá Lögmannafélagi Íslands um markmið starfshópsins. Í bréfinu er samfélagslegt markmið verkefnisins sagt vera að menntun lögreglumanna „*svari kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu og að ákvarðanir um innihald lögreglunáms verði teknar með upplýstum og faglegum hætti til að tryggja að lögregla búi yfir þeirri þekkingu sem til þarf til að sinna þeim verkefnum sem henni hafa verið falin*“.

Laganefnd telur mikilvægt að við þjálfun og menntun lögreglumanna verði farið sérstaklega yfir þær reglur sem gilda um réttindi sakborninga við rannsókn sakamála og lögð áhersla á að þau séu virt í hvívetna, ekki bara í orði heldur einnig á borði. Þannig telur laganefnd mikilvægt að lögreglumenn kunni ekki aðeins skil á þeim reglum um réttindi sakborninga sem felast í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, heldur beri þeir jafnframt ýrtrústu virðingu fyrir þeim.

Auk framangreinds bendir laganefndin á að Ísland hefur skrifað undir fjölda alþjóðasáttmála um brotaflokkana sem ná þvert yfir landamæri ríkja. Mikilvægt er að lögreglumenn kunni skil helstu reglum sem gilda um slíka brotaflokkana, t.d. mansal, skipulagða glæpastarfsemi, spillingu o.s.frv.

Sé þess óskað eru fulltrúar laganefndar tilbúnir til þess að mæta á fund með starfshópnum og ræða málið frekar.

Virðingarfyllt,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Reimar Pétursson hrl.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Innanríkisráðuneytið
vt. Margrét Kristín Pálsdóttir
Sölvhólgata 7
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. mars 2015.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um innihald lögreglunáms á grunn- og framhaldsstigi.

Með bréfi dags. 9. mars sl., var þess óskað, fyrir hönd starfshóps sem skipaður var til að fara yfir innihald lögreglunáms á grunn- og framhaldsstigi hér á landi, að Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ), skilaði umsögn um innihald slíks náms.

MRSÍ hefur takmarkaða vitneskju um hvernig lögreglunámi er nú háttað en leggur áherslu á að í slíku námi, hvort sem er á grunn- eða framhaldsskólastigi, fari fram fræðsla um mannréttindi, og þá ekki aðeins mannréttindi sakborninga og grunaðra manna, heldur einnig mannréttindi brotþola. Slík kennsla mætti t.d. taka til kynjajafnréttis og banns við mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, uppruna, aldurs, fötlunar, trúar- og lífsskoðana, kynhneigðar, kynvitundar og kyngervis. Jafnframt er nauðsynlegt að fram fari fræðsla um kynbundið ofbeldi og kynferðisofbeldi, eðli þess, birtingarmyndir og afleiðingar. Í því sambandi má m.a. benda á nauðsyn þess að lögreglumenn þekki efni Evrópuráðssamnings gegn ofbeldi gegn konum, svonefnds Istanbúlsamnings og Evrópuráðssamnings um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum (Lanzarote samningsins). Þá er mikilvægt að í náminu fari fram ítarleg fræðsla um mansal, þær reglur sem settar hafa verið á alþjóðavettvangi til að sporna gegn því, s.s. bókun við samning Sp gegn skipulagðri glæpastarfsemi (Palermó-bókunina) og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali.

Enn fremur hvetur skrifstofan til þess að í náminu verði unnið gegn staðalmyndum, úreltum viðhorfum og sjónarmiðum. Sem dæmi má nefna að enn virðist eima eftir af þeirri skoðun að ofbeldi í nánnum samböndum (heimilisofbeldi) sé einkamál sem falli innan friðhelgi einkalífs. Þá er ei langt síðan að í fjölmiðlum birtist það viðhorf lögreglu að konur skuli sjálfar taka ábyrgð á því að ógætileg hegðun þeirra, klæðnaður eða annað ýti ekki undir hættuna á því að þær verði fyrir kynferðisofbeldi. Með öðrum orðum, ábyrgðin er sett á gerandann en ekki brotþolann, sem almennt tíðkast ekki um aðra tegund brota.


Þá telur MRSÍ nauðsynlegt að í náminu fari fram fjölmennningarleg kennsla og fræðsla um málefni innflytjenda svo vinna megi gegn hugsanlegum fordómum auk þess sem slík fræðsla yrði fremur til að tryggja að einstaklingur af erlendum uppruna sæti ekki mismunun hvað varðar meðferð máls hans hjá lögreglu.

Þær áherslur í kennslu er að framan greinir, telur MRSÍ sérstaklega mikilvægar í ljósi skýrslu Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2013). „Vinnumenning og kynjatengsl lögreglunnar: Af hverju eru konur svo fámennar meðal lögreglumanna?“. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru þær að konur voru 12,6% lögreglumanna þann 1. febrúar 2013, þrátt fyrir að hafa verið 17-33% brautskráðra nemenda frá Lögregluskóla ríkisins síðan 1999. Brotthvarf kvenna frá lögreglunni sýnir sig því að vera verulegt. Þá sýndi skýrslan að nær engar konur voru í efstu starfsstigum lögreglunnar, og að óánægja gagnvart framgangi í starfi hefði aukist mikið á síðastliðnum árum. Samkvæmt skýrslunni eru viðhorf karlkyns lögreglumanna til kvenna heldur neikvæð. Konur treysti sér, og öðrum konum, til að sinna öllum verkefnum lögreglunnar en karlar geri það síður. Segir skýrslan viðhorf yngstu lögreglumanna íhaldsömum sem gefur til kynna að jafnrétti innan lögreglunnar muni ekki aukast sjálfkrafa með komandi kynslóðum. Ekki síst af þessum sökum hvetur MRSÍ til þess að í lögreglunáminu verði markvisst unnið gegn þeim viðhorfum sem skýrslan endurspeglar.

Loks hvetur MRSÍ til að til kennslunnar verði fengnir sérfróðir aðilar, svo sem MRSÍ, Stígamót, Kvennaathvarf, Jafnréttisstofa o.fl. auk þess sem skrifstofan áréttar að þau atriði og alþjóðlegu skuldbindingar sem vísað er til í bréfi þessu eru ekki tæmandi talning en er ætlað að skýra þær áherslur sem skrifstofan telur mikilvægar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands



Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Frá: Þorkell Ágústsson <thorkell@RNSA.IS>
Dags: 27.03.2015 15:14:50
Til: "postur@irr.is" <postur@irr.is>
Efni: IRR15020057/10.10.11 Efling á námi lögreglumanna

Í framhaldi af erindi um að efla nám lögreglumanna telur Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) rétt að benda á eftirfarandi:

Rannsakendur á vegum Rannsóknarnefndar samgönguslysa starfa að öllu jafna með lögreglumönnum á vettvangi samgönguslysa.

Til þessa hafa rannsakendur á hverju sviði fyrir sig (flug-Umferð-Sjó) verið með kynningafundi um störf RNSA, bæði á flugslysaæfingum, í flugskólum, í lögregluskóla og eftir óskum hverju sinni.

Þessar kynningar hafa verið eftir hentugleika hverju sinni og ljóst að ekki hafa allir lögreglumenn haft tækifæri til þess að sitja slíkar kynningar.

Þótt slíkt kynningarstarf sé ekki hluti af skilgreindum verkefnum RNSA telur RNSA mikilvægt að upplýsa lögreglumenn um rannsóknarstörf RNSA, ásamt tilgangi og reglugerðarumhverfi sem þeim fylgja.

RNSA telur mikilvægt að ná til sem flestra lögreglumanna með slíkar kynningar og telur því rétt að hafa þær sem hluta af námi lögreglumanna.

Nokkar greinar í lögum um rannsókn samgönguslysa (nr. 18/2013) taka á samskiptum við lögreglu og segir meðal annars:

- *Stjórnandi rannsókna skal hafa rétt til að kveðja sér til aðstoðar **lögreglu** og aðra opinbera aðila, svo og björgunar- og hjálparlið.*
- *Þegar slys sem rannsóknarnefnd rannsakar verður tilefni rannsókna að hætti laga um meðferð sakamála er rannsóknarnefnd heimilt að veita **lögreglu** almennar upplýsingar um rannsókn vettvangs ef við á, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 27. gr. Rannsóknarnefndinni er einnig heimilt að veita lögreglu aðstoð við úrlausn tæknilegra álitafna.*
- *Þegar slys eða atvik verður tilefni rannsókna að hætti laga um meðferð sakamála skal rannsóknarnefndin veita **lögreglu** upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitafna.*
- *Rannsóknarnefnd samgönguslysa getur krafist framlagningar gagna og upplýsinga, þ.m.t. frá stofnumum sem hafa eftirlit með samgöngum, **lögreglu**,*

Ríkissaksóknari

SJF/DK

Reykjavík, 26. mars 2015

Tilv. 201503-0075 672

Tilvísun ráðuneytis: IRR150200057/10.10.11

Ríkissaksóknari vísar til bréfs ráðuneytisins 9. þ.m., vegna starfshóps sem falið var að fara yfir lögreglunám á grunn- og framhaldsstigi hér á landi. Tekið er undir þær megin forsendur sem lagt er upp með hjá starfshópnum og fram koma í bréfi ráðuneytisins.

Ríkissaksóknari telur afar mikilvægt að lögreglan hafi á að skipa menntuðum og vel þjálfuðum lögreglumönnum. Æskilegt er að bakgrunnur þeirra sem leggja stund á lögreglunám og starfa innan lögreglu sé fjölbreyttur með tilliti til fyrri menntunar og reynslu. Mikilvægt er að námið henti báðum kynjum og fólki á ólíkum aldri, þar með talið fjölskyldufólki. Einnig þarf að gæta vel að því að lögreglunám sé ávallt raunhæfur valkostur fyrir þá landsmenn sem búsettir eru á landsbyggðinni, án mikillar röskunar fyrir fjölskyldulíf viðkomandi eða verulegra fjárútláta. Í því sambandi þarf að efla möguleika á fjarnámi og gera lögreglunámið sveigjanlegt hvað varðar námstíma. Einnig að lögreglunemi eigi þess kost að stunda verklegt lögreglunám í sinni heimabyggð ef viðkomandi óskar þess og það samrýmist megináherslum í náminu. Nokkuð hefur borið á því á undanförunum árum að illa hafi gengið að manna stöður lögreglumanna á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni, t.d. í Ólafsvík og á Patreksfirði. Að því virtu kann að vera æskilegt að leita leiða til að gera efnilegu fólki í heimabyggð, meðal annars fólki sem gegnt hefur störfum afleysinga- og héraðslögreglumanna, kost á að stunda lögreglunám í fjarnámi eða með lengri eða sveigjanlegri námstíma. Þá kann einnig að vera æskilegt í sama tilgangi að hækka efri aldursmörk vegna inntöku í lögreglunám.

Ef litið verður til núverandi skipunar lögreglunáms í grunnnámsdeild þá er æskilegt að leitað verði leiða til að lengja verklegt starfsþjálfunartímabil. Að mati ríkissaksóknara kemur helst til greina að bæta við starfsþjálfunartímabili og verklegu námi, allt að 12 mánuði. Starfsþjálfunartímabil verði tvískipt, hið fyrra að loknum fyrsta hluta (fyrri bóklega önn) en hið síðara að loknum þriðja hluta (seinni bókleg önn). Að loknu seinna starfsþjálfunar- og verknámstímabili (fjórði hluti námsins) verði lögreglunemi brautskráður úr grunnnámsdeild. Með lengingu á starfsþjálfunar- og verknámstímabili gefst tækifæri til að efla verklegt nám innan lögreglu undir handleiðslu reyndra lögreglumanna og annarra sérfræðinga. Þá gefst einnig tækifæri til að leggja betur mat á það hvort lögreglustarf henti lögreglunema til framtíðar litið. Samhliða verði tekið til athugunar hvort starfstími og starfsreynsla sem nemandi hefur áður aflað sér með starfi sem héraðslögreglumaður eða afleysingamaður, verði að einhverju leyti metinn sem hluti af verklegu námi viðkomandi og komi til frádráttar. Kann það fremur að eiga við ef viðkomandi lögreglunemi er með langa starfsreynslu innan lögreglu áður en lögreglunám hófst. Svipuð sjónarmið kunna að eiga við hafi nemandi aðra svipaða

reynslu innan lögreglu, t.d. sem sérhæfður starfsmaður (dæmi á sviði tölvu- og tæknirannsókna eða við almannavarnir eða sem ákærandi).

Ríkissaksóknari hefur kynnt sér tillögur að framtíðarskipan lögreglumenntunar á Íslandi, sbr. skýrslu starfshóps til innanríkisráðherra, dags. 15. september 2014. Þær tillögur sem þar koma fram eru á margan hátt athyglisverðar og æskilegar til lengri tíma lítið, a.m.k. hvað varðar lögreglunám á framhaldsstigi. Ríkissaksóknari telur hins vegar að stíga beri varlega til jarðar hvað varðar hugsanleg áform um að færa grunnnám lögreglu yfir á háskólastig. Verði það skref stigið þá þarf að undirbúa það mjög vel og því þarf að fylgja nægjanlegt fjármagn. Að mati ríkissaksóknara kann sú hætta að vera fyrir hendi, ef grunnnám verður fært á háskólastig, að markmið um fjölbreyttan bakgrunn þeirra sem veljast til starfa innan lögreglu nái ekki nægjanlega fram að ganga og nýliðun í lögreglunni verði einsleit. Það muni veikja lögregluna til lengri tíma lítið, t.d. að fólk með iðnmenntun leiti síður inn í lögregluna. Öðru máli gegnir um framhaldsnám innan lögreglu, svo sem á sviði sakamálarannsókna og stjórnunar og sérhæfðra starfa innan lögreglu. Á þeim vettvangi er æskilegt að nám verði eftt. Það markmið kann að nást með því að færa nám við framhaldsdeild á háskólastig. Í því samhengi þarf hins vegar að gæta að því að lögreglumenn sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eigi þess kost að stunda nám við framhaldsdeild. Þarf að leita leiða til að gera það kleift með sérstöku mati á hæfni eða sérstöku undirbúningsnámi. Samhliða verði reglugerð um starfsstig innan lögreglu tekin til gagngerar endurskoðunar. Hvað varðar nám á háskólastigi á sviði stjórnunar og forystu, sem nýst getur innan lögreglu, þá skal haft í huga að nú þegar er nokkuð framboð af slíku námi hjá háskólunum, sbr. t.d. diplóma- og meistaranám (MPA) í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) við Háskólann í Reykjavík. Má hugsanlega ná markmiði um meiri menntun stjórnenda innan lögreglu með því að beina áhugasömum lögreglumönnum og sérfræðingum innan lögreglu, t.d. ákærendum, með skipu- lögðum hætti í þennan námsfarveg og gæta þess samhliða að létta undir með daglegum starfs- skyldum viðkomandi á námstímanum (nám með vinnu).

Námskrá lögreglunáms þarf að taka mið af daglegum verkefnum lögreglu og þeim áherslum sem uppi eru í löggæslu hverju sinni. Er þar af mörgu að taka. Frá sjónarhóli ríkissaksóknara er sérstaklega mikilvægt að lögreglumenn kunni góð skil á sakamálaréttarfari og refsirétti og hvers kyns rannsóknaraðferðum, þar með talið yfirheyrsluaðferðum. Þá skiptir einnig máli góð þekking á skráningu og vörslu skjala og annarra gagna. Á það hvort tveggja við um nám við grunnnámsdeild og framhaldsdeild. Afar mikilvægt er að rannsóknir sakamála séu ávallt í lögmætum og réttum farvegi, þar með talið varðandi greiningu á sakarefni, að ávallt sé gætt að réttarstöðu brotaþola og sakbornings í hvívetna og beiting hvers kyns rannsóknar- og þvingunarúrræða sé ávallt í lögmætu horfi. Lögreglunám þarf að vera þannig uppbyggt að lögreglunemi hafi góða fræðilega og praktíska innsýn í lagaumhverfið og geti tileinkað sér og haft gott vald á þeim réttarreglum og rannsóknaraðferðum sem eiga við í tengslum við meðferð sakamála. Hið sama á við um skilning á helstu grundvallaratriðum í refsirétti. Þessum markmiðum verður líklega best náð með því að byggja nám upp með fyrirlestrum, heimanámi, verkefnaskilum og verklegum æfingum undir handleiðslu kennara. Kennarar á sviði réttarfars og refsiréttar þurfa að hafa góðan fræðilegan bakgrunn (lögfræðimenntun) og talsverða praktíska reynslu á því sviði. Þá er æskilegt að umsjónarkennari í þessum hluta námsins sé fastráðinn starfsmaður skólans (lögfræðingur eða annar háskólamenntaður

sérfræðingur) en unnt verði að leita til stundakennara sem svipaðan bakgrunn, til aðstoðar, þegar það á við.

Þá er einnig mikilvægt frá sjónarhóli ríkissaksóknara að í náminu sé farið vel yfir hvers kyns valdbeitingaraðferðir lögreglu og þjálfun á því sviði verði eflað. Hið sama á við um þjálfun í samskiptum við fólk, þar með talið við erfiðar aðstæður. Tekið verði til athugunar hvort rétt sé að fá sálfræðinga að þjálfun af þessum toga til viðbótar við hefðbundna þjálfara. Á hverju ári er nokkur hluti kærumála á hendur lögreglumönnum vegna samskipta við fólk, stundum við erfiðar aðstæður, þar sem líkamleg valdbeiting hefur átt sér stað. Ætla má að í sumum þeirra tilvika hafi eitthvað hafi farið úrskeiðis í samskiptum í aðdraganda valdbeitingar. Hið sama er einnig þekkt í málum þar sem veist hefur verið að lögreglumönnum við störf. Þá þekkist það að sömu lögreglumenn eru endurtekið að koma við sögu í málum af þessum toga. Einnig eru uppi vísbendingar um að starfsumhverfi lögreglumanna hafi breyst. Virðist vera aukin harka og ofbeldi gegn lögreglu sem m.a. má sjá í fjölda mála sem ríkissaksóknari fær til meðferðar og varða brot gegn valdstjórninni. Lögreglumenn þurfa að hafa góða færni í samskiptum við fólk. Líkamleg valdbeiting þarf ávallt að vera í samræmi við reglur og framkvæmd á fumláusan hátt. Með aukinni þjálfun á þessu sviði í grunnnámi ætti að vera unnt að ná betri árangri á þessu sviði. Þá ætti einnig samhliða að vera unnt að greina hvort lögreglustarf henti raunverulega viðkomandi, t.d. með endurteknum sálfræðiviðtölum eða sálfræðiþrófum á námstíma. Einnig þarf að fylgja skipulögð eftirfylgni og þjálfun á þessu sviði að loknu grunnnámi. Með lengingu á verklegum hluta lögreglunáms ætti að skapast svigrúm til frekari þjálfunar og greiningar á þessu sviði.

Að lokum telur ríkissaksóknari mikilvægt að gæta að því að lögreglunám taki ávallt mið af breytingum í samfélaginu. Hér má nefna sem dæmi fjölgun útlendinga sem hér dvelja til lengri eða skemmri tíma, þar með talið flóttamenn. Einnig fjölgun íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna, þar með talið 2. eða 3. kynslóð innflytjenda. Þá hafa einnig átt sér miklar breytingar á samskiptum fólks með aukinni tækni, t.d. tölvusamskipti sem í auknum mæli hefur verið að koma inn á borð ákærvalds í kynferðisbrotamálum. Námskrá lögreglunáms þarf að taka mið af breytingum af þessum toga.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari

Samgöngustofa



Innanríkisráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 7.04.2015
1503492 MDB

Efni: IRR15020057 - Umsögn Samgöngustofu til starfshóps um innihald lögreglunáms

Vísað er til erindis starfshóps sem er að fara yfir innihald lögreglunámsá grunn- og framhaldsstigi hér á landi. Óskað er eftir upplýsingum um hverjar kröfur og væntingar samfélagsins eru til hæfni og fagmennsku lögreglunnar.

Hlutverk Samgöngustofu er að fara með stjórnslu samgöngumála og annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Við rækslu eftirlitshlutverks síns þurfa starfsmenn Samgöngustofu gjarnan að leita til lögreglunnar vegna ýmissa atriða er geta komið upp og er þá mikilvægt að lögreglan búi yfir hæfni og þekkingu til að bregðast við.

Í lögum nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála kemur fram að Samgöngustofu sé heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlit og öflun nauðsynlegra upplýsinga í þágu eftirlits. Slík aðstoð getur verið í margvíslegu formi. Nefna má sem dæmi að starfsmenn Samgöngustofu geta óskað eftir því við lögreglu og önnur löggæslufyrirvöld að þau veiti Samgöngustofu fulltingi við framkvæmd farbanns skipa. Samvinna Samgöngustofu og lögreglu í tilteknum málum gegna mikilvægu hlutverki s.s að því er varðar umferðaröryggi. Er því hlutverki m.a. lýst í umferðarlögum nr. 50/1987 en einnig má nefna reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja og reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja. Lögreglan hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna að því er varðar flug, t.d. að því er varðar aðgang einstaklinga að haftasvæði flugverndar en bakgrunnsskoðun lögreglu er liður í því að ákvarða hvort óhætt þyki fyrir Samgöngustofu, rekstraraðila flugvallar, flugleiðsöguþjónustu eða flugrekanda að veita einstaklingi aðgangshemild að slíku svæði. Einnig er Samgöngustofu, lögreglu og töllyfirvöldum heimilt að rannsaka loftfar í þeim tilgangi að sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis. Samgöngustofa telur samkvæmt framansögðu rétt að áréttu mikilvægi þess að lögreglumenn séu menntaðir á öllum sviðum samgangna og samgönguöryggis. Hæfni, fagmennska og góð mannleg samskipti eru lykilatriði við rækslu slíkra verkefna.

Sé óskað eftir nánari upplýsingum eða umsögnum á síðari stigum er Samgöngustofa reiðubúin að verða við því.

Virðingarfyllst, f.h. Samgöngustofu,


Kristín Helga Markúsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar


Magnús D Baldursson
lögfræðingur

Samkeppniseftirlitið



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Innanríkisráðuneytið
bt. Margrétar Kristínar Pálsdóttur
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2015
Tilv.: 1503010

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna endurskoðunar á innihaldi lögreglunáms á grunn- og framhaldsstigi á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið vísar til bréfs dags. 9. mars sl. frá starfshópi skipuðum af innanríkisráðherra með það hlutverk að fara yfir innihald lögreglunáms á grunn- og framhaldsstigi á Íslandi.

Í bréfi starfshópsins er kallað eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins þar sem fram eiga að koma áherslur eftirlitsins með hliðsjón af því markmiði starfshópsins að menntun lögreglumanna verði eflð þannig að námið svari kröfum samtímans um öryggi fyrir almenning og allsherjarreglu og að tryggt verði að lögregla búi yfir þeirri þekkingu sem þarf til að sinna þeim verkefnum sem henni hafa verið falin. Hefur Samkeppniseftirlitið kynnt sér efni málsins og leggur fram eftirfarandi umsögn. Þá vill eftirlitið taka fram að umsögnin takmarkast við aðkomu samkeppnisréttar að lögreglustörfum líkt og nánar verður rakið.

Samkeppniseftirlitið starfar á grundvelli samkeppnislaga nr. 44/2005, og er samkeppnisréttur mjög afmarkað réttarsvið. Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslupátta þjóðfélagsins. Þessu markmiði skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkun á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni á samkeppnismörkuðum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

Verkefni og valdheimildir Samkeppniseftirlitsins eru af margvíslegum toga en taka í aðalatriðum til fyrirtækja og opinberra aðila í atvinnurekstri. Vísast hér til 2. gr., 4. gr. og 8. gr. samkeppnislaga. Eftirlitið fylgir eftir bannreglum samkeppnislaga, þ.e. banni við ólögmetu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu, tekur afstöðu til þess hvort samrunar fyrirtækja leiði til samkeppnishindruna, beitir sér gagnvart stjórnvöldum til þess draga úr samkeppnishindrunum og örva samkeppni og fylgist með eigna- og

Borgaríun 26, 125 Reykjavík, pósthólf 5120
Sími 585 0700, Fax 585 0701
samkeppni@samkeppni.is, www.samkeppni.is

Samtökin '78

Frá: Samtökin '78 <skrifstofa@samtokin78.is>
Dags: 08.12.2014 15:32:01
Til: postur@irr.is
Efni: Umsögn um framtíðarskipan lögreglunáms

Góðan daginn.

Samtökin '78 fagna háleitum markmiðum í menntun lögregluþjóna á Íslandi en vilja um leið minna á og áréttu mikilvægi þess að almenn mannréttindafræðsla og hinsegin fræði fái veigamikinn sess í hinu nýja námi.

Viðbrögð og úrvinnsla hatursglæpa vegur þar þungt en ekki síður þekking á réttri orðnotkun og skilningur á jaðarhópum hinsegin samfélagsins á Íslandi. Sem dæmi má nefna trans fólk en sá hópur er einkar útsettur fyrir fordómum og ofbeldi.

Hjá Samtökunum '78 starfar fjölbreytt teymi fagfólks sem hefur mikla reynslu af því að taka á móti einstaklingum í ráðgjöf sem og að miðla og fræða í menntastofnunum sem og í atvinnulífinu. Vilja Samtökin '78 koma á framfæri áhuga á samstarfi er kemur að því að móta og miðla hinsegin fræðslu til lögregluþjóna framtíðarinnar.

Með bestu kveðju,
Árni Grétar Jóhannsson
Framkvæmdastjóri

Sími: 552-7878 | Netfang: skrifstofa@samtokin78.is

Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi
Suðurgata 3 | 101 Reykjavík | www.samtokin78.is

Stígamót



Til Innanríkisráðuneytisins, b.t. Margrétar Kristínar Pálsdóttur
Frá Guðrúnu Jónsdóttur f.h. Stígamóta.

Osló 24.3.2014

Um aukið og bætt nám lögreglumanna

Stígamót þakka fyrir tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum um bætt nám lögreglumanna. Við lýsum ánægju með verkefnið og teljum að menntun lögreglumanna sé lykilatriði í að betur verði haldið utan um kynferðisbrotamál.

Ársskýrslur Stígamóta hafsjór af fróðleik um kynferðisofbeldi

Stígamót hafa frá upphafi safnað mikilvægum tölfræðigögnum í gegnum komuskýrslur sem flest allir 7039 brotaþolar hafa útfyllt við fyrstu komu.

Gefnar hafa verið út ársskýrslur frá upphafi með ítarlegum tölfræðiupplýsingum sem nýst hafa sem góð verkfæri til þess að leggja til lagabreytingar og lagfæringar á meðferð kynferðisbrotamála. Ársskýrslurnar má nálgast á heimasíðu okkar www.stigamot.is.


Auka þarf skilning á líðan brotaþola og sýna þeim virðingu

Kynferðisofbeldi er eðli málsins samkvæmt, alltaf gjörmingur í óþökk þess sem beittur er ofbeldinu og því alltaf á ábyrgð kynferðisbrotamannsins. Mikið vantar upp á að sú staðreynd sé viðurkennd af öllum þeim sem að kynferðisbrotamálum koma.

Áfallastreituröskun sem er alvarleg afleiðing áfalla á borð við nauðganir, hefur áhrif á skammtímaminni og ýmislegt fleira sem lögreglumenn verða að þekkja ef meðferð kynferðisbrotamála á að vera fagleg og réttlát. Enn er það svo að „victimblaming“ er mjög útbreidd á meðal almennings og hennar gætir líka á meðal þeirra sem vinna við málaflökkinn.

Við viljum benda sérstaklega á að rauði þráðurinn í lífi brotaþolanna sem leita til Stígamóta er skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd. Þetta kemur fram í komuskýrslum og hefur lítið breyst sl. 25 ár. Mjög órókréttar tilfinningar sem við eyðum meira en 2000 ráðgjafarstundum

á ári í að leiðrétta til þess að fólkið okkar öðlist bætt lífsgæði.




Aðeins um 10-17% af Stigamótafólki hefur kært kynferðisofbeldið. Aðspurt um ástæður svara um 85% að skömm sé ein af ástæðum þess að þau leiti ekki réttar síns. Um 75% þeirra sem leitað hafa hjálpar vegna nauðgana nefna sektarkennd sem eina af ástæðum þess að málin voru ekki kærð. Með þessar ranghugmyndir verður að vinna allsstaðar. Bæði með almennri vitundarvakningu og ekki síður með bættum skilningi þeirra sem fást við kynferðisbrotamál.

Hér má sjá kærur Stigamótafólks árið 2014. Tryggja þarf að fólk treysti sér til þess að kæra kynferðisbrot.

Kært til lögreglu

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	337	79,7%
Já	56	13,2%
Óvíst	5	1,2%
Óþpl. vantar	25	5,9%
Alls	423	100%



Ég leyfi mér að setja hér inn dæmi um fordóma gagnvart brotaþolnum, en þar er um að ræða beina tilvitnun í fyrrverandi yfirmann kynferðisbrotadeildarinnar Björgvin Björgvinsson þar sem hann segir í viðtali við DV 16.08.2010:

“Flest nauðgunarmál sem berist lögreglunni séu misbeitingarmál, sem felast í því að viðkomandi sé í of annarlegu ástandi til að geta varist nauðguninni”

Oftar en ekki eru þessi mál tengd mikilli áfengisnotkun og ekki á ábyrgð neins nema viðkomandi sem er útsettur fyrir því að lenda í einhverjum vandræðum. Það er erfitt hvað það er algengt að fólk bendir alltaf á einhverja aðra og reynir að koma ábyrgðina yfir á þá. Fólk ætti kannski að líta oftar í eigin barm og bera ábyrgð á sjálfu sér.”

Á síðasta ári réðu Stigamót sérfræðing í mannréttindum fatlaðs fólks. Vitað er að ofbeldi gagnvart fötlðu fólki er meira en gagnvart öðrum og að erfðara er að ná fram dómum í þeim

málum vegna þess að fatlað fólk er ekki alltaf talið gefa skýra vitnisburði. Við þvi þarf að bregðast og finna leiðir til þess að mæta fötluðu fólki af meiri skilningi.

Stígamót bjóðast til þess að koma að árlegri fræðslu til lögreglunema

Mikilvægur þáttur í að auka skilning lögreglumanna á liðan og afleiðingum ofbeldisins er að í náminu sé farið ítarlega yfir þessi mál. Viðhorf lögreglunnar verða að endurspegla skilning og virðingu gagnvart brotaþolum. Í gegnum árin hefur talskonu Stígamóta nokkrum sinnum verið boðið að halda tveggja tíma fyrirlestra um kynferðisofbeldi í Lögregluskólanum. Fræðsla um þessi mál þarf að vera ítarleg og hluti af skyldunámi allra lögreglumanna.

Einn liður í slíkri fræðslu gæti verið heimsókn til þeirra sem vinna með brotaþolum. Námsferðir til Stígamóta, á Neyðarmóttöku vegna nauðgana og til Kvennaathvarfsins. Stígamót treysta sér vel til þess að koma að árvissri fræðslu til allra lögreglunema, hvort sem væri í skólanum, eða á Stígamótum.

Rannsóknir á meðferð kynferðisbrota og vinnuþvingu lögreglu þarf að nýta til úrbóta

Að lokum bendi ég á mikilvægar rannsóknir tveggja fræðikvenna, sem hafa ber í huga við endurskipulagningu á menntun lögreglumanna.

Hildur Fjóra Antonsdóttur hefur gert ítarlegar rannsóknir á meðferð kynferðisbrota, en fyrri hluti þeirrar rannsóknar var líka unninn af Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, sjá nánar: <https://edda.hi.is/report-views-of-professionals-working-on-rape-cases-within-the-criminal-justice-system-and-suggestions-for-improvements/>

Úr rannsóknnum Hildar Fjólu koma fram eftirfarandi punktar sem þurfa að vera í lagi með hennar eigin orðum:

- Yfirheyrslutækni í kynferðisbrotamálum skiptir gríðalega miklu máli. Bæði hvað varðar ólíka brotaþola (konur, karlar, ungt fólk, fólk með fatlanir, fólk með ólíkar kynhneigðir etc). Það sama gegnir um gerendurna og þar þarf sérstaklega að hafa í huga að fæstir gerenda eru úr hópi "hefðbundinna glæpamanna" sem getur haft þýðingu fyrir yfirheyrslutækni.
- Sálræni og félagslegir þættir, þ.e. áhrif ofbeldisins á fólk og hvernig fólk getur brugðist misjafnlega ("ólógískt") við, skömmin etc. Bæði hvað varðar kynferðisofbeldi og ekki síst heimilisofbeldi. Og hvernig hægt er að taka þessa þætti til greina við rannsókn málanna án þess að veikja rannsóknina.
- Svo eru þættir varðandi stjórnun innan lögreglunnar og skipulag við rannsóknir málanna sem verður að huga að.

Finnborg Salóme Steinþórsdóttir skrifaði meistararitgerð um Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar. Í fjórða kafla er fjallað sérstaklega um lögregluna, sjá nánar: http://skemman.is/stream/get/1946/17014/39643/1/FSS_MA.pdf

Síðar gerði Finnborg Salóme rannsókn undir heitinu „Vinnumenning og kynjatengsl lögreglunnar, af hverju eru konur svo fámennar meðal lögreglumanna?“ þar sem m.a. kom fram að um þriðjungur lögreglukvanna hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni innan lögreglunnar. Á bls. 107 leggur Finnborg Salóme fram tillögur til úrbóta og þar er auðvitað áhersla á vitundarvakningu og aukna þekkingu innan lögreglunnar. Hér er slóð á rannsóknina: <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Vinnumenning-og-kynjatengsl-1-%C3%B6greglunnar-%C3%BAtg.-2013.pdf>

Eftir útkomu skýrslunnar sendi Kvenréttindafélagið frá sér fréttatilkynningu sem hér fylgir með:

Kvenréttindafélag Íslands skorar á embætti

ríkislögreglustjóra að fjölga konum innan lögreglunnar

Kvenréttindafélag Íslands skorar á embætti ríkislögreglustjóra að fjölga konum innan lögreglunnar, sérstaklega í yfirmannsstöður.

Það hallar undir konur á öllum sviðum innan lögreglunnar og fæð kvenna í æðstu embættum lögreglunnar er sláandi. Í upphafi þessa árs gegndu 23 karlar stöðu yfirlögregluþjóns á landinu, en engin kona. 21 karl er aðstoðaryfirlögregluþjónn, en tvær konur.

Konur eru aðeins um 12.6% starfandi lögreglumanna, en hlutfall þeirra af brautskráðum nemendum úr Lögregluskólanum er mun hærra. Skýringin er tvíþætt: konur sem útskrifast úr Lögregluskólanum ráðast síður til starfa innan lögregluembætta landsins en bekkjarbræður þeirra, og þær sem ráðnar eru til löggæslustarfa eru líklegri til að hverfa úr starfi en karlkyns samstarfsmenn þeirra.

Í október 2013 var kynnt skýrsla um vinnumenningu innan lögreglunnar sem Finnborg Salóme Steinþórsdóttir vann í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra og Háskóla Íslands. Niðurstöður þessarar skýrslu benda til að gjörbreyta þurfi starfi og skipulagningu lögregluembættanna á Íslandi.

Þar kom í ljós að tæplega þriðjungur kvenna í lögreglunni hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt hjá lögreglunni. Áreitnin var af hálfu samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna og utanaðkomandi aðila.

Í skýrslunni, sem byggð er á könnunum og viðtölum við lögreglumenn, kemur einnig skýrt fram að konur telja sig ekki hafa aðgengi að efstu starfsstigum lögreglunnar, og að þær séu af samstarfsmönnum sínum taldar síður hæfar til lögreglustarfa en karlar. [Hægt er að lesa skýrsluna í fullri lengd hér.](#)

Ísland er það land í heimi þar sem jafnrétti kynja er talið hvað mest og er efst á lista Alþjóðaviðskiptaráðsins (WorldEconomic Forum) yfir þau ríki heims þar sem bil á milli kynjanna er minnst. Á Íslandi er jafnrétti kynjanna vel tryggt í lögum. Engu að síður er aðstöðumunur kynjanna enn mikill hér á landi og dæmi um þann mun er að þegar borgarar eiga samskipti við verði laganna, þá mæta þeim nánast eingöngu karlmenn.


Kvenréttindafélag Íslands krefst þess að yfirvöld og embætti ríkislögreglustjóra beiti sér skilvirkt og einbeitt að því að fjölga konum innan lögreglunnar, að fjölga konum innan efstu starfsstiga lögreglunnar, og að því að bæta starfsskilyrði kvenna og karla innan lögreglunnar svo allir lögreglumenn geti starfað óhultir frá einelti og áreitni samstarfsmanna sinna.

2014 Kvenréttindafélag Íslands

Ef nánari upplýsinga eða útskýringa er óskað er sjálfsagt að hafa samband við undirritaða sem óskar góðs gengis við að bæta og lengja nám lögreglumanna.

f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir
talskona Stígamóta



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000
postur@irr.is

Júní 2015
www.innanrikisraduneyti.is